

# Staðalímyndir í háskólum

Samantekt ásamt tillögum að aðgerðum til að jafna hlutfall kynja í háskólanámi á Íslandi

Dr. Laufey Axelsdóttir

Febrúar 2023

Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna  
Í samstarfi við Stjórnarráðið – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Útgefandi:**

Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna í samstarfi við  
Stjórnarráðið – Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

**Höfundur**

Laufey Axelsdóttir

Nýdكتور í kynjafræði við Háskóla Íslands



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Efnisyfirlit

Útdráttur .....	10
Tillögur að aðgerðum og úrbótum .....	11
Inngangur .....	13
<b>1. Nemendur á Íslandi .....</b>	<b>16</b>
1.1 Framhaldsskólanemar á Íslandi.....	16
1.2 Háskólanemar á Íslandi .....	23
1.2.1 Háskóli Íslands.....	34
1.2.2 Háskólinn á Akureyri .....	43
1.2.3 Háskólinn á Bifröst .....	48
1.2.4 Háskólinn á Hólum .....	51
1.2.5 Háskólinn í Reykjavík.....	54
1.2.6 Landbúnaðarháskóli Íslands.....	57
1.2.7 Listaháskóli Íslands.....	60
1.3 Alþjóðlegt samhengi .....	63
1.3.1 Evrópa .....	65
1.3.2 Norður-Ameríka .....	67
1.3.3 Norðurlöndin.....	69
1.4 Mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda .....	71
1.4.1 Brotthvarf úr framhaldsskólum og slakur námsárangur.....	72
1.4.2 Brotthvarf úr háskólum: Skortur á stuðningi, áreitni og ofbeldi.....	74
1.4.3 Kynbundið námsval: Kynhlutverk og kynjaðar væntingar .....	76
1.5 Samantekt .....	80
<b>2. Aðgerðir sem hafa verið unnar á Íslandi .....</b>	<b>83</b>
2.1 Lagalegur grunnur jafnréttisstarfs við háskólanna .....	83
2.2 Jafnréttisáætlanir háskólanna.....	85

2.2.1 Jafna kynjahlutfall nemenda .....	86
2.2.2 Staða nemenda með erlendan bakgrunn .....	87
2.2.3 Verkferlar í háskólum gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni .....	88
2.3 Verkefni til að jafna námsval kynjanna .....	90
2.3.1 Átaks- og hvatningarverkefni til að jafna námsval á grunn- og framhaldsskólastiginu .....	91
2.3.2 Átaks- og hvatningarverkefni til að jafna námsval kynjanna á háskólastiginu .....	92
2.3.3 Leiðbeiningar fyrir fagaðila og sérfræðinga .....	103
2.4 Afrakstur helstu aðgerða sem hafa verið unnar .....	104
2.4.1 Hluttur kvenna og karla í helstu áhrifastöðum atvinnulífsins .....	104
2.4.2 Kynjahlutfall leikskólakennara og hjúkrunarfræðinga .....	107
2.4.3 Kynjahlutfall í STEM greinum .....	109
2.5 Samantekt .....	112
<b>3. Aðgerðir sem hafa verið unnar erlendis .....</b>	<b>114</b>
3.1 Unnið gegn staðalímyndum .....	114
3.2 Fjölgun karla í leikskólakennaranámi .....	123
3.3 Kynjastig (e. <i>gender points</i> ) .....	124
3.4 Aðgerðir til að jafna tækifæri til náms .....	124
3.4.1 Sveigjanlegt námskerfi .....	124
3.4.2 Samstarf milli skólastiga og meiri jöfnuður í menntun .....	126
3.4.3 Efnahagsleg staða og uppruni barna og ungmenna .....	126
3.5 Samantekt og greining á því hvað hefur borið árangur .....	130
<b>4. Ítarlegar tillögur að aðgerðum og úrbótum á grundvelli samantektar .....</b>	<b>133</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>142</b>

## Myndaskrá

Mynd 1. Brautskráning úr Háskóla Íslands í febrúar 2020. Mynd/Kristinn Ingvarsson .....	13
Mynd 2. Frá útskrift í Háskólanum á Akureyri sumarið 2019. Mynd/Háskólinn á Akureyri .....	16
Mynd 3. Skráðir nemendur á framhaldsskólastigi 1997-2020.....	17
Mynd 4. Brautskráðir nemendur af framhaldsskólastigi 1995-2020.....	17
Mynd 5. Hlutfall karla af brautskráðum nemendum á framhaldsskólastigi eftir próftegund. ....	18
Mynd 6. Brautskráðir stúdentar 1847-2020.....	19
Mynd 7. Brautskráningar og brotthvarf nemenda sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016. .	20
Mynd 8. Mannfjöldi á Íslandi á árunum 2000-2022.....	21
Mynd 9. Nemendur með erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.....	21
Mynd 10. Brautskráningar nemenda með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.....	22
Mynd 11. Brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.....	22
Mynd 12. Nýnemar í háskólanámi 1997-2017.....	23
Mynd 13. Nemendur í háskólanámi 1997-2020.....	24
Mynd 14. Brautskráningar á háskólastigi 1995-2020.....	24
Mynd 15. Brautskráningar og brotthvarf nema sem voru innritaðir í háskóla 2004, 2011 og 2014. ...	25
Mynd 16. Brautskráningar á doktorsstigi 1995-2020.....	26
Mynd 17. Hlutfall karla og kvenna í háskólanámi eftir aldursflokkum 1997-2020.....	26
Mynd 18. Kynjahlutfall nemenda í háskólanámi eftir námstigi árið 2020.....	29
Mynd 19. Kynjahlutfall nemenda í stuttri hagnýtri diplómagráðu 1997-2019.....	29
Mynd 20. Kynjahlutfall nemenda í grunnnámi 1997-2019.....	30
Mynd 21. Kynjahlutfall nemenda á meistarastigi 1997-2019.....	30
Mynd 22. Kynjahlutfall nemenda á doktorsstigi 1997-2019.....	31
Mynd 23. Brautskráningar karla og kvenna á háskólastigi með erlendan bakgrunn 1995-2020. ....	32
Mynd 24. Brautskráningar og brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í háskóla 2011 og 2014.....	33
Mynd 25. Kynjahlutfall nemenda í öllum háskólum Íslands árið 2022.....	34
Mynd 26. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands frá stofnun skólans árið 1911 og með 10 ára millibili til ársins 2021.....	35
Mynd 27. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands 2017-2022.....	36
Mynd 28. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands í október 2022 eftir fræðasviðum og deildum.	37

Mynd 29. Brottfall nemenda sem innritast í nám á gefnu skólaári (2012-2021).....	42
Mynd 30. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri á árunum 1987-2017 (10 ára millibil). ....	43
Mynd 31. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri 2017-2022.....	44
Mynd 32. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri í október 2022 eftir fagsviðum. ....	44
Mynd 33. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri í október 2022 eftir fræðasviðum. ....	45
Mynd 34. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri árið 2022 eftir fræðasviðum og deildum..	46
Mynd 35. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst á árunum 1989-90, 1999-00, 2010 og 2020. .....	49
Mynd 36. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst 2017-2022.....	49
Mynd 37. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst árið 2022 eftir deildum.....	50
Mynd 38. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Hólum 2017-2022. ....	52
Mynd 39. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Hólum 2022 eftir deildum.....	52
Mynd 40. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árin 2007 og 2017-2022. ....	55
Mynd 41. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árið 2022 eftir deildum. ....	55
Mynd 42. Kynjahlutfall nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands á árunum 2005, 2015 og 2017- 2022. ....	58
Mynd 43. Kynjahlutfall nemenda í Landbúnaðarháskóla Íslands í október 2022 eftir deildum.....	58
Mynd 44. Kynjahlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands árið 2009 og 2017-2022. ....	60
Mynd 45. Kynjahlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands 2022 eftir deildum. ....	61
Mynd 46. Hlutfall 25-64 ára sem hefur ekki lokið menntun á framhaldsskólastigi. ....	63
Mynd 47. Hlutfall 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi. ....	64
Mynd 48. Hlutfall 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi.....	64
Mynd 49. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 í Evrópu sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi. ....	65
Mynd 50. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Evrópu sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi. ....	66
Mynd 51. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Norður-Ameríku og á Íslandi sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi.....	68
Mynd 52. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Norður-Ameríku og á Íslandi sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi. ....	68
Mynd 53. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á Norðurlöndunum á aldrinum 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi.....	70
Mynd 54. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á Norðurlöndunum á aldrinum 25-64 sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi. ....	70

Mynd 55. Frá stelpur í tækni í Háskólanum í Reykjavík árið 2022. Mynd/Skúli Andrésson .....	83
Mynd 56. Hlutfall karla og kvenna í helstu áhrifastöðum samfélagsins 2000-2009.....	105
Mynd 57. Hlutfall karla og kvenna í helstu áhrifastöðum samfélagsins 2017-2022.....	106
Mynd 58. Brautskráningar úr grunn- og meistaranámi í leikskólakennarafræðum 2000-2020. ....	107
Mynd 59. Brautskráningar úr grunnnámi í hjúkrun 2000-2020.....	108
Mynd 60. Brautskráðar konur úr grunnnámi í eðlisfræði 2000-2020.....	110
Mynd 61. Brautskráðar konur úr grunnnámi í stærðfræði 2000-2020.....	110
Mynd 62. Brautskráðar konur úr grunnnámi í tölvunarfræði 2000-2020.....	111
Mynd 63. Brautskráðar konur úr grunnnámi í mannvirkja og byggingarverkfræði 2000-2020.....	111
Mynd 64. Leikskólabörn erlendis. Mynd/Pexels .....	114
Mynd 65. Brautskráningar úr BA námi í leikskólakennarafræðum í Noregi 2010-2011 og 2020-2021. .....	123

## Töfluskrá

Tafla 1. Kynjahlutfall nemenda í háskólum á Íslandi eftir námsbraut á árunum 1976-2006.....	27
Tafla 2. Kynjahlutfall nemenda í háskólum á Íslandi eftir almennu sviði náms á árunum 2016-2020. 28	
Tafla 3. Fjöldi innflytjenda í háskólum eftir lengd dvalar 2008-2017. ....	31
Tafla 4. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann Íslands árið 2022 eftir kyni, fræðasviðum og námsstigi .....	39
Tafla 5. Flöði og hlutfall brautskráðra nemenda frá HÍ árið 2022 eftir kyni, sviðum og deildum. ....	41
Tafla 6. Brottfall karla og kvenna við Háskóla Íslands á Félagsvísindasvið (FVS), Heilbrigðisvísindasviði (HVS), Hugvísindasviði (HUG), Menntavísindasviði (MVS) og Verk- og náttúruvísindasviði (VON) á gefnu skólaári (2012-2021). ....	43
Tafla 7. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri árið 2022 eftir kyni, fræðasviðum og námsstigi .....	47
Tafla 8. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá HA árið 2022 eftir kyni, sviðum og deildum. ....	48
Tafla 9. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi .....	50
Tafla 10. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Bifröst árið 2022 eftir kyni og deildum .....	51
Tafla 11. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Hólum árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi .....	53
Tafla 12. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Hólum árið 2022 eftir kyni og deildum .....	54
Tafla 13. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi .....	56
Tafla 14. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum í Reykjavík árið 2022 eftir kyni og deildum .....	57
Tafla 15. Fjöldi og hlutfall nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi .....	59
Tafla 16. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni og deildum .....	59
Tafla 17. Fjöldi og hlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi .....	62
Tafla 18. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Listaháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni og deildum .....	62



Tafla 19. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum og kyni: Evrópa.....	67
Tafla 20. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2018 eftir fræðigreinum og kyni: Ísland og Norður-Ameríka .....	69
Tafla 21. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum og kyni: Norðurlöndin	71
Tafla 22. Brottfall karla og kvenna sem innritast í Hjúkrunar-og ljósmóðurfræðideild og Deild kennslu og menntunarfræða við Háskóla Íslands á gefnu skólaári.....	109
Tafla 23. Brottfall karla og kvenna sem innritast í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild og Raunvísindadeild við Háskóla Íslands á gefnu skólaári.....	112

## Útdráttur

Þessi skýrsla er unnin af Laufeyju Axelsdóttur, nýdoktor í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, fyrir samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna, með styrk frá Stjórnarráðinu – Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skýrslan er liður í framkvæmd samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa á verkefni 1.7 um *Samstarf jafnréttisfulltrúa háskóla* í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum 2020-2023 og aðgerð 1.4 í jafnréttisáætlun HÍ 2021-2023, *Kynjahlutfall nemenda*. Markmið verkefnisins er að kanna mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda í háskólum og hvort kynbundnar staðalímyndir hafi þar áhrif. Einnig að taka saman fyrirliggjandi aðgerðir á Íslandi og erlendis til að jafna hlutfall kynja og að leggja fram tillögur að úrbótum. Niðurstöðurnar sýna að strax á framhaldsskólastiginu eru áherslur karla og kvenna í námsvali ólíkar sem fylgir þeim inn í háskólanámið. Þrátt fyrir öflugan lagaramma, jafnréttisáætlanir og fjölbreytt átaks- og hvatningarverkefni sem hrint hefur verið af stað til að jafna námsval kynjanna virðast staðalímyndir um nám og störf enn stuðla að kynbundnu náms- og starfsvali. Þá sýna niðurstöðurnar að brotthvarf úr námi er meira meðal karla en kvenna, bæði í framhalds- og háskólum og fleiri konur brautskrást af báðum skólastigunum. Aftur á móti virðist slakt gengi drengja í skólum, brotthvarf þeirra úr námi og lægra menntunarstig karla en kvenna hafa takmörkuð áhrif á tækifæri þeirra á vinnumarkaðnum. Dregið hefur úr áhrifum menntunar á laun og karlar eru enn í meirihluta í forystustörfum atvinnulífsins. Mikilvægt er að leita leiða til að vinna gegn hugmyndum um kynhlutverk og kynbundnum staðalímyndum um nám og störf. Slíkar hugmyndir geta komið í veg fyrir jafna möguleika einstaklinga til námsvals, starfsframa, lífsafkomu og áhrifa. Öflugar aðgerðir og úrbætur í skólasamfélaginu með stuðningi stjórnvalda geta unnið gegn félagslegum hindrunum, stuðlað að auknu menntunarstigi í landinu og skapað tækifæri fyrir alla í samfélaginu. Byggt á niðurstöðum samantektarinnar, fræðilegri umfjöllun og alþjóðlegum aðgerðum eru kynntar tillögur að aðgerðum og úrbótum.

## Tillögur að aðgerðum og úrbótum

Nánari útfærsla á hverri og einni tillögu má finna í kafla 4 (*Ítarlegar tillögur að aðgerðum og úrbótum á grundvelli samantektar*).

- **Kynjafræðimenntun.** Hvatt er til aðgerða sem tryggja að kennaranemar, starfandi kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum öðlist menntun í kynjafræði. Jafnframt að huga að því að kynjafræði verði hluti af menntun leik-, grunn- og framhaldsskólanema. Þekking á ýmsum mismunabreytum eins og t.d. kyngervi, uppruna, fötlun, kynhneigð og kynvitund er þýðingarmikill þáttur í átt að jafnara samfélagi. Hvatt er til samstarfs Menntavísindasviðs HÍ og námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands.
- **Vinna gegn kynbundnum staðalímyndum á öllum sviðum og á öllum skólastigum.** Háskólarnir eru hvattir til að fara í samtal við skólasamfélagið allt, stjórnvöld og sveitarfélög og finna leiðir til að hafa áhrif á væntingar um kynhlutverk og vinna gegn kynbundnum staðalímyndum á öllum skólastigum. Með

- **heildstæðri nálgun** sem nær til nemenda, kennara, stjórnenda, annars starfsfólks og foreldra væri hægt að takast á við kynbundnar staðalímyndir um náms- og starfsval og draga um leið úr líkum á því að menning þar sem ríkir umburðarlyndi fyrir kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni nái fótfestu.
- **Vinna sérstaklega gegn kynbundnum staðalímyndum í hjúkrun, leikskólakennaranámi og STEM greinum (vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði).** Hvatt er til öflugs **kynningarstarfs** í skólum á hjúkrunarfræðinámi, leikskólakennaranámi og námi í STEM greinum til að vinna gegn hugmyndum um kynhlutverk og kynbundnum staðalímyndum um nám og störf. Liður í þeirri vinnu væri að rannsaka reynslu kvenna og karla af námi á þessum sviðum sem og menningu deildanna. Mikilvægt er að huga að aðgerðum til lengri tíma, einkum í kennslu og

hjúkrun þar sem hlutfall kvenna er enn í miklum meirihluta.

- **Sveigjanlegt námskerfi.** Háskólar eru hvattir til að skoða hvort **opnar leiðir til háskólanáms** – ódýrar og með engum inntökuskilyrðum – henti breiðum hópi nemenda sem annars sæki kannski ekki um nám í háskóla, t.d. efnaminni nemenda, nemenda með erlendan bakgrunn, fatlaðra nemenda og karla.
- **Stuðningur við efnaminni nemendur og samstarf milli skólastiga.** Háskólarnir eru hvattir til að ná til nemenda úr efnaminni fjölskyldum þar sem engin reynsla er af háskólamenntun til að draga úr líkum á brotthvarfi nemenda úr þessum hóp og stuðla að jafnari tækifærum til menntunar.
- **Stuðningur við nemendur með innflytjendabakgrunn og samstarf milli skólastiga.** Allt háskólasamfélagið er hvatt til að styðja við og undirbúa efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms til að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar og auka fjölbreytni í nemendahópum skólanna.

- **Aðgengi að grunnámi í tungumálum.** Háskóli Íslands er hvattur til að skoða hvort sænska verkefnið Mammaforum geti nýst sem fyrirmynd til að því að veita fólki, sem af ýmsum ástæðum getur ekki tekið þátt í hefðbundnum kennsluformum á íslensku, aðgang að grunnámi í tungumálum.
- **Aðgengi að menntun í háskólum fyrir flóttafólk og hælisleitendur.** Háskólarnir eru hvattir til að bregðist við breyttri samfélagsstöðu, taka afstöðu og bjóða flóttafólki og hælisleitendum aðgengi að menntun í háskólunum. Þannig geta skólarnir stuðlað að jafnari tækifærum í samfélaginu og séð til þess að þættir eins uppruni, kynþáttur, þjóðerni, bakgrunnur, kynvitund og kynhneigð takmarki ekki möguleika fólks á menntun.
- **Skráning og miðlun upplýsinga um nemendur með erlendan bakgrunn.** Háskólarnir eru hvattir til að bæta skráningu og miðlun upplýsinga um nemendur með erlendan bakgrunn til að hægt sé að fylgist með þróuninni á stöðu þessa hóps.

## Inngangur



**Mynd 1. Brautskráning úr Háskóla Íslands í febrúar 2020. Mynd/Kristinn Ingvarsson**

Skýrsla þessi er liður í framkvæmd samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa á aðgerð 1.7 um *Samstarf jafnréttisfulltrúa háskóla* í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum 2020-2023 og aðgerð 1.4 í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023, *Kynjahlutfall nemenda*. Í framkvæmdaáætlun stjórnvalda kemur fram að samstarfsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna eigi að halda áfram starfi sínu, m.a. með skoðun staðalímýnda í háskólum (Stjórnarráð Íslands, e.d.-a). Þá kemur fram í aðgerði 1.4 í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands að markmið aðgerðarinnar sé að jafna kynjahlutfall nemenda og að gera eigi úttekt og skilgreina aðgerðir sem stuðla að jafnara kynjahlutfalli í háskólasamfélaginu í samvinnu við samráðsvettvang háskólanna (Háskóli Íslands, 2021). Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa leitaði til Laufeyjar Axelsdóttur, nýdoktor í kynjafræði við Háskóla Íslands til að vinna verkefnið, með styrk frá Stjórnarráðinu – Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í skýrslunni er sett fram greinandi lýsingu á stöðu mála á Íslandi og alþjóðlegu samhengi og teknar saman mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda og þær greindar. Einnig eru teknar saman aðgerðir sem hafa verið unnar á Íslandi til að jafna hlutfall kynja í

háskólanámi og í einstökum greinum sem og aðgerðir sem taka mið af uppruna nemenda eins og hægt er. Þá eru skoðaðar helstu aðgerðir á þessu sviði sem hafa verið unnar erlendis með áherslu á að skoða Norðurlöndin, Evrópu og Norður-Ameríku og að greina hvað hefur borið árangur. Á grundvelli samantektar eru lagðar fram tillögur að aðgerðum og úrbótum sem geta stuðlað að árangri í að jafna kynjahlutföll í háskólanámi, svo og í einstökum greinum þar sem kynjahlutfall er mjög ójafnt. Einnig eru lagðar fram tillögur til að bæta stöðu nemenda með hliðsjón af uppruna þeirra og stéttarstöðu.

Samantektin gefur innsýn í stöðu kynjanna í háskólanámi á Íslandi. Hún byggir á lýsandi tölfræðigögnum sem eru aðgengileg á vefsíðu Hagstofu Íslands, á vefsíðum íslenskra og erlendra háskóla, á vefsíðu OECD (Organisations for Economic Co-operation and Development) og gögnum sem fengin voru hjá háskólunum á Íslandi. Starfsfólk háskólanna fær bestu þakkir fyrir aðstoð við gagna- og upplýsingaöflun. Einnig er stuðst við innlendar og erlendar rannsóknir og skýrslur sem veita upplýsingar um stöðu kynjanna í háskólanámi.

Það er mikilvægt að hafa í huga að það skilgreina sig ekki allir sem karl eða konu og taka þarf mið af þessum margbreytileika. Því miður eru enn sem komið er til takmörkuð gögn sem gera fjölbreytileikann sýnilegan, sem endurspeglast í þessari skýrslu.

---

*Umfjöllunin beinist að miklu leyti að körlum og konum en frá árinu 2022 má finna upplýsingar um karla, konur og kynsegin/annað nemendur í háskólunum. Þá er reynt að varpa ljósi á stöðu nemenda með erlendan bakgrunn í háskólanámi eins mikið og gögn leyfa. Jafnframt þarf að hafa í huga annars konar valdatengsl eins og stéttarstöðu, fötlun, kynvitund og kynhneigð sem hafa áhrif á stöðu nemenda þó ekki sé svigrúm til þess að fjalla um slík tengsl í þessari skýrslu nema að takmörkuðu leyti.*

---

Niðurstöðum samantektarinnar má skipta í fimm kafla. Fyrsti kaflinn er umfangsmestur og skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum er byrjað á því að skoða gögn um skráða nemendur í framhaldsskólum, brautskráningar þaðan og brotthvarf nemenda. Með þessu fæst skýr mynd af hlutfalli nemenda sem skila sér í háskólanám á Íslandi. Í öðrum hlutanum er byrjað á almennri umfjöllun um stöðu og þróun í háskólum á Íslandi þar sem skoðuð eru gögn um

nýnema í háskólanámi, kynjahlutfall nemenda í háskólum, kynjahlutfall nemenda eftir námsbrautum, almennu sviði, námsstigi og aldri og gögn um brottfall og brautskráningar nemenda og bakgrunn. Eftir almenna umfjöllun um stöðu háskólanema er kynjahlutfall skráðra nemenda og brautskráningar í hverjum og einum háskóla skoðað með tilliti til sérstöðu hvers og eins skóla. Fjallað er um þróunina frá því skólarnir voru stofnaðir eða komust á háskólastig og kynjahlutfallið er skoðað út frá fræðasviðum, fagsviðum og/eða deildum, eftir námsstigum og gerð grein fyrir brautskráningum við hvern og einn skóla. Í þriðja hlutanum er menntunarstaða Íslendinga skoðuð í samanburði við önnur OECD lönd á Norðurlöndunum, í Evrópu og Norður-Ameríku. Að lokum eru mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli í háskólanámi, kynjuðu námsvali og brotthvarfi settar í fræðilegt samhengi.

Í öðrum kaflanum er byrjað á því að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem unnar hafa verið af hálfu stjórnvalda og háskólanna á Íslandi til að jafna hlutfall kynja í háskólanámi og í einstökum greinum. Sérstök áhersla er á að skoða lagalegan grunn jafnréttisstarfs í háskólum, jafnréttisáætlanir, verkferla innan háskólanna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni og átaks- og hvatningarverkefni til að jafna námsval kynjanna. Þá er reynt að varpa ljósi á hugsanlegan afrakstur þeirra aðgerða sem unnar hafa verið og þær settar í samhengi við tækifæri kvenna og karla í atvinnulífinu.

Í þriðja kaflanum má finna samantekt á fjölmörgum aðgerðum sem hafa verið unnar erlendis. Fjallað er um verkefni sem lúta bæði að grunn-, framhalds- og háskólastiginu sem leggja áherslu á að draga úr kynbundnu námsvali og auka tækifæri nemenda með erlendan bakgrunn.

Í lokakafli skýrslunnar eru kynntar tillögur að aðgerðum og úrbótum sem byggja á niðurstöðum samantektarinnar, fræðilegri umfjöllun og alþjóðlegum aðgerðum.

## 1. Nemendur á Íslandi



**Mynd 2. Frá útskrift í Háskólanum á Akureyri sumarið 2019. Mynd/Háskólinn á Akureyri**


Í þessum hluta verða skoðuð gögn um skráða nemendur á Íslandi á framhalds- og háskólastiginu, brautskráningar nemenda og brotthvarf þeirra úr námi. Ásamt almennri umfjöllun um háskólanemendur er einnig gerð grein fyrir kynjahlutfalli skráðra nemenda og brautskráningum í hverjum og einum háskóla með tilliti til sérstöðu skólanna. Þá er umfjöllunin sett í alþjóðlegt samhengi og skoðuð með tilliti til annarra OECD landa. Því næst eru mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli í háskólanámi og kynjuðu námsvali settar í fræðilegt samhengi og að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman.

### 1.1 Framhaldsskólanemar á Íslandi

Til að fá skýra mynd af því hvaða nemendur skila sér í háskólanám á Íslandi er vert að byrja á að skoða upplýsingar um skráða nemendur á framhaldsskólastigi og brautskráningar þaðan út frá kyni og bakgrunni nemenda. Á mynd 3 má sjá fjölda og hlutfall skráðra nemenda í framhaldsskólum (í almennu námi og starfsnámi) á tímabilinu 1997-2020 eftir kyni. Á þessu




tímabili er hlutfall skráðra kvenna og karla nokkuð jafnt en þó með örlitlum sveiflum. Hlutfall kvenna fer hæst í 53% árið 2006 en lægst í 48% þar sem það hefur verið síðan 2018. Myndin sýnir einnig að skráðum nemendum fjölgaði jafnt og þétt frá árinu 2000 til 2009 en fækkaði milli 2010 og 2019. Árið 2020 fór sveiflan aftur upp þegar skráðum körlum fjölgaði úr 10.989 í 11.899 og konum úr 10.187 í 10.868 (Hagstofa Íslands, 2021g).




**Mynd 3. Skráðir nemendur á framhaldsskólastigi 1997-2020.**

Mynd 4 sýnir að hlutfallslega fleiri karlar brautskráðust af framhaldsskólastigi á árunum 1995-1999 en síðan þá hafa konur verið hlutfallslega fleiri, eða á bilinu 51-54%. Miðað við það að svipaður fjöldi kvenna og karla stundar nám á framhaldsskólastigi þá gefur þetta vísbendingu um að karlar séu ólíklegri en konur til að ljúka námi sem þeir hefja á þessu skólastigi (Hagstofa Íslands, 2021a).




**Mynd 4. Brautskráðir nemendur af framhaldsskólastigi 1995-2020.**

Þá má sjá á mynd 5 hlutfall karla af brautskráðum nemendum á framhaldsskólastigi með stúdentspróf (almennt eða starfsgreina) og með annað próf af framhaldsskólastigi (t.d. grunnpróf úr iðn, grunnpróf starfsgreina, réttindapróf starfsgreina, burtfararpróf úr iðn og sveinspróf) á árunum 1995-2020. Karlar hafa verið í minnihluta nemenda sem brautskrást með stúdentspróf allan þennan tíma, og var hlutfallið lægst á árunum 2005-2006 (35%) en hæst 2014-2015 (44%). Aftur á móti voru karlar í meirihluta þeirra sem brautskráðust með annað próf af framhaldsskólastigi á þessu tímabili og var kynjamunur mestur skólaárið 1996-1997 þegar hlutfall karla var 71% en minnstur 2011-2012 þegar þeir voru 53% nemenda (Hagstofa Íslands, 2021c).



#### Mynd 5. Hlutfall karla af brautskráðum nemendum á framhaldsskólastigi eftir próftegund.


Mynd 6 sýnir fjölda og hlutfall brautskráðra stúdenta á tímabilinu 1874-2020 eftir kyni og dregur fram að þrátt fyrir að konur séu orðnar fjölmennari í hópi brautskráðra stúdenta þá hefur brautskráðum körlum ekki fækkað heldur hefur þeim fjölgað stöðugt á þessum tíma. Myndin sýnir jafnframt að engar konur voru í námi á framhaldsskólastigi framan af en fyrsta konan brautskráðist á árunum 1896-1900 og árið 1910 voru þær orðnar tvær. Frá þeim tíma fjölgaði brautskráðum konum hægt og bítandi. Á árunum 1911-1920 voru konur 7% brautskráðra nemenda en hlutfallið var orðið 30% á árunum 1941-1950. Brautskráðum konum fjölgaði mikið milli 1961-1970 og 1971-1980, eða úr 1421 (36%) í 4963 konur (50%). Á tímabilinu 1981-1990 voru konur 60% brautskráðra nemenda og hélst hlutfallið þar næstu áratuginu en var komið 58% 2011-2020. Hlutfall kvenna var lægst 2014-2015 (56%) og hæst 2003-2004 (63%) (Hagstofa Íslands, 2021e).



**Mynd 6. Brautskráðir stúdentar 1847-2020.**

Á mynd 7 má sjá upplýsingar sem varpa ljósi á brautskráningar og brotthvarf nemenda á framhaldsskólastigi fjórum árum eftir að þeir voru innritaðir í nám. Hafa þarf í huga að hugmyndin um brotthvarf er flóknari en hún virðist við fyrstu sýn. Hér er stuðst við mælingar Hagstofu Íslands og brotthvarf skoðað fjórum árum eftir að nemendur voru skráðir í fyrsta sinn í nám á framhaldsskólastigi. Þannig er brotthvarf skoðað sem staða (ekki atburður eða ferli) þar sem einstaklingurinn telst horfinn úr námi ef hann hefur innritast í nám en er ekki skráður í nám þegar mælingin er gerð. Þá þarf einnig að hafa í huga það sem Rumberger (2011) bendir á að brautskráningar nemenda og brotthvarf úr námi tengist ekki beint. Nemendur sem hverfa brott úr námi geta útskrifast síðar á meðan aðrir nemendur sem hætta ekki útskrifast jafnvel aldrei (Rumberger, 2011) (sjá nánari umfjöllun um brotthvarf í kafla 1.4.1). Eins og sjá má á mynd 7 hefur hlutfall brautskráðra karla og kvenna aukist jafnt og þétt og hefur brotthvarf nemenda á þessu skólastigi aldrei mælst minna (Hagstofa Íslands, 2022a). Af nýnemum ársins 2016 höfðu um 71% kvenna og 53% karla brautskráðst fjórum árum eftir innritun. Þá höfðu um 25% karla og 15% kvenna hætt námi án þess að útskrifast árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2022a). Mennta- og menningarmálaráðuneytið skoðaði meðal annars áhrif styttingar námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú á brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Í skýrslu ráðuneytisins kemur fram að ef brottfall er skoðað með tilliti til styttingarinnar og miðað við tímabilið fyrir og eftir breytingu á

námstímanum (þ.e. árin 2010 til 2018) hefur árlegt brotthvarf<sup>1</sup> nýnema minnkað um 0,5 prósentustig. Aftur á móti sé ekki hægt að fullyrða um orsakasamhengi þarna á milli (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020b). Hvað varðar ólíka stöðu kynjanna í þessu samhengi þá skýrist brotthvarf drengja úr framhaldsskólum af ólíkum einkunnum kynjanna við lok grunnskóla (Þórdís Hadda Yngvadóttir, 2020) en fylgni milli lokaeinkunna úr grunnskóla og brotthvarfs úr framhaldsskóla er mikil (Forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, 2022).




**Mynd 7. Brautskráningar og brotthvarf nemenda sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.**

Einnig er mikilvægt að skoða stöðuna með tilliti fjölda og hlutfalls íbúa með erlendan bakgrunn<sup>2</sup> en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt á Íslandi seinustu áratugina og voru um 25% af heildarmannfjöldanum árið 2022 (mynd 8) (Hagstofa Íslands, 2022e).


<sup>1</sup> Árlegt brotthvarf vísar til brotthvarfs nýnema haustið eftir að nemandi hefur innritast beint úr grunnskóla í framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020b).

<sup>2</sup> Til að greina stöðu fólks með erlendan bakgrunn voru skoðaðir þeir sem eru fæddir á Íslandi en annað foreldri er erlent, þeir sem tilheyra annarri kynslóð innflytjenda, þeir sem eru fæddir erlendis og annað foreldri er erlent og innflytjendur. Ekki voru teknir með einstaklingar sem eru fæddir erlendis en hafa íslenskan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2022a).



**Mynd 8. Mannfjöldi á Íslandi á árunum 2000-2022.**


Á mynd 9 má sjá nýnema með erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla á árunum 2000-2016 en þeim nemendum hefur fjölgað stöðugt síðan um aldamótin 2000. Framan af var hlutfall innritaðra kvenna örlítið hærra en hlutfall karla en árið 2016 var kynjahlutfallið orðið jafnt (Hagstofa Íslands, 2022a).



**Mynd 9. Nemendur með erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.**


Á mynd 10 og 11 má sjá samanburð á brautskráningum og brotthvarfi nemenda með annars vegar erlendan bakgrunn og hins vegar engan erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla á árunum 2000-2016. Mynd 10 sýnir að fjölgun brautskráninga hefur verið nokkuð stöðug hjá körlum með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn sem og konum með engan erlendan bakgrunn. Meiri sveiflur hafa verið hjá konum með erlendan bakgrunn en síðan 2008 hefur brautskráningum í þessum hóp farið fjölgandi. Af nýnemum

ársins 2016 var hlutfall brautskráðra lang hæst meðal kvenna með engan erlendan bakgrunn (74%) en lægst meðal karla með erlendan bakgrunn (45%) (Hagstofa Íslands, 2022a).



**Mynd 10. Brautskráningar nemenda með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.**

Hvað varðar brotthvarf nemenda sem voru innritaði í framhaldsskóla á árunum 2000-2016 þá sýnir mynd 11 að það dró jafnt og þétt úr því á þessu tímabili bæði hjá nemendum með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn. Af nýnemum ársins 2016 höfðu um 32% karla og 30% kvenna með erlendan bakgrunn og um 23% karla og 12% kvenna með engan erlendan bakgrunn hætt námi án þess að útskrifast árið 2020. Það er því ljóst að brotthvarfið var minnst meðal kvenna með engan erlendan bakgrunn en mesta meðal karla með erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2022a).




**Mynd 11. Brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn og engan erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í framhaldsskóla 2000-2016.**

## 1.2 Háskólanemar á Íslandi


Í þessum hluta verður fjallað um karla og konur í háskólanámi. Lögð verður áhersla á að skoða brautskráningar og brotthvarf kynjanna, aldursdreifingu nemenda, námsval og hlutfall nemenda á hverju námsstigi (bakkalár-, meistara- og doktorsstigi) sem og háskólanemendur með erlendan bakgrunn.

Mynd 12 varpar ljósi á kynjahlutfall nýnema í háskólanámi á Íslandi á árunum 1997 til 2017 en greina má smávægilegar sveiflur í þróuninni. Hlutfall karla hélst í kringum 37-39% þar til 2005 þegar það fór í 40% og í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 fór hlutfall þeirra í 44% árið 2010. Árið 2013 lækkaði það í 41% þar sem það hefur haldist að mestu leyti (Háskóli Íslands, 2018). Þetta 40/60 hlutfall er í takt við hlutfall karla og kvenna sem brautskrást með stúdentspróf (sjá mynd 5 í kafla 1.1) (Hagstofa Íslands, 2018).




### Mynd 12. Nýnemar í háskólanámi 1997-2017.

Þegar kynjahlutfall nýnema er sett í samhengi við heildarfjölda karla og kvenna í háskólanámi á árunum 1997-2020 þá má sjá á mynd 13 að kynjabilið í nemendahópnum eykst eftir aldamótin 2000. Brotthvarf karla úr háskólanámi virðist því hafa verið örlítið meira en brottfall kvenna. Mynd 13 sýnir jafnframt smávægilegar sveiflur í þróuninni. Hlutfall skáðra karla var hæst árið 1997 (40%) en lækkaði svo á næstu árum og hélst nokkuð stöðugt í 36% milli 2002 og 2008. Í kjölfar efnahagshrunsins hækkaði hlutfallið í 37-38% á árunum 2009-2014. Eftir það lækkaði það aftur og var komið niður í 34% árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2021f).



**Mynd 13. Nemendur í háskólanámi 1997-2020.**

Þá breikkar kynjabilið örlítið meira þegar kemur að brautskráningum á háskólastiginu á árunum 1995-2020 (sjá mynd 14). Frá 1998-1999 hafa konur verið yfir 60% brautskráðra nemenda og fór hlutfall þeirra hæst í 68% árin 2004-2005 og 2006-2007. Síðan 2015-2016 hafa konur verið 66-67% brautskráðra nemenda úr háskólanámi (Hagstofa Íslands, 2021b).




**Mynd 14. Brautskráningar á háskólastigi 1995-2020.**

Hvað varðar brottfall nemenda á háskólastiginu þá hefur Hagstofa Íslands safnað gögnum um brautskráningarhlutfall og árangursbrottthvarf í þriggja ára bakkalárnámi á árunum 2004-2020.<sup>3</sup> Mynd 15 sýnir hlutfall nýnema eftir kyni sem voru brautskráðir, hættir í námi eða enn

<sup>3</sup> Taldir eru nýnemar í fullu námi (75% eða meira) og í fyrsta skipti í bakkalárnámi. Aðeins eru taldir nemendur sem eru íslenskir ríkisborgarar. Enn í námi eru þeir sem enn stunda nám en hafa ekki brautskráðst (Hagstofa Íslands, 2022b).



í námi þremur árum eftir innritun þeirra í bakalárnám á árunum 2004, 2011 og 2014. Eins og sjá má eru ákveðnar sveiflur í brautskráningum bæði karla og kvenna á þessu tímabili. Af nýnemum ársins 2011 höfðu hlutfallslega færri konur og karlar (31% karla og 36% kvenna) brautskráðst þremur árum eftir innritun en af þeim sem innrituðust árið 2004 (34% karla og 39% kvenna). Aftur á móti höfðu 36% karla og 40% kvenna sem voru nýnemar árið 2014 brautskráðst þremur árum eftir innritun. Hvað varðar brotthvarf þá dregur aðeins úr því með árunum. Af nýnemum árunna 2011 og 2014 höfðu 27% karla hætt námi þremur árum eftir innritun samborið við 28% af þeim sem hófu nám 2004. Brottfall kvenna jókst aftur á móti lítillega á þessu tímabili en 18% af nýnemum ársins 2004, 21% nýnema ársins 2011 og 22% nýnema ársins 2014 höfðu hætt námi þremur árum eftir innritun. Þá lækkaði hlutfall bæði karla og kvenna sem voru enn í námi þremur árum eftir að þau innrituðust. Af nýnemum ársins 2014 voru 37% karla og 38% kvenna enn í námi þremur árum síðar (Hagstofa Íslands, 2022b).




Nemar innritaðir í háskóla 2004, 2011 og 2014

■ 2004 ■ 2011 ■ 2014


**Mynd 15. Brautskráningar og brotthvarf nema sem voru innritaðir í háskóla 2004, 2011 og 2014.**

Mynd 16 sýnir brautskráningar á doktorsstiginu á árunum 1995-2020 en brautskráðum körlum og konum fjölgaði jafnt og þétt á tímabilinu. Á árunum 1995-1999 brautskráðust aðeins tveir karlar og engin kona og fram til ársins 2013 brautskráðust fleiri karlar (150) en konur (139). Eftir það hefur brautskráðum konum fjölgað mikið og hlutfall þeirra verið rétt undir 60% en það fór hæst í 73% 2016-2017 (Hagstofa Íslands, 2021b).



**Mynd 16. Brautskráningar á doktorsstigi 1995-2020.**

Mynd 17 varpar ljósi á hlutfall karla og kvenna í háskólanámi eftir aldursflokkum á árunum 1997-2020. Eins og sjá má eru hlutfallslega flestir í háskólanámi 25 ára og yngri (52% karla og 43% kvenna) en hlutfallið lækkar jafnt og þétt með hækkandi aldri. Þá eru hlutfallslega fleiri konur en karlar í aldursflokkunum 36-45 ára (15% kvenna og 10% karla) og 46-55 ára (8% kvenna og 5% karla) (Hagstofa Íslands, 2021f).



**Mynd 17. Hlutfall karla og kvenna í háskólanámi eftir aldursflokkum 1997-2020.**

Til að fá skýrari mynd af því hvað er á bakvið ólíka stöðu kynjanna í námi þarf einnig að skoða kynjahlutfallið með tilliti til námsvals. Hagstofa Íslands (2007) hefur tekið saman gögn

um kynjahlutfall nemenda eftir námsbrautum á árunum 1975-2006.<sup>4</sup> Í töflu 1 má sjá að konum fjölgar á öllum námsbrautum og árið 2006 voru þær orðnar mikill meirihluti nemenda í heilbrigðisgreinum (84%). Þá voru konur í meirihluta nemenda í uppeldisfræðum, íþróttum og kennaranámi allt tímabilið en árið 1977 voru þær 63% nemenda og árið 2006 var hlutfallið komið í 83%. Karlar voru aftur á móti í meirihluta nemenda öll þessi ár í náttúrufræði og stærðfræði (67% árið 1977 og 56% árið 2006) og tæknigreinum og verkfræði en þar var hlutfall karla mun hærra en hlutfall kvenna, eða 95% árið 1977 og 77% árið 2006.<sup>5</sup> Samkvæmt þessum upplýsingum hefur námsval karla og kvenna á Íslandi lengi verið kynbundið. Eins og komið verður inn á síðar geta félagslegar hindranir og hugmyndir um kynhlutverk stuðlað að ójöfnum möguleikum einstaklinga til að velja sér nám og menntun virðist skapa körlum og konum ólík tækifæri á vinnumarkaðnum (sjá kafla 1.4.3).

**Tafla 1. Kynjahlutfall nemenda í háskólum á Íslandi eftir námsbraut á árunum 1976-2006.**

	1977		1986		1996		2006	
	KK	Kvk	KK	Kvk	KK	Kvk	KK	Kvk
Tungumál, mannvísindi	49%	51%	35%	65%	34%	66%	34%	66%
Listir	0%	0%	64%	36%	31%	69%	34%	66%
Uppeldisfræði, íþróttir, kennaranám	37%	63%	19%	81%	18%	82%	17%	83%
Samfélagsvísindi, lögfræði	56%	44%	45%	55%	43%	57%	34%	66%
Viðskipta- og hagfræði	77%	23%	60%	40%	60%	40%	45%	55%
Náttúrufræði, stærðfræði	67%	33%	70%	30%	68%	32%	56%	44%
Tæknigreinar, verkfræði	95%	5%	88%	12%	80%	20%	77%	23%
Landbúnaður, matvælafræði, þjónusta	51%	49%	42%	58%	61%	39%	33%	67%
Lækningar, heilbrigðisgreinar	61%	39%	31%	69%	26%	74%	16%	84%

Samhliða auknu hlutfalli kvenna í háskólum landsins verða talsverðar breytingar í lagaumhverfinu sem hafa meðal annars áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og möguleika þeirra til menntunar. Árið 1976 voru fyrstu jafnréttislögin samþykkt og var tilgangur þeirra að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla. Lögin beindust fyrst og fremst að stöðu kynjanna á vinnumarkaði en þar mátti jafnframt finna ákvæði um jafnréttisfræðslu í skólum (Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976). Lögin voru felld úr gildi með lögum um jafna

<sup>4</sup> Talsvert vantar af upplýsingum fyrir árin 1975 og 1976 og er þeim ártölum sleppt í þessari samantekt.

<sup>5</sup> Nánar er fjallað um kynbundið námsvali í kafla 1.4.3.


stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985 en 3. gr. laganna kveður á um að mismunun eftir kynferði sé óheimil. Aftur á móti teljist það ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar. Það má því segja að jafnréttislögin hafi víkkað út möguleika kvenna enda fjölgar konum bæði mikið í háskólanámi á þessum tíma og á vinnumarkaðnum þar sem hlutfall starfandi giftra kvenna fór úr 42% árið 1971 í 79% árið 1991 (Sigríður Vilhjálmsdóttir, 2004).

Tafla 2 sýnir kynjahlutfall nemenda í háskólum á Íslandi eftir almennu sviði náms á árunum 2016-2020. Á meðan hlutfall kvenna helst hátt í menntun (81%) og heilbrigðisvísindum (86%) þá er það orðið jafnara í raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði (58% karlar og 42% konur) sem og verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð (62% karlar og 38% konur) (Hagstofa Íslands, 2021f).

**Tafla 2. Kynjahlutfall nemenda í háskólum á Íslandi eftir almennu sviði náms á árunum 2016-2020.**


	2016		2017		2018		2019		2020	
	KK	Kvk	KK	Kvk	KK	Kvk	KK	Kvk	KK	Kvk
Menntun	20%	80%	20%	80%	19%	81%	22%	78%	21%	81%
Hugvísindi og listir	36%	64%	37%	63%	35%	65%	36%	64%	36%	64%
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði	36%	64%	36%	64%	35%	65%	35%	65%	35%	65%
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði	63%	37%	62%	38%	61%	39%	60%	40%	58%	42%
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð	62%	38%	62%	38%	60%	40%	63%	37%	62%	38%
Landbúnaður og dýralækningar	44%	56%	42%	58%	44%	56%	36%	64%	34%	66%
Heilbrigði og velferð	15%	85%	15%	85%	15%	85%	13%	87%	14%	86%
Þjónusta	31%	69%	38%	62%	36%	64%	37%	63%	38%	62%

Hvað varðar hlutfall kynja eftir námsstigi þá voru konur í meirihluta nemenda á öllum námsstigum árið 2020 (sjá mynd 18). Mestur er munurinn þegar kemur að stuttri hagnýtri diplómagraða þar sem hlutfall karla er aðeins 23%. Þrátt fyrir að karlar séu í minnihluta nemenda á grunnstigi (36%) og meistarstigi (29%) þá dregur verulega úr kynjamun þegar kemur að doktorsstiginu en þar eru karlar 41% nemenda (Hagstofa Íslands, 2021h).




**Mynd 18. Kynjahlutfall nemenda í háskólanámi eftir námstigi árið 2020.**

Myndir 19-22 sýna þróunina á hverju námsstigi fyrir sig á árunum 1997-2019. Eins og sjá má á mynd 19 var enginn nemandi skráður í stutt hagnýtt nám á diplómastigi árið 1997 en eftir aldamótin hafa konur verið í meirihluta nemenda á þessu skólastigi. Konur voru ríflega 70% nemenda á árunum 2001-2007 en hlutfall þeirra lækkar á árunum eftir efnahagshrunið og fer niður í 58% árið 2010. Árið 2019 eru hlutfall kvenna í stuttri hagnýtri diplómagráðu komið upp í 74% (Hagstofa Íslands, 2021i).




**Mynd 19. Kynjahlutfall nemenda í stuttri hagnýtri diplómagráðu 1997-2019.**

Mynd 20 sýnir að kynjahlutfall nemenda í grunnnámi helst nokkuð stöðugt á þessu tímabili þar sem konur voru í kringum 60-64% nemenda en karlar 36-40%. Smávægileg sveifla verður í kjölfar efnahagshrunsins með auknu hlutfalli karla í grunnnámi (Hagstofa Íslands, 2021i).




**Mynd 20. Kynjahlutfall nemenda í grunnnámi 1997-2019.**

Hvað varðar kynjahlutfall nemenda í meistaranámi þá sýnir mynd 21 hæga en stöðuga aukningu kvenna á þessu skólastigi. Hlutfall kvenna fer úr 62% árið 1997 í 70% árið 2019 (Hagstofa Íslands, 2021i).



**Mynd 21. Kynjahlutfall nemenda á meistarastigi 1997-2019.**

Hlutfall karla lækkaði aftur á móti snögglega á doktorsstigi milli 1997 og 2001 eða úr 64% í 45% skráðra nemenda (sjá mynd 22). Hlutfallið heldur áfram að lækka niður í 41% á árunum 2001-2004 en helst svo í kringum 40% næstu árin. Greina má smávægilega sveiflu niður á við á árunum 2010-2016 þar sem hlutfallið fer niður í 38% en það var aftur komið í 41% árið 2019 (Hagstofa Íslands, 2021i).



**Mynd 22. Kynjahlutfall nemenda á doktorsstigi 1997-2019.**

Varðandi nemendur í háskólum á Íslandi með erlendan bakgrunn þá eru takmarkaðar upplýsingar aðgengilegar um þann hóp.<sup>6</sup> Í töflu 3 má finna upplýsingar um fjölda innflytjenda í háskólum eftir lengd dvalar á Íslandi á árunum 2008-2017. En samkvæmt Hagstofu Íslands (2019b) er innflytjandi einstaklingur sem er fæddur erlendis, á foreldra og afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Tafla 3 sýnir að mikill meirihluti nemenda sem flokkast sem innflytjendur höfðu verið á Íslandi í minna en 5 ár, eða um 61-71%. Örlítið lægra hlutfall nemenda í þessum hóp hafði verið á Íslandi í 5-9 ár (11-17,5%) samanborið við þá sem höfðu verið hér í meira en 9 ár (14-23%) (Hagstofa Íslands, 2019b).


**Tafla 3. Fjöldi innflytjenda í háskólum eftir lengd dvalar 2008-2017.**

	Minna en 5 ár		5-9 ár		Meira en 9 ár		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
2008	768	69%	194	17,5%	150	15,5%	1112
2009	893	71%	177	14%	186	15%	1256
2010	1025	72%	209	14%	198	14%	1432
2011	993	68%	196	13,5%	268	18,5%	1457
2012	1010	66%	230	15%	298	19%	1538
2013	1023	65%	260	16%	302	19%	1585
2014	1056	65%	281	17%	287	18%	1624
2015	918	61%	234	16%	342	23%	1494
2016	1121	67%	219	13%	327	20%	1667
2017	1134	66%	193	11%	395	23%	1722

<sup>6</sup> Til dæmis er ekki að finna skýrar upplýsingar skráða nemendur eftir bakgrunni og kyni sem og upplýsingar um fjölda eða hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn eftir námsstigum, sviði náms og kyni.








**Mynd 24. Brautskráningar og brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn sem voru innritaðir í háskóla 2011 og 2014.**

Í dag eru sjö skólar á háskólastigi, þ.e. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Þá ber að geta þess að Endurmenntun Háskóla Íslands hefur verið starfrækt síðan 1983 með margþætt tengsl við íslenskt samfélag. Hlutverk Endurmenntunar er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi og vinnur stofnunin með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum að því að miðla þekkingu háskólans til samfélagsins. Endurmenntun byggir á eigin tekjum sem þýðir að nemendur þurfa að borga fyrir námið sem það sækir hvort sem þeir eru skráðir í stök námskeið eða á námsbrautir. Einhverjir geta þó átt rétt á styrkjum frá stéttarfélagum (Endurmenntun HÍ, e.d.). Í Háskólanum í Reykjavík er starfræktur Opinn háskóli þar sem boðið er upp á um 150 lengri og styttri námskeið fyrir stjórnendur og sérfræðinga úr atvinnulífinu sem vilja efla færni sína og bæta árangur sinn. Nemendur geta stundað námið samhliða vinnu og mikið af námskeiðunum eru á stafrænu formi en það hefur verið megináhersla á það form síðan 2020 (Háskólinn í Reykjavík, 2022). Þá er Endurmennt á Bifröst þar sem eru í boði fjölbreytt námskeið fyrir fólk sem vill efla þekkingu sína og hagnýta færni. Í boði eru bæði ECTS einingarbær námskeið þar sem gerð er krafa um stúdentspróf eða sambærilega menntun og almenn hagnýt námskeið með þverfaglegu sniði (Háskólinn á Bifröst, e.d.).

Áður en fjallað verður um hvern og einn háskóla er vert að bera saman kynjahlutfall nemenda í öllum sjö háskólunum á Íslandi árið 2022. Mynd 25 sýnir að aðeins í Háskólanum í Reykjavík eru karlar hlutfallslega fleiri en konur, eða rúmlega 57%. Þar á eftir er hlutfall

þeirra hæst í Listaháskólanum (38%) og Háskólanum á Hólum (33%). Hlutfallslega fæstir karlar eru í Háskólanum á Akureyri (21,33%). Í öðrum háskólum er hlutfall karla á bilinu 29-32%. Hlutfall kynsegin nemenda í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskólanum er undir 1% (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember; Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 1. desember 2022; Háskóli Íslands, 2022b; Ólöf Ýrr Atladóttir, munnleg heimild, 7. júlí 2022; Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022; Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 1. nóvember 2022; Þórunn Edda Bjarnadóttir, munnleg heimild, 2. nóvember 2022)<sup>7</sup>.




**Mynd 25. Kynjahlutfall nemenda í öllum háskólum Íslands árið 2022.**

### 1.2.1 Háskóli Íslands

Háskóli Íslands (HÍ) var stofnaður 17. júní árið 1911 en fyrsta háskólaárið (1911-1912) voru 45 nemendur við skólann og þar af ein kona (Háskóli Íslands, e.d.-b). Á mynd 26 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við skólann frá stofnun hans 1911 og með 10 ára millibili til ársins 2021. Með lögum um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta nr. 37/1911 var meðal annars kveðið á um að konur ættu að fá sama rétt og karlar til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins. Þrátt fyrir það voru konur

<sup>7</sup> Auðbjörg Jakobsdóttir, þjónustustjóri upplýsingatækni við Háskólann á Bifröst; Guðrún Ragna Hreinsdóttir, gæðastjóri kennsluviðs við Háskólann í Reykjavík; Ólöf Ýrr Atladóttir, sviðsstjóri rannsókna, nýsköpunar og kennslu við Háskólann á Hólum; Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, námsráðgjafi við Listaháskóla Íslands; Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar við Háskólann á Akureyri; Þórunn Edda Bjarnadóttir, deildarfulltrúi kennsluskrifstofu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

framan af í miklum minnihluta nemenda við HÍ. Nær eingöngu karlar voru við nám í skólanum fyrstu áratugin en eins og sjá má á mynd 26 var hlutfall kvenna komið í 13% árið 1941. Hlutfall þeirra jókst hægt og rólega næstu áratugin og milli 1971 og 1981 má sjá ákveðinn kipp í þróuninni þegar hlutfallið fór úr 42% í 58%. Líklega má að einhverju leyti rekja það til þess að árið 1980 samþykkti Alþingi lög nr. 97/1980 um fæðingarorlof sem kváðu á um rétt foreldra til þriggja mánaða fæðingarorlofs (Frumvarp til laga um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum). Með lögnum aukast tækifæri kvenna á opinbera sviðinu. Árið 1985 var kynjahlutfallið nokkurn vegin jafnt (karlar 49,9% og konur 50,1%) en eftir það hefur hlutfall kvenna aukist jafnt og þétt og stóð í 68% árið 2021 (Björn Gíslason<sup>8</sup>, munnleg heimild, 19. júní 2022).




**Mynd 26. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands frá stofnun skólans árið 1911 og með 10 ára millibili til ársins 2021.**

Þegar þróunin er skoðuð á árunum 2017-2022 má sjá á mynd 27 að hlutfall karla lækkar jafnt og þétt á þessu tímabili úr 34% árið 2017 í tæplega 32% árið 2022. Þann 20. október 2022 voru 13.967<sup>9</sup> nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 31,6% karlar og 68,3% konur og 0,1% kynsegin/annað nemendur (þetta er í fyrsta skiptið sem birtar eru upplýsingar hjá HÍ um hlutfall nemenda með skráninguna kynsegin/annað). Kynjahlutfall nemenda í dag er því gjörbreytt frá því skólinn var stofnaður (Háskóli Íslands, 2022b).

<sup>8</sup> Björn Gíslason, kynningar- og vefritstjóri Háskóla Íslands.


<sup>9</sup> ATH: Skráðir voru 13.967 nemendur á 14.254 ferla þann 20. október 2022 en einstaklingur getur verið skráður á fleiri en eina námsleið. Inni í þessum tölum eru einnig 299 skiptinemar frá öðrum skólum og 199 nemendur sem eru á námsleiðum sem leiða ekki til gráðu frá HÍ (gestanemar, símenntun o.fl.) (Háskóli Íslands, 2022b).



**Mynd 27. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands 2017-2022.**

Nýtt skipulag og stjórnkerfi tók gildi árið 2008 í HÍ og á þeim tíma sameinaðist skólinn einnig Kennaraháskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d.-b) og stækkaði við það um fjórðung (Magnús Guðmundsson, 2011). Við sameininguna urðu fræðasviðin fimm, þ.e. Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verk- og náttúruvísindasvið (Háskóli Íslands, e.d.-b) og boðið er upp á nám í 26 deildum. Einnig er hægt að stunda þverfræðilegt framhaldsnám í skólanum (sjá mynd 28). Eins og sjá má á mynd 28 eru konur í meirihluta nemenda á öllum fræðasviðum nema Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Á Félagsvísindasviði eru karlar um 32% nemenda en kynjahlutfallið er misjafnt eftir hinum sex deildum sviðsins. Á meðan karlar eru einungis 7% skráðra nemenda í Félagsráðgjafardeild þá eru þeir 67% nemenda í Hagfræðideild. Þá er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í Viðskiptafræðideild (44% karlar og 56% konur) og Lagadeild (41% karlar og 59% konur). Á Hugvísindasviði er staðan svipuð og á Félagsvísindasviði en karlar eru um 34% skráðra nemenda sviðsins. Fjórar deildir eru á sviðinu og í Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði er nokkuð jafnt hlutfall karla og kvenna, eða 50,9% karlar og 48,1% konur, og 0,9% nemenda eru kynsegin/annað. Þá eru 38% nemenda í Guðfræðideild karlar og 62% konur. Hvað varðar Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið þá eru hlutfallslega minnst af körlum á þessum sviðum, en þeir eru aðeins 21% á Heilbrigðisvísindasviði og 22% nemenda á Menntavísindasviði. Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir. Karlar eru aðeins 4% nemenda í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild og 11% í Tannlæknadeild en flestir karlar eru í Sálfræðideild, eða 30%. Á Menntavísindasviði eru fjórar deildir og flestir karlar eru í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda (42%) en fæstir í Deild kennslu- og

menntunarfræði (11%) og Deild menntunar- og margbreytileika (13%). Lang flestir karlar eru á Verkfræði- og náttúruvísindasviði en þeir eru um 59% nemenda sviðsins. Á sviðinu eru sex deildir og eru karlar í miklum meirihluta í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild (83%) og Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild (71,1%). Þá er svipað hlutfall karla og kvenna í Raunvísindadeild (54% karlar og 46% konur) og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (56% karlar og 44% konur). Þverfræðilegt framhaldsnám heyrir ekki faglega undir eina tiltekna deild en nokkrar eða margar deildir skólans eiga venjulega aðild að náminu. Hlutfallslega fleiri konur (70,7%) en karlar (28,9%) eru í þverfræðilegu námi og 0,4% nemenda eru kynsegin/annað. Konur eru 66% nemenda í námi án gráðu og um 72,2% nemenda í þverfræðilegu framhaldsnámi (Háskóli Íslands, 2022b).



Mynd 28. Kynjahlutfall nemenda við Háskóla Íslands í október 2022 eftir fræðasviðum og deildum.

Tafla 4 varpar ljósi á fjölda og hlutfall nemenda við Háskóla Íslands eftir kyni, fræðasviðum og námsstigi árið 2022. Eins og sjá má eru flestir nemendur í grunnnámi (58%) og fæstir í doktorsnámi (4,5%) en taflan dregur einnig fram ólíkar áherslur hjá kynjunum. Hærra hlutfall karla en kvenna er skráð í grunnnám (62% karlar og 55% konur) og doktorsnám (6% karlar og 4% konur) en hærra hlutfall kvenna er í framhaldsnámi (24% konur og 23% karlar) og viðbótarnámi (9% karlar og 17% konur). Flestir karlar í grunnnámi eru á Verk- og náttúruvísindasviði (30%) en aðeins 11% kvenna. Flestar konur í grunnnámi eru aftur á móti í námi á Heilbrigðisvísindasviði (31%). Í framhaldsnámi eru flestar konur (38%) og karlar (33%) í námi á Félagsvísindasviði (Háskóli Íslands, 2022b). Á meðan fæstar konur eru á Verk- og náttúruvísindasviði (9%) þá eru rúmlega 23% karla skráðir í framhaldsnám á sviðinu. Í Viðbótarnámi eru lang flestar konur í námi á Menntavísindasviði (50%) en svipað hlutfall karla er í námi á Félagsvísindasviði (31%) og Menntavísindasviði (32%). Hvað varðar doktorsnámið þá eru fæstir nemendur skráðir í þverfræðilegt framhaldsnám (5%) og í nám á Menntavísindasviði (11%). Konur í doktorsnámi dreifast nokkuð jafnt á önnur svið en lang flestir karlar eru skráðir í doktorsnám á Verk- og náttúruvísindasviði (38%) (Háskóli Íslands, 2022b).

**Tafla 4. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann Íslands árið 2022 eftir kyni, fræðasviðum og námsstigi**

	Karl		Kona		Kynsegin/ annað		Heild	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
<b>Grunnnám</b>	<b>2948</b>	<b>62,4%</b>	<b>5565</b>	<b>55,3%</b>	<b>10</b>	<b>77%</b>	<b>8523</b>	<b>57,6%</b>
Félagsvísindasvið	699	23,7%	1136	20,4%	2	20%	1835	21,5%
Heilbrigðisvísindasvið	429	14,6%	1746	31,4%	1	10%	2176	25,5%
Hugvísindasvið	528	17,9%	1033	18,6%	6	60%	1567	18,4%
Menntavísindasvið	382	13%	1005	18,1%			1387	16,3%
Verk- og náttúruvísindasvið	874	29,6%	586	10,5%	1	10%	1461	17,1%
Þverfræðil. framhaldsnám	60	2%	106	1,9%			166	1,9%
<b>Framhaldsnám</b>	<b>1074</b>	<b>22,7%</b>	<b>2420</b>	<b>24,1%</b>	<b>3</b>	<b>23%</b>	<b>3497</b>	<b>23,6%</b>
Félagsvísindasvið	350	32,6%	908	38%	1	33%	1259	36%
Heilbrigðisvísindasvið	128	11,9%	390	16,1%			518	14,8%
Hugvísindasvið	187	17,4%	355	14,7%	1	33%	543	15,5%
Menntavísindasvið	95	8,8%	311	12,9%			406	11,6%
Verk- og náttúruvísindasvið	249	23,2%	207	8,6%			456	13%
Þverfræðil. framhaldsnám	76	7,1%	267	11%	3	100%	343	9,8%
<b>Viðbótarnám</b>	<b>441</b>	<b>9,3%</b>	<b>1669</b>	<b>16,6%</b>	<b>0</b>	<b>0%</b>	<b>2110</b>	<b>14,3%</b>
Félagsvísindasvið	138	31,3%	475	28,5%			613	29%
Heilbrigðisvísindasvið	74	16,8%	204	12,2%			278	13,2%
Hugvísindasvið	27	6,1%	56	3,4%			86	4,1%
Menntavísindasvið	140	31,7%	831	49,8%			971	46%
Þverfræðil. framhaldsnám	66	15%	121	7,2%			187	8,9%
<b>Doktorsnám</b>	<b>263</b>	<b>5,6%</b>	<b>403</b>	<b>4%</b>	<b>0</b>	<b>0%</b>	<b>666</b>	<b>4,5%</b>
Félagsvísindasvið	39	14,8%	78	19,4%			117	17,6%
Heilbrigðisvísindasvið	43	16,3%	85	21,1%			128	19,2%
Hugvísindasvið	49	18,6%	76	18,9%			125	18,8%
Menntavísindasvið	22	8,4%	48	11,9%			70	10,5%
Verk- og náttúruvísindasvið	101	38,4%	88	21,8%			189	28,4%
Þverfræðil. framhaldsnám	9	3,4%	28	6,9%			37	5%
<b>Alls námsstig</b>	<b>4726</b>	<b>100%</b>	<b>10057</b>	<b>100%</b>	<b>13</b>	<b>100%</b>	<b>14796</b>	<b>100%</b>

Ath: Taflan tekur saman fjölda og hlutfall nemenda í grunn-, framhalds-, viðbótar- og doktorsnámi ásamt fjölda og hlutfall nemenda á hverju sviði eftir námsstigum.

Að lokum sýnir tafla 5 fjölda og hlutfall brautskráðra nemenda frá HÍ árið 2022 eftir sviðum og deildum.<sup>10</sup> Á meðan hlutfallslega flestir karlar brautskráðust af Verk- og náttúruvísindasviði (29%) þá brautskráðust fæstar konur af því sviði (10%). Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild er lang vinsælust hjá körlunum (56%) en svipað hlutfall kvenna á sviðinu sækja nám í Iðnaðar-, vélaverkfræði- og

<sup>10</sup> Tölur um fjölda brautskráðra verða teknar eftir áramót þar sem enn er að bætast í hópinn (doktorsbrautskráningar).

tölvunarfræðideild (31%) og Raunvísindadeild (28%). Flestar konur brautskráðust af Heilbrigðisvísindasviði (31%) og þar af flestar úr Læknadeild (34%), Sálfræðideild (29%) og Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild (24%). Hlutfall brautskráðra karla af sviðinu var heldur lægra, eða um 17%. Meirihluti þeirra brautskráðust úr Læknadeild (46%) og Sálfræðideild (38%) en aðeins 3% úr Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild. Þá brautskráðust um 24% kvenna af Menntavísindasviði og um 17% karla. Eins og sjá má í töflunni eru áherslur karla og kvenna ólíkar á sviðinu. Hlutfallslega flestar konur brautskráðust úr Deild menntunar og margbreytileika (34%) og Deild kennslu- og menntunarfræða (29%). Flestir karlar brautskráðust aftur á móti úr Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda (51%) og Deild faggreinakenndu (35%). Hvað varðar Hugvísindasvið og Félagsvísindasvið þá brautskráðust svipað hlutfall kvenna og karla af sviðunum en greina má kynjaójafnvægi milli deilda. Á Hugvísindasviði brautskráðust lang flestir karlar (54%) og konur (50%) úr Íslensku- og menningardeild. Þá brautskráðust um 24% karla úr Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði en aðeins 8% kvenna. Aftur á móti brautskráðust 38% kvenna af sviðinu úr Mála- og menningardeild en um 21% karla. Á Félagsvísindasviði brautskráðust flestir karlar (42%) og konur (32%) úr Viðskiptafræðideild. Þá brautskráðust 26% kvenna úr Félagsráðgjafardeild en innan við eitt prósent karla og á meðan 19% kvenna brautskráðust úr Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild var hlutfallið 10% hjá körlum. Aftur á móti brautskráðust fleiri karlar en konur úr bæði Hagfræðideild og Lagadeild (Sigurður Ingi Árnason<sup>11</sup>, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

---


<sup>11</sup> Sigurður Ingi Árnason, verkefnisstjóri, prófaskrifstofa kennslusviðs við Háskóla Íslands.



**Tafla 5. Flöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá HÍ árið 2022 eftir kyni, sviðum og deildum.**

	Karl		Kona		Kynsegin/ annað		Heild	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
<b>Félagsvísindasvið</b>	<b>139</b>	<b>23%</b>	<b>241</b>	<b>20%</b>			<b>380</b>	<b>21,3%</b>
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðid.	14	10,1%	45	19%			59	15,5%
Félagsráðgjafardeild	1	0,7%	63	26%			64	16,8%
Hagfræðideild	22	15,8%	19	8%			41	10,8%
Lagadeild	30	21,6%	25	10%			55	14,5%
Stjórn málafræðideild	13	9,4%	15	6%			28	7,4%
Viðskiptafræðideild	59	42,4%	74	31%			133	35%
<b>Heilbrigðisvísindasvið</b>	<b>101</b>	<b>17%</b>	<b>365</b>	<b>31%</b>			<b>466</b>	<b>26,1%</b>
Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild	3	3%	87	24%			90	19,3%
Lyfjafræðideild	7	6,9%	23	6%			30	6,4%
Læknadeild	46	45,5%	123	34%			169	36,3%
Matvæla- og næringarfræðideild	5	5%	14	4%			19	4,1%
Sálfræðideild	38	37,6%	107	29%			145	31,1%
Tannlæknadeild	2	2%	11	3%			13	2,8%
<b>Hugvísindasvið</b>	<b>89</b>	<b>15%</b>	<b>181</b>	<b>15%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>271</b>	<b>15,2%</b>
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafr.	21	24%	15	8%	1	100%	37	14%
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	1	1%	7	4%			8	3%
Íslensku- og menningardeild	48	54%	91	50%			139	51%
Mála- og menningardeild	19	21%	68	38%			87	32%
<b>Menntavísindasvið</b>	<b>93</b>	<b>16%</b>	<b>281</b>	<b>24%</b>			<b>374</b>	<b>21%</b>
Deild faggreinakenndu	33	35%	52	18,5%			85	23%
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	47	51%	52	18,5%			99	26%
Deild kennslu- og menntunarfræði	4	4%	82	29%			86	23%
Deild menntunar og margbreytileika	9	10%	95	34%			104	28%
<b>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</b>	<b>172</b>	<b>29%</b>	<b>120</b>	<b>10%</b>			<b>292</b>	<b>16,4%</b>
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	97	56,4%	37	31%			134	46%
Jarðvísindadeild	5	2,9%	5	4%			10	3%
Líf- og umhverfisvísindadeild	7	4,1%	23	19%			30	10%
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	23	13,4%	5	4%			28	10%
Raunvísindadeild	29	16,9%	33	28%			62	21%
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	11	6,4%	17	14%			28	10%
<b>Þverfræðilegt framhaldsnám</b>	<b>0</b>		<b>0</b>				<b>0</b>	
Þverfræðilegt framhaldsnám								
<b>Alls sviðin</b>	<b>594</b>	<b>100%</b>	<b>1188</b>	<b>100%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>1783</b>	<b>100%</b>

Á mynd 29 má sjá brottfall karla og kvenna sem innritast í nám í HÍ á gefnu skólaári.<sup>12</sup> Brottfallið er hærra meðal karla en kvenna á árunum 2012-2022 en dregið hefur úr því á þessu tímabili hjá báðum hópunum. Hjá körlum fór það úr 33% árið 2012 í 24% árið 2021 en hjá konum úr 32% í 20% á þessu sama tímabili (Upplýsingar fengnar af innri vef Háskóla Íslands).



**Mynd 29. Brottfall nemenda sem innritast í nám á gefnu skólaári (2012-2021).**

Nánari skoðun á brottfalli karla og kvenna eftir sviðum sýnir að á árunum 2012-2021 er brottfallið oftast meira meðal karla en kvenna á öllum sviðum skólans á gefnu skólaári (sjá töflu 6). Á Félagsvísindasviðið var brottfallið meira meðal karla en kvenna öll árin fyrir utan 2013 þegar brottfallið var jafnt. Staðan er svipuð á Menntavísindasviði en árin 2014 og 2019 er brottfallið jafnt meðal karla og kvenna. Á hinum sviðunum má sjá hærra brottfall meðal kvenna en karla einhver árin, eða árið 2012 á Heilbrigðisvísindasviði, 2015 á Hugvísindasviði og árin 2014 og 2017 á Verk- og náttúruvísindasviði (Upplýsingar fengnar af innri vef Háskóla Íslands).


<sup>12</sup> Hér eru sýndir ferlar nemenda sem innritast á námsleið sem þeir hafa ekki innritast á áður. Upphaf ferils miðast við fyrsta námskeið sem tekið var á honum, námskeið metin af fyrri ferlum teljast ekki. Nemendur sem endurinnritast á sömu námsleið og fá nýjan feril teljast eingöngu á því misseri sem fyrsti ferill tilheyrir. Brottfallnir eru þeir sem innrituðust á feril og þreyttu a.m.k. eina einingu en hafa svo hætt námi. Hér eru ekki taldir með nemendur sem stefna ekki á gráðu (skiptinemar, gestanemar og nám án gráðu) (Upplýsingar fengnar af innri vef Háskóla Íslands). Sambærileg umfjöllun um brottfall nemenda í öðrum háskólum er ekki sett fram í skýrslunni.

**Tafla 6. Brottfall karla og kvenna við Háskóla Íslands á Félagsvísindasviði (FVS), Heilbrigðisvísindasviði (HVS), Hugvísindasviði (HUG), Menntavísindasviði (MVS) og Verk- og náttúruvísindasviði (VON) á gefnu skólaári (2012-2021).**

	FVS		HVS		HUG		MVS		VON	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
2012	31%	30%	25%	26%	47%	45%	41%	37%	29%	28%
2013	31%	31%	26%	24%	46%	44%	37%	33%	33%	30%
2014	30%	28%	23%	23%	42%	41%	30%	30%	25%	26%
2015	32%	30%	27%	23%	40%	42%	45%	37%	29%	28%
2016	35%	31%	24%	21%	43%	40%	33%	30%	30%	28%
2017	32%	29%	22%	20%	38%	35%	27%	24%	23%	24%
2018	26%	24%	17%	17%	36%	33%	30%	27%	26%	24%
2019	27%	24%	19%	18%	33%	31%	25%	25%	28%	23%
2020	31%	29%	26%	24%	36%	34%	24%	21%	22%	22%
2021	27%	24%	24%	21%	29%	27%	20%	19%	18%	18%

### 1.2.2 Háskólinn á Akureyri

Háskólinn á Akureyri (HA) var stofnaður árið 1987. Á mynd 30 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við skólann frá stofnun hans og með 10 ára millibili til ársins 2017. Frá upphafi hafa konur verið í meirihluta skráðra nemenda. Fyrsta starfsárið voru þær 65% nemenda og var hlutfall þeirra komið í 76% árið 2007 og 2017<sup>13</sup> (Guðrún María Kistinsdóttir og Laufey Sigurðardóttir, 2008; Háskólinn á Akureyri, 2021b; Stefán Jóhannsson<sup>14</sup>, munnleg heimild, 8. júní 2022).




**Mynd 30. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri á árunum 1987-2017 (10 ára millibil).**

<sup>13</sup> ATH: Tölurnar frá HA miðast við 15. október ár hvert.


<sup>14</sup> Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar við Háskólann á Akureyri.

Þegar skoðað er kynjahlutfall nemenda HA á árunum 2017-2022 má sjá á mynd 31 að hlutfall karla lækkaði úr 24% árið 2017 í rúmlega 21% árið 2022. Þann 15. október 2022 voru 2.546 nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 21,33% karlar, 78,63% konur og 0,04% kynsegin/annað, eða einn nemandi (þetta er í fyrsta skiptið sem aðgengilegar eru upplýsingar hjá HA um hlutfall nemenda sem eru kynsegin/annað) (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 7. júní 2022 og 1. nóvember 2022).




**Mynd 31. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri 2017-2022.**

Í dag býður HA upp á nám í heilbrigðisvísindum, menntavísindum, félagsvísindum og raunvísindum. Þegar skráning nemenda eftir fagsviðum er skoðuð í HA má sjá að hlutfallslega flestir karlar eru skráðir í raunvísindi (33%) og félagsvísindi (32%) (sjá mynd 32). Aðeins 3% nemenda í heilbrigðisvísindum eru karlar og 16% nemenda í menntavísindum (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 1. nóvember 2022).




**Mynd 32. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri í október 2022 eftir fagsviðum.**

Fjögur fræðasvið eru við HA, Heilbrigðisvísindasvið, Hug- og félagsvísindasvið, Viðskipta- og raunvísindasvið og Miðstöð framhaldsnáms. Hvað varðar kynjahlutfall skráðra nemenda eftir fræðasviðum þá voru karlar í minnihluta á öllum sviðunum í október 2022. Konur voru 97% nemenda á Heilbrigðisvísindasviði og 87,5% nemenda í miðstöð doktorsnáms. Hlutfallslega flestir karlar eru á Viðskipta- og raunvísindasviði, eða 34% nemenda. Þá voru rúmlega 25% nemenda á Hug- og félagsvísindasviði karlar og 0,08% kynsegin/annað (sjá mynd 33) (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 1. nóvember 2022).



**Mynd 33. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri í október 2022 eftir fræðasviðum.**

Eins og sjá má á mynd 34 eru konur í meirihluta nemenda á öllum fræðasviðum HA. Karlar eru aðeins 3% nemenda á Heilbrigðisvísindasviði. Þar eru þrjár deildir og flestir karlar í lðjubjálfunardeild (5%). Karlar eru um 25% nemenda á Hug- og félagsvísindasviði og lang flestir þeirra í Félagsvísindadeild (45%) og svo Lagadeild (35%). Hlutfallslega flestir karlar eru á Viðskipta- og raunvísindasviði (34%) þar sem þeir skiptast nokkuð jafnt á milli Auðlindadeildar (33%) og Viðskiptadeildar (35%). Þá eru konur meirihluti nemenda í miðstöð framhaldsnáms eða 87,5% (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 7. nóvember 2022).



**Mynd 34. Kynjahlutfall nemenda við Háskólan á Akureyri árið 2022 eftir fræðasviðum og deildum.**

Tafla 7 sýnir fjölda og hlutfall karla og kvenna í námi árið 2022 eftir fræðasviðum og námsstigi. Fleiri karlar en konur eru að sækja sér grunndiplómu, eða um 96 karlar og 88 konur. Aftur á móti eru næstum allir karlanna að sækja sér grunndiplómu á Hug- og félagsvísindasviði og aðeins einn þeirra á Heilbrigðisvísindasviði á meðan 42% kvenna er í grunndiplómu á Heilbrigðisvísindasviði og 58% á Hug- og félagsvísindasviði. Taflan sýnir að konur eru fleiri á öðrum námsstigum í HA. Hlutfallslega flestir karlar (64%) og konur (70,6%) eru í námi á bakkalárstigi en fæstir nemendur eru í doktorsnámi, eða 0,2% karla og 0,3% kvenna. Nær eingöngu konur eru að sækja sér nám á Heilbrigðisvísindasviði og á það við um öll námsstigin. Þá eru hlutfallslega flestir karlar í BA námi á Viðskipta- og raunvísindasviði (54%) en bæði í viðbótardiplómu (95%) og í MA námi (55%) eru flestir þeirra á Hug- og félagsvísindasviði. Hlutfallslega flestar konur í BA námi (41%) og viðbótardiplómu (76%) eru á Hug- og félagsvísindasviði en á meistarastigi eru flestar þeirra á Heilbrigðisvísindasviði (43%) (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 7. nóvember 2022).

**Tafla 7. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri árið 2022 eftir kyni, fræðasviðum og námsstigi**

	Karl		Kona		Kynsegin/ annað		Heild	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
<b>Grunndiplóma</b>	<b>96</b>	<b>17,7%</b>	<b>88</b>	<b>4,4%</b>			<b>184</b>	<b>7,2%</b>
Heilbrigðisvísindasvið	1	1%	37	42%			38	21%
Hug- og félagsvísindasvið	95	99%	51	58%			146	79%
<b>Bakklárstig</b>	<b>349</b>	<b>64%</b>	<b>1414</b>	<b>70,6%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>1764</b>	<b>69,3%</b>
Heilbrigðisvísindasvið	17	5%	480	34%			497	28,2%
Hug- og félagsvísindasvið	143	41%	586	41%	1	100%	730	41,4%
Viðskipta- og raunvísindasvið	189	54%	348	25%			537	30,4%
<b>Viðbótardiplóma</b>	<b>37</b>	<b>6,8%</b>	<b>232</b>	<b>11,6%</b>			<b>269</b>	<b>10,6%</b>
Heilbrigðisvísindasvið	2	5%	55	24%			57	21%
Hug- og félagsvísindasvið	35	95%	177	76%			212	79%
<b>Meistarastig</b>	<b>60</b>	<b>11%</b>	<b>261</b>	<b>13%</b>			<b>321</b>	<b>12,6%</b>
Heilbrigðisvísindasvið	3	5%	113	43%			116	36%
Hug- og félagsvísindasvið	33	55%	91	35%			124	39%
Viðskipta- og raunvísindasvið	24	40%	57	22%			81	25%
<b>Doktorsnám</b>	<b>1</b>	<b>0,2%</b>	<b>7</b>	<b>0,3%</b>			<b>8</b>	<b>0,3%</b>
Miðstöð doktorsnáms	1	12,5%	7	87,5%			8	100%
<b>Alls</b>	<b>543</b>	<b>100%</b>	<b>2002</b>	<b>100%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>2546</b>	<b>100%</b>

Árið 2022 voru karlar um 22% brautskráðra nemenda við HA. Þeir voru einungis um 2% brautskráðra nemenda af Heilbrigðisvísindasviði og þar af tveir úr Hjúkrunarfræðideild og einn úr Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum. Hlutfallslega flestir karlar brautskráðust af Hug- og félagsvísindasviði (66%) og þar var hlutfallið hæst í Félagsvísindadeild (47%). Hvað varðar konurnar þá brautskráðust einnig hlutfallslega flestar þeirra af Hug- og félagsvísindasviði (57%) og þar af flestar úr Kennaradeild (47%) (sjá töflu 8). Tafla 8 sýnir jafnframt að á Viðskipta- og raunvísindasvið voru hlutfallslega flestir karlar (68%) og konur (72%) sem brautskráðust úr Viðskiptadeild. Enginn karl brautskráðist úr doktorsnámi á árinu en ein kona (Stefán Jóhannsson, munnleg heimild, 1. nóvember 2022).

**Tafla 8. Fjöldi og hlutfall brautkráðra nemenda frá HA árið 2022 eftir kyni, sviðum og deildum.**

	Karlar		Konur		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ</b>	<b>3</b>	<b>2,30%</b>	<b>112</b>	<b>24,6%</b>	<b>115</b>	<b>19,6%</b>
Framhaldsdeild í heilbrigðis- vísindum	1	33%	36	32,1%	37	32%
Hjúkrunarfræðideild	2	67%	52	46,4%	54	47%
Iðjupjálfunarfræðideild			24	21,4%	24	21%
<b>HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ</b>	<b>87</b>	<b>66,4%</b>	<b>260</b>	<b>57%</b>	<b>347</b>	<b>59,1%</b>
Félagsvísindadeild	41	47,1%	55	21%	96	28%
Kennaradeild	21	24,1%	123	47%	144	41%
Lagadeild	10	11,5%	18	7%	28	8%
Sálfræðideild	15	17,2%	64	25%	79	23%
<b>VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDA- SVIÐ</b>	<b>41</b>	<b>31,30%</b>	<b>83</b>	<b>18,20%</b>	<b>124</b>	<b>21,10%</b>
Auðlindadeild	13	32%	23	28%	36	29%
Viðskiptadeild	28	68%	60	72%	88	71%
<b>Miðstöð doktorsnáms</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0,20%</b>	<b>1</b>	<b>0,20%</b>
Doktorsnám			1	100%	1	100%
<b>Alls sviðin</b>	<b>131</b>	<b>100%</b>	<b>456</b>	<b>100%</b>	<b>587</b>	<b>100%</b>


### 1.2.3 Háskólinn á Bifröst

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum virðist sem nám á háskólastigi hafi hafist kennsluárið 1989-1990. Á mynd 35 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við skólann frá stofnun hans og með 10 ára millibili til ársins 2020. Myndin sýnir hvernig kynjahlutfallið hefur snúist við á þessu tímabili. Konur voru í miklum minnihluta fyrsta starfsárið þegar þær voru 34% nemenda. Tíu árum síðar var hlutfall þeirra komið í 46%<sup>15</sup> og árið 2020 voru konur 70% nemenda (Auðbjörg Jakobsdóttir<sup>16</sup>, munnleg heimild, 4. nóvember 2022; Háskólinn á Bifröst, 2010).

<sup>15</sup> ATH: Nauðsynlegt er að taka tölulegum upplýsingum um nemendur skólaárin 1989-1990 og 1999-2000 með fyrirvara. Þessar upplýsingar liggja ekki á lausu og stuðst er við myndir af nemendum sem teknar voru af þeim þessi skólaár. Fjöldi karla og kvenna er talinn út frá myndunum og hugsanlegt að það vanti einhverja nemendur á myndirnar (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).


<sup>16</sup> Auðbjörg Jakobsdóttir, þjónustustjóri upplýsingatækni við Háskólann á Bifröst.





**Mynd 35. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst á árunum 1989-90, 1999-00, 2010 og 2020.**

Þegar skoðað er kynjahlutfall nemenda Háskólans á Bifröst á árunum 2017-2022 má sjá örlitlar sveiflur á mynd 36. Á þessum árum voru konur í meirihluta nemenda en hlutfall þeirra fór úr 65% árið 2017 í 70% á árunum 2020 og 2021 en var aftur komið í 68% árið 2022. Í október 2022 voru 1118 nemendur skráðir í nám við Háskólann á Bifröst, þar af 32% karlar og 68% konur<sup>17</sup> (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 7. júní 2022 og 4. nóvember; Dagný Kristinsdóttir, 2019; 2020; Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, 2021; Sigrún Jónsdóttir, 2018).




**Mynd 36. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst 2017-2022.**

Við skólann eru þrjár háskóladeildir, þ.e. Viðskiptadeild, Félagsvísindadeild og Lagadeild og símenntun-opið nám. Kynjahlutfall skráðra nemenda í Háskólanum á Bifröst var einnig skoðað eftir deildum. Mynd 37 sýnir að árið 2022 voru karlar í minnihluta í öllum deildum og var hæsta hlutfall þeirra í Lagadeild (35%). Þá er við skólann Símenntun – opið nám þar sem

<sup>17</sup> Tölur miðast við fjölda ferla yfir árið 2022, miðað við nemendur sem þreyta einingar.

boðið er upp á nám á bæði framhaldsskólastigi og háskólastigi. Á háskólastiginu eru karlar aðeins 13% nemenda í símenntun (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).



**Mynd 37. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst árið 2022 eftir deildum.**

Upplýsingar um fjölda og hlutfall nemenda skólans eftir kyni, deildum og námsstigi er að finna í töflu 9. Eins og sjá má eru konur fleiri en karlar í öllum deildum, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Þá eru hlutfallslega fleiri nemendur í grunnnámi (59%) en framhaldsnámi (41%) en staðan er þó ólík hjá körlum og konum. Á meðan 70% karla eru í grunnnámi og 30% í framhaldsnámi þá eru 54% kvenna í grunnnámi og 46% í framhaldsnámi. Taflan sýnir jafnframt að í grunnnámi eru hlutfallslega flestir karlar (59%) og konur (48%) í Viðskiptadeild og næst fjölmennasta deildin er Félagsvísindadeild. Þá eru um 61% karla og 74% kvenna sem eru í framhaldsnámi skráð í Viðskiptadeild (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

**Tafla 9. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Bifröst árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Grunnnám</b>	<b>208</b>	<b>70%</b>	<b>356</b>	<b>54%</b>	<b>564</b>	<b>59%</b>
Símenntun - Opið nám	1	0.5	2	0.6%	3	0.5%
Félagsvísindadeild	55	26.4%	126	35.4%	181	32.1%
Lagadeild	29	13.9%	56	15.7%	85	15.1%
Viðskiptadeild	123	59.1%	172	48.3%	295	52.3%
<b>Framhaldsnám</b>	<b>88</b>	<b>30%</b>	<b>303</b>	<b>46%</b>	<b>391</b>	<b>41%</b>
Símenntun - Opið nám	0	0%	5	1.7%	5	1.3%
Félagsvísindadeild	17	19.3%	46	15.2%	63	16.1%
Lagadeild	17	19.3%	28	9.2%	45	11.5%
Viðskiptadeild	54	61.4%	224	73.9%	278	71.1%
<b>Alls</b>	<b>296</b>	<b>100%</b>	<b>659</b>	<b>100%</b>	<b>955</b>	<b>100%</b>

Tafla 10 sýnir fjölda og hlutfall karla og kvenna sem brautskráðust frá Háskólanum á Bifröst árið 2022 eftir deildum. Mun fleiri konur en karlar brautskráðust úr Viðskiptadeild (120 konur en 42 karlar) og Lagadeild (18 konur og 5 karlar). Aftur á móti brautskráðist svipaður fjöldi karla og kvenna úr Félagsvísindadeild, eða 10 karlar og 14 konur. Niðurstöðurnar sýna mikið ójafnvægi í brautskráningum eftir deildunum en hlutfallslega lang flestir nemendur brautskráðust úr Viðskiptadeild og á það við um bæði brautskráningar hjá körlum (73,7%) og konum (79%) (Auðbjörg Jakobsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

**Tafla 10. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Bifröst árið 2022 eftir kyni og deildum**


	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Félagsvísindadeild</b>	10	17,5%	14	9%	24	11%
<b>Viðskiptadeild</b>	42	73,7%	120	79%	162	78%
<b>Lagadeild</b>	5	8,8%	18	12%	23	11%
<b>Alls</b>	<b>57</b>	<b>100%</b>	<b>152</b>	<b>100%</b>	<b>209</b>	<b>100%</b>

#### 1.2.4 Háskólinn á Hólum

Háskólinn á Hólum tók formlega til starfa sem háskóli árið 2007 (Matvælaráðuneytið, 2007). Á mynd 38 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við skólann á skólaárunum 2017-2018 til 2021-2022.<sup>18</sup> Miðað við það sem fram kemur hefur kynjahlutfallið verið svolítið sveiflukennt á þessu tímabili en hlutfall karla er þó umtalsvert lægra en hlutfall kvenna, eða á bilinu 23-35%. Hlutfall þeirra var hæst skólaárið 2021-2022 (Ólöf Ýrr Atladóttir<sup>19</sup>, munnleg heimild, 7. júlí 2022).


<sup>18</sup> Gögn fyrir árið 2007 eru ekki aðgengileg.

<sup>19</sup> Ólöf Ýrr Atladóttir, sviðsstjóri rannsókna, nýsköpunar og kennslu við Háskólann á Hólum.



**Mynd 38. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Hólum 2017-2022.**

Árið 2022 (janúar til desember) voru 190 nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 33% karlar og 67% konur en enginn kynsegin/annað nemandi (Hólmfríður Sveinsdóttir<sup>20</sup>, munnleg heimild, 3. janúar 2023). Kynjahlutfall skráðra nemenda var einnig skoðað eftir deildum. Mynd 39 sýnir að árið 2022 voru karlar í minnihluta í öllum deildum nema Fiskeldis- og fiskalífræðideild þar sem hlutfall þeirra var 58%. Hlutfallslega flestar konur voru í Hestafræðideild (83%) og í Ferðamáladeild (73%) (Hólmfríður Sveinsdóttir, munnleg heimild, 2. janúar 2023).



**Mynd 39. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann á Hólum 2022 eftir deildum.**

Upplýsingar um fjölda og hlutfall nemenda skólans eftir kyni, deildum og námsstigi er að finna í töflu 11 og dregur taflan fram ólíkar áherslur hjá kynjunum. Eins og sjá má eru konur fleiri en karlar í grunndiplómu og bakkalárnámi en fleiri karlar eru í meistaranámi. Taflan sýnir jafnframt að í grunndiplómunni eru hlutfallslega flestir karlar í Fiskeldis- og fiskalífræðideild (88%) en flestar konur í Ferðamáladeild (78%). Í bakkalárnámi eru flestir

<sup>20</sup> Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum.

karlar (47%) og konur (72%) í Hestafræðideild og næst fjölmennasta deildin er Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hjá bæði körlum (37%) og konum (15%). Þá eru um flestir karlar (83%) og konur (60%) í meistaranámi í Ferðamáladeild (Hólmfríður Sveinsdóttir, munnleg heimild, 2. janúar 2023).

**Tafla 11. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann á Hólum árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Grunndiplóma</b>	<b>25</b>	<b>40%</b>	<b>36</b>	<b>28%</b>	<b>61</b>	<b>32%</b>
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	22	88%	8	22%	30	49%
Ferðamáladeild	3	12%	28	78%	31	51%
<b>Grunndiplóma og BA<sup>21</sup></b>	<b>6</b>	<b>10%</b>	<b>17</b>	<b>13%</b>	<b>23</b>	<b>12%</b>
Ferðamáladeild	6	100%	17	100%	23	100%
<b>Bakkalárnám</b>	<b>19</b>	<b>31%</b>	<b>65</b>	<b>51%</b>	<b>84</b>	<b>44%</b>
Hestafræðideild	9	47%	47	72.3%	56	67%
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	7	37%	10	15.4%	17	20%
Ferðamáladeild	3	16%	8	12.3%	11	13%
<b>Meistaránám</b>	<b>12</b>	<b>19%</b>	<b>10</b>	<b>8%</b>	<b>22</b>	<b>12%</b>
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	2	17%	4	40%	6	27%
Ferðamáladeild	10	83%	6	60%	16	73%
<b>Alls</b>	<b>62</b>	<b>100%</b>	<b>128</b>	<b>100%</b>	<b>190</b>	<b>100%</b>

Tafla 12 sýnir fjölda og hlutfall kvenna og karla sem brautskráðust frá Háskólanum á Hólum árið 2022 eftir deildum og þegar heildin er skoðuð þá brautskráðust hlutfallslega flestir nemendur úr Ferðamáladeild (43%). Taflan dregur fram ólíka mynd hjá kynjunum en flestir karlar brautskráðust úr Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, eða 64%, en aðeins 11% brautskráðra kvenna. Flestar konur brautskráðust aftur á móti úr Ferðamáladeild (46%) en 36% karla. Á meðan enginn karl brautskráðist úr Hestafræðideild þá brautskráðust 43% kvenna úr deildinni (Hólmfríður Sveinsdóttir, munnleg heimild, 2. janúar 2023).

<sup>21</sup> Þær upplýsingar fengust frá Laufeyju Haraldsdóttur, lektor við Háskólann á Hólum, að þar sem mörg námskeið í námsleiðunum í grunndiplóma og á 1. ári í báðum námsleiðum til BA gráðu eru þau sömu, er töluvert um að nemendur í diplómanámi skrái sig yfir í BA námsleið - ýmist þegar líður á diplómanámið eða að því loknu og klára þá bæði diplómanám og BA gráðu við háskólann (Laufey Haraldsdóttir, munnleg heimild, 6. janúar 2023).

**Tafla 12. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Hólum árið 2022 eftir kyni og deildum**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Ferðamáladeild</b>	5	36%	17	46%	22	43.1%
<b>Fiskeldis- og fiskalífræðideild</b>	9	64%	4	11%	13	25.5%
<b>Hestafræðideild</b>	0	0%	16	43%	16	31.4%
<b>Alls</b>	14	100%	37	100%	51	100%


### 1.2.5 Háskólinn í Reykjavík

Árið 1998 var Háskólinn í Reykjavík (HR) stofnaður á grunni Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands og árið 2005 sameinaðist hann Tækniháskóla Íslands (Háskólinn í Reykjavík, 2018). Þann 15. október 2022 voru 3.417<sup>22</sup> nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 57,27% karlar, 42,7% konur og 0,03% kynsegin/annað nemendur (Guðrún Ragna Hreinsdóttir<sup>23</sup>, munnleg heimild, 1. desember 2022). Á mynd 40 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við HR á árunum 2007<sup>24</sup> og 2017-2022. Eins og sjá má er hlutfall kynsegin/annað nemenda undir einu prósentustigi öll árin. Hlutfall karla (54%) og kvenna (46%) var frekar jafnt árið 2007 (Háskólinn í Reykjavík, 2007) en síðan þá hefur hlutfall karla aukist örlítið og verið nokkuð stöðugt á bilinu 57-59% og hæst árið 2017 (Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 30. júní 2022 og 1. desember 2022). Hugsanlega getur breytt námsframboð í skólanum að einhverju leyti skýra þróunina en árið 2007 voru fimm deildir í skólanum, Lagadeild, Viðskiptadeild, Tækni- og Verkfræðideild, Tölvunarfræðideild og Kennslufræði- og lýðheilsudeild. Árið 2022 voru deildirnar orðnar sjö, Sálfræðideild, Lagadeild, Viðskiptadeild, Verkfræðideild, Íþróttufræðideild, Tölvunarfræðideild og Iðn- og tæknifræðideild.

<sup>22</sup> ATH: Þetta eru viðmiðunartölur fyrir 15. október 2022. Tölurnar gefa aðeins upplýsingar um nemendur í námi til prófgráðu en ekki skiptinema (Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 1. desember 2022).


<sup>23</sup> Guðrún Ragna Hreinsdóttir, gæðastjóri kennsluviðs við Háskólann í Reykjavík.

<sup>24</sup> Elstu tiltæku upplýsingarnar sem fundust um fjölda nemenda í HR.



**Mynd 40. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árin 2007 og 2017-2022.**

Hvað varðar kynjahlutfall skráðra nemenda í HR eftir deildum þá sýnir mynd 41 að árið 2022 voru karlar í meirihluta í þeim öllum nema í Sálfræðideild (20% karlar og 80% konur) og Lagadeild (31% karlar og 69% konur). Hlutfall karla er mun hærra en hlutfall kvenna í Iðn- og tæknifræðideild (79%) og Tölvunarfræðideild, en þar eru karlar 78,4% nemenda, konur 21,5% og kynsegin/annað nemendur 0,1%. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt í hinum deildunum þó karlar séu í meirihluta, þ.e. í Íþróttfræðideild (57% karlar og 43% konur), Verkfræðideild (54% karlar og 46% konur) og Viðskiptadeild (51% karlar og 49% konur) (Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 1. desember 2022).



**Mynd 41. Kynjahlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árið 2022 eftir deildum.**

Í töflu 13 er að finna upplýsingar um fjölda og hlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi. Eins og sjá má eru fleiri karlar (1957) en konur (1459) í diplóma-, grunn- og doktorsnámi. Konur eru aftur á móti í meirihluta nemenda í

meistaránámi. Flestir nemendur eru í grunnnámi, eða 67% nemenda, og er hlutfallslegur fjöldi karla (68%) og kvenna (67%) svipaður. Fæstir nemendur eru skráðir í doktorsnám, eða 3% karla og kvenna. Þá er svipað hlutfall karla í diplómanámi (14%) og meistaranámi (15%) en mun fleiri konur eru í meistaranámi (28%) en diplómanámi (3%). Í diplómanáminu eru flestir karlar (79%) og konur (53%) í Iðn- og tæknifræðideild. Á meðan lang flestir karlar eru í Tölvunarfræðideild í grunnnámi (38%) þá eru flestar konur í Verkfræðideild (22%). Meirihluti karla í meistaranámi (37%) og doktorsnámi (47%) eru í Verkfræðideild en flestar konur eru aftur á móti í meistaranámi í Viðskiptadeild (30%) og í doktorsnámi í Sálfræðideild (32%) og Tölvunarfræðideild (32%). Á öllum námsstigunum eru konur í meirihluta í Sálfræðideild og karlar í meirihluta í Iðn- og tæknifræðideild, Tölvunarfræðideild og Verkfræðideild (Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 1. desember 2022).

**Tafla 13. Fjöldi og hlutfall nemenda við Háskólann í Reykjavík árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi**

	Karl		Kona		Kynsegin/annað		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Diplómanám</b>	<b>278</b>	<b>14%</b>	<b>38</b>	<b>2,6%</b>			<b>316</b>	<b>9%</b>
Iðn- og tæknifræðideild	221	79%	20	52,6%			241	76%
Íþróttافرæðideild	10	4%	12	31,6%			22	7%
Tölvunarfræðideild	47	17%	6	15,8%			53	17%
<b>Grunnnám</b>	<b>1325</b>	<b>68%</b>	<b>973</b>	<b>66,7%</b>			<b>2298</b>	<b>67%</b>
Iðn- og tæknifræðideild	184	14%	85	9%			269	11,7%
Íþróttافرæðideild	68	5%	46	5%			114	5%
Lagadeild	57	4%	129	13%			186	8,1%
Sálfræðideild	49	4%	194	20%			243	10,6%
Tölvunarfræðideild	507	38%	128	13%			635	27,6%
Verkfræðideild	247	19%	217	22%			464	20,2%
Viðskiptadeild	213	16%	174	18%			387	16,8%
<b>Meistaránám</b>	<b>299</b>	<b>15%</b>	<b>404</b>	<b>27,7%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>704</b>	<b>21%</b>
Íþróttافرæðideild	20	7%	16	4%			36	5%
Lagadeild	39	13%	91	23%			130	18%
Sálfræðideild	14	5%	62	15%			76	11%
Tölvunarfræðideild	28	9%	16	4%	1	100%	45	6%
Verkfræðideild	110	37%	98	24%			208	30%
Viðskiptadeild	88	29%	121	30%			209	30%
<b>Doktorsnám</b>	<b>55</b>	<b>3%</b>	<b>44</b>	<b>3%</b>			<b>99</b>	<b>3%</b>
Íþróttافرæðideild	0		1	2%			1	1,0%
Lagadeild	4	7,3%	2	5%			6	6,1%
Sálfræðideild	3	5,5%	14	32%			17	17,2%
Tölvunarfræðideild	16	29%	14	32%			30	30,3%
Verkfræðideild	26	47,3%	12	27%			38	38,4%
Viðskiptadeild	6	11%	1	2%			7	7,1%
<b>Alls</b>	<b>1957</b>	<b>100%</b>	<b>1459</b>	<b>100%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>3417</b>	<b>100%</b>



Tafla 14 sýnir fjölda og hlutfall karla og kvenna sem brautskráðust frá Háskólanum í Reykjavík árið 2022 eftir deildum. Eins og sjá má brautskráðust fleiri karlar (578 karlar eða 55%) en konur (469 konur eða 45%) frá skólanum. Hlutfallslega flestir nemenda brautskráðust úr Viðskiptadeild (24%) en fæstir úr Íþróttfræðideild (5%). Þá brautskráðist svipaður fjöldi karla og kvenna úr Íþróttfræðideild (29 karlar og 28 konur) og Viðskiptadeild (125 karlar og 122 konur). Mun fleiri konur en karlar brautskráðust aftur á móti úr Sálfræðideild (93 konur og 18 karlar) og Lagadeild (74 konur og 27 karlar). Karlar voru í meirihluta brautskráðra nemenda úr öðrum deildum (Guðrún Ragna Hreinsdóttir, munnleg heimild, 28. nóvember 2022).


**Tafla 14. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Háskólanum í Reykjavík árið 2022 eftir kyni og deildum**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Iðn- og tæknifræðideild</b>	121	21%	10	2,1%	131	12,5%
<b>Íþróttfræðideild</b>	29	5%	28	6%	57	5,4%
<b>Lagadeild</b>	27	5%	74	15,8%	101	9,6%
<b>Sálfræðideild</b>	18	3%	93	19,8%	111	10,6%
<b>Tölvunarfræðideild</b>	135	23%	54	11,5%	189	18,1%
<b>Verkfræðideild</b>	123	21%	88	18,8%	211	20,2%
<b>Viðskiptadeild</b>	125	22%	122	26%	247	23,6%
<b>Alls</b>	<b>578</b>	<b>100%</b>	<b>469</b>	<b>100%</b>	<b>1047</b>	<b>100%</b>

### 1.2.6 Landbúnaðarháskóli Íslands


Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ) tók til starfa í byrjun árs 2005 og er reistur á grunni Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (Rala), Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum í Ölfusi (Landbúnaðarháskóli Íslands, e.d.). Á mynd 42 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við LBHÍ frá því skólinn tók til starfa árið 2005, 10 árum eftir það (2015) og árin 2017-2022. Eins og sjá má hafa konur verið í miklum meirihluta nemenda frá stofnun skólans, eða í kringum 70%. Þann 15. október 2022 voru 276 nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 29% karlar og 71% konur (Þórunn Edda Bjarnadóttir<sup>25</sup>, munnleg heimild, 2. nóvember 2022).

<sup>25</sup> Þórunn Edda Bjarnadóttir, deildarfulltrúi kennsluskrifstofu við Landbúnaðarháskóla Íslands.



**Mynd 42. Kynjahlutfall nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands á árunum 2005, 2015 og 2017-2022.**

Við LBHÍ eru þrjár deildir, þ.e. Skipulag og hönnun, Ræktun og fæða og Náttúra og skógur. Þegar skoðað er kynjahlutfall nemenda LBHÍ eftir deildum árið 2022 þá sýnir mynd 43 að konur eru í meirihluta í öllum deildum skólans. Karlur voru 38% nemenda í fagdeildinni Náttúra og skógur en um 22% nemenda í Skipulag og hönnun og 24% í Ræktun og fæða (Þórunn Edda Bjarnadóttir, munnleg heimild, 2. nóvember 2022).



**Mynd 43. Kynjahlutfall nemenda í Landbúnaðarháskóla Íslands í október 2022 eftir deildum.**

Hvað varðar fjölda og hlutfall karla og kvenna í LBHÍ eftir deildum og námsstigum þá voru 70% nemenda skólans árið 2022 í bakkalárnámi, 24% í meistaranámi og 6% í doktorsnámi. Hlutfallslega flestir karlar voru í grunnnámi í fagdeildinni Náttúra og skógur (53%) en svipað hlutfall kvenna eru í Ræktun og fæða (36%) og Náttúra og skógur (35%). Í meistaranámi voru flestir nemendur í námi í fagdeildinni Náttúra og skógur, eða 74% af körlunum og 41% af konunum. Fæstir nemendur voru í meistaranámi í fagdeildinni Ræktun og fæða eða um 16%. Þá voru 2,5% af körlunum í doktorsnámi. Enginn þeirra er í námi í fagdeildinni Skipulag og hönnun en einn í Náttúra og skógur og einn í Ræktun og fæða. Hlutfall kvenna sem voru í doktorsnámi í skólanum var 8% og þar af flestar í námi í fagdeildinni Náttúra og skógur, eða

um 67%. Aðeins ein var í doktorsnámi í Skipulag oghönnun (sjá töflu 15) (Þórunn Edda Bjarnadóttir, munnleg heimild, 2. nóvember 2022).

**Tafla 15. Fjöldi og hlutfall nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Bakalárnám</b>	<b>55</b>	<b>68,75%</b>	<b>137</b>	<b>70%</b>	<b>192</b>	<b>70%</b>
Náttúra og skógur	29	53%	48	35%	77	40%
Ræktun og fæða	17	31%	49	36%	66	34%
Skipulag og hönnun	9	16%	40	29%	49	26%
<b>Meistaránám</b>	<b>23</b>	<b>28,75%</b>	<b>44</b>	<b>22%</b>	<b>67</b>	<b>24%</b>
Náttúra og skógur	17	74%	18	41%	35	52,2%
Ræktun og fæða	2	9%	9	20%	11	16,4%
Skipulag og hönnun	4	17%	17	39%	21	31,3%
<b>Doktorsnám</b>	<b>2</b>	<b>2,5%</b>	<b>15</b>	<b>8%</b>	<b>17</b>	<b>6%</b>
Náttúra og skógur	1	50%	10	66,7%	11	65%
Ræktun og fæða	1	50%	4	26,7%	5	29%
Skipulag og hönnun	0		1	6,7%	1	6%
<b>Alls</b>	<b>80</b>	<b>100%</b>	<b>196</b>	<b>100%</b>	<b>276</b>	<b>100%</b>

Tafla 16 sýnir fjölda og hlutfall kvenna og karla sem brautskráðust frá LBHÍ árið 2022 eftir deildum.<sup>26</sup> Lang flestir nemendur brautskráðust úr fagdeildinni Náttúra og skógur (58%) og sama hlutfall úr deildunum Ræktun og fæða og Skipulag og hönnun (21%). Mikill meirihluti karla brautskráðist úr Náttúra og skógur (83%) en aðeins einn karl úr Ræktun og fæða og tveir karlar úr Skipulag og hönnun. Brautskráning kvenna var aftur á móti mun dreifðari á milli deildanna. Flestar brautskráðust úr fagdeildinni Náttúra og skógur (44%) en um 29% úr Ræktun og fæða og 27% úr Skipulag og hönnun (Þórunn Edda Bjarnadóttir, munnleg heimild, 2. nóvember 2022).


**Tafla 16. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni og deildum**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Náttúra og skógur</b>	<b>15</b>	<b>83%</b>	<b>15</b>	<b>44,1%</b>	<b>30</b>	<b>58%</b>
<b>Ræktun og fæða</b>	<b>1</b>	<b>6%</b>	<b>10</b>	<b>29,4%</b>	<b>11</b>	<b>21%</b>
<b>Skipulag og hönnun</b>	<b>2</b>	<b>11%</b>	<b>9</b>	<b>26,5%</b>	<b>11</b>	<b>21%</b>
<b>Alls</b>	<b>18</b>	<b>100%</b>	<b>34</b>	<b>100%</b>	<b>52</b>	<b>100%</b>

<sup>26</sup> Tölurnar eru birtar með fyrirvara en mögulega verða fleiri brautskráningar á árinu 2022.

### 1.2.7 Listaháskóli Íslands


Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun og fékk starfsleyfi árið 1999 (Listaháskóli Íslands, e.d.-a). Á mynd 44 má sjá kynjahlutfall skráðra nemenda við Listaháskóla Íslands (LHÍ) árið 2000, 2009 og 2017-2022 (ekki fengust kyngreindar tölur frá 1999 þegar skólinn var stofnaður). Konur hafa verið í meirihluta nemenda öll starfsárin, eða um og yfir 60%. Mestur kynjamunur var árið 2000 þegar konur voru 68% nemenda. Í október 2022 voru 621 nemendur skráðir í nám við skólann, þar af 38% karlar og 61,8% konur og einn kynsegin nemandi (0,2%) (Listaháskóli Íslands, 2018; 2019a; 2020; 2021; Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir<sup>27</sup>, munnleg heimild, 10. og 22. júní 2022 og 4. nóvember 2022).



**Mynd 44. Kynjahlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands árið 2009 og 2017-2022.**

Við LHÍ eru sjö deildir, Arkitektúrdeild, Hönnunardeild, Kvikmyndalistadeild, Listkennsludeild, Myndlistadeild, Sviðslistadeild og Tónlistardeild. Nám í kvikmyndalist hófst haustið 2022. Þegar skoðað er kynjahlutfall nemenda í LHÍ eftir deildum árið 2022 má sjá á mynd 45 að karlar voru í meirihluta í Tónlistardeild (52%) og kynjahlutfallið var jafnt í Kvikmyndalistadeild. Í öðrum deildum var hlutfall kvenna milli 60-70%, nema í Listkennsludeild þar sem konur voru 81% nemenda (Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

<sup>27</sup> Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, námsráðgjafi við Listaháskóla Íslands.



**Mynd 45. Kynjahlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands 2022 eftir deildum.**

Í töflu 17 má sjá fjölda og hluta karla og kvenna eftir deildum og námstigi. Hlutfallslega flestir nemendur eru í grunnnámi, eða 80,5% karla og 69% kvenna. Eini kynsegin/annað nemandi skólans er einnig í grunnnámi og skráður í Myndlistadeild. Flestir karlar eru í Tónlistardeild (35%) og konur í Hönnunardeild (28%). Tónlistardeildin er aftur á móti næst fjölmennust hjá konum (24%) og Hönnunardeildin hjá körlunum (21%). Um 24% nemenda Listaháskólans eru í MA nám, eða 28% kvenna og um 18% karla. Í MA námi eru langflestir karlar í Tónlistardeild (52%) og konur í Listkennsludeild (46%). Þá eru um 26% karla í Listkennsludeild og 23% kvenna í Myndlistadeild. Allir diplóma nemar eru í Listkennsludeild, eða fjórir karlar og 13 konur (Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

**Tafla 17. Fjöldi og hlutfall nemenda við Listaháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni, deildum og námsstigi.**

	Karl		Kona		Kynsegin/annað		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>BA nemar</b>	<b>190</b>	<b>80.5%</b>	<b>264</b>	<b>69%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>455</b>	<b>73%</b>
Arkitektúrdeild	23	12%	31	12%			54	12%
Hönnunardeild	40	21%	75	28%			115	25%
Myndlistardeild	31	16%	47	18%	1	100%	79	17%
Sviðslistadeild	24	13%	41	16%			65	14%
Tónlistardeild	66	35%	64	24%			130	29%
Kvikmyndalistadeild	6	3%	6	2%			12	3%
<b>MA nemar</b>	<b>42</b>	<b>17.8%</b>	<b>107</b>	<b>28%</b>			<b>149</b>	<b>24%</b>
Arkitektúrdeild	5	11.9%	12	11%			17	11.4%
Hönnunardeild	3	7.1%	5	5%			8	5.4%
Myndlistardeild	1	2.4%	25	23%			26	17.4%
Listkennsludeild	11	26.2%	49	46%			60	40.3%
Tónlistardeild	22	52.4%	16	15%			38	25.5%
<b>Diplóma nemar</b>	<b>4</b>	<b>1.7%</b>	<b>13</b>	<b>3%</b>			<b>17</b>	<b>3%</b>
Listkennsludeild	4	100%	13	100%			17	100%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100%</b>	<b>384</b>	<b>100%</b>	<b>1</b>	<b>100%</b>	<b>621</b>	<b>100%</b>


Árið 2022 brautskráðust 166 nemendur frá Listaháskólanum. Flestir karlar brautskráðust úr Tónlistadeild (36%) en flestar konur úr Hönnunardeild (26%) og Myndlistardeild (26%). Aftur á móti brautskráðust fæstir karlar úr Arkitektúrdeild (5%) en fæstar konur úr Tónlistardeild og Arkitektúrdeild (9%) (sjá töflu 18) (Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2022).

**Tafla 18. Fjöldi og hlutfall brautskráðra nemenda frá Listaháskóla Íslands árið 2022 eftir kyni og deildum**

	Karl		Kona		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Arkitektúrdeild	3	5%	9	9%	12	7%
Hönnunardeild	10	16%	27	26%	37	22%
Myndlistardeild	9	15%	27	26%	36	22%
Sviðslistadeild	8	13%	17	15%	25	15%
Listkennsludeild	9	15%	16	15%	25	15%
Tónlistardeild	22	36%	9	9%	31	19%
<b>Alls</b>	<b>61</b>	<b>100%</b>	<b>105</b>	<b>100%</b>	<b>166</b>	<b>100%</b>

### 1.3 Alþjóðlegt samhengi


Í þessum hluta er menntunarstaða á Íslandi skoðuð í samanburði við önnur OECD ríki. Skoðaðar eru nýjustu upplýsingar<sup>28</sup> um hlutfall fólks á aldrinum 25-64 ára sem hefur 1) ekki lokið framhaldsskólamenntun, 2) hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi og 3) hæst lokið háskólamenntun. Mynd 46 sýnir að samanborið við önnur Norðurlönd, Bandaríkin og Kanada eru hlutfallslega fleiri sem hafa ekki lokið framhaldsskólamenntun á Íslandi, eða 24% samanborið við 18% í Danmörku og Noregi, 16% í Svíþjóð, 9% í Finnlandi og 8% í Bandaríkjunum og Kanada. Þá er hlutfallið einnig hærra á Íslandi en OECD meðaltalið sem er 20% (OECD, 2022).



**Mynd 46. Hlutfall 25-64 ára sem hefur ekki lokið menntun á framhaldsskólastigi.**


Mynd 47 sýnir að 35% fólks á Íslandi hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi en OECD meðaltalið er 41%. Hlutfallið er lang hæst í Tékklandi þar sem 69% fólks á aldrinum 25-64 ára hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi og lægst á Indlandi en þar er hlutfallið 9% (OECD, 2022).

<sup>28</sup> Gögnin eru frá tímabilinu 2018-2020 og í flestum tilvikum frá 2020.



Mynd 47. Hlutfall 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi.

Þá sýnir mynd 48 að 41% fólks á aldrinum 25-64 ára á Íslandi hefur hæst lokið menntun á háskólastigi. OECD meðaltalið er örlítið lægra, eða 39%. Hlutfallið er lang hæst í Kanada þar sem 60% fólks á aldrinum 25-64 ára hefur hæst lokið menntun á háskólastigi og lægst á Indlandi en þar er hlutfallið er aðeins 12% (OECD, 2022).




Mynd 48. Hlutfall 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi.

Hér á eftir verður menntunarstaðan á Íslandi skoðuð í samanburði við OECD lönd í Evrópu (Norðurlöndin ekki tekin með), Norður-Ameríku og önnur Norðurlönd (Danmörk, Finnland, Noreg og Svíþjóð). Áhersla er á að skoða hlutfall þeirra sem hafa hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi og á háskólastigi en að auki verður skoðað hvort kynjamunur sé þar á. Einnig verða skoðaðar upplýsingar um brautskráða nemendur á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum og kyni.




### 1.3.1 Evrópa

Á mynd 49 má sjá hlutfall karla og kvenna á aldrinum 25-64 ára á Íslandi og öðrum Evrópulöndum (Norðurlöndin ekki tekin með) sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi. Hærra hlutfall karla en kvenna hefur hæst lokið menntun á þessu stigi í flestum löndunum. Einungis hærra hlutfall kvenna hefur hæst lokið framhaldsskólamenntun í Sviss (46% konur og 42% karlar) og Þýskalandi (57% konur og 53% karar). Þá sýnir myndin að í Hollandi og Grikkland og á Ítalíu, Spáni, Írlandi og Bretlandi er kynjahlutfallið svipað. Kynjamunurinn er meiri í öðrum löndum og þar með talið Íslandi. En hlutfall karla sem hæst hefur lokið menntun á þessu stigi á Íslandi er með því lægsta í OECD löndum Evrópu (OECD, 2022).



**Mynd 49. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 í Evrópu sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi.**

Þá sýnir mynd 50 hlutfall karla og kvenna á aldrinum 25-64 ára á Íslandi og í Evrópu sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi. Hærra hlutfall kvenna en karla hefur hæst lokið menntun á þessu stigi í flestum löndunum. Einungis hefur hærra hlutfall karla en kvenna hæst lokið háskólamenntun í Sviss, Þýskalandi, Austurríki og Tyrklandi. Hlutfall kvenna og karla sem hafa hæst lokið menntun á þessu stigi er jafnast í Lúxemborg (52% konur og 50% karlar), Hollandi (43% konur og 42% karlar), Austurríki (34% konur og 35% karlar) og Tyrklandi (21% konur og 23% karlar). Í öðrum löndum er hlutfallslegur munur á bilinu 4-20% og 14% á Íslandi. Þess má geta að munurinn er einungis meiri í Eistlandi (20%) og Lettlandi (17%) (OECD, 2022).



**Mynd 50. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Evrópu sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi.**

Í töflu 19 er að finna upplýsingar um brautskráðar konur og karla á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum. Taflan dregur fram kynbundið námsval en í öllum löndunum eru karlar í meirihluta brautskráðra nemenda í STEM greinum (vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði) og konur í meirihluta brautskráðra úr menntunarfræði og heilsu og velferð. Einnig má sjá að flestir karlar brautskráðust með menntun af STEM sviðum. Flestar konur brautskráðust aftur á móti með menntun á sviði viðskipta, stjórnunar og lögfræði í öllum löndunum nema Spáni þar sem hlutfallslega flestar þeirra brautskráðust með menntun á sviði heilsu og velferðar og úr menntunarfræðum (OECD, 2021a).


Tafla 19. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum og kyni: Evrópa

	Konur							Karlar						
	Menntunarfræði	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnum og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað	Menntunarfræði	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnum og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað
Austurríki	17	9	10	25	16	11	13	5	6	5	23	50	6	5
Belgía	11	11	13	20	8	35	3	4	9	8	24	33	18	3
Bretland	10	16	13	23	18	18	2	4	13	10	26	37	8	1
Eistland	12	14	8	26	18	17	6	2	10	7	20	46	4	10
Frakkland	6	11	9	36	15	19	5	2	6	5	32	40	8	6
Holland	12	8	17	24	10	22	6	5	9	10	33	29	8	7
Írland	13	13	7	24	15	23	5	5	9	5	28	38	8	7
Ítalía	10	21	16	16	17	16	4	2	12	12	20	35	11	7
Lettland	13	8	9	30	9	24	8	2	5	5	26	39	8	14
Litháen	8	11	11	26	13	25	5	3	5	6	21	49	8	7
Lúxemborg	15	11	11	42	9	9	2	6	10	8	42	30	3	2
Pólland	18	8	10	24	14	20	8	5	5	7	23	35	14	11
Portúgal	6	11	13	21	18	24	8	2	9	8	19	43	9	11
Slóvakía	17	9	13	22	12	21	7	7	7	8	20	37	10	12
Slóvenía	16	10	11	20	15	16	11	3	7	6	15	47	7	14
Spánn	22	9	8	19	11	23	7	9	8	6	19	36	10	11
Sviss	13	9	9	26	12	25	6	6	6	4	30	39	8	8
Tékkland	18	10	12	19	16	16	9	5	7	9	18	42	6	13
Tyrkland	9	14	9	27	12	22	7	5	9	8	33	26	9	11
Þýskaland	16	14	9	27	19	10	5	4	6	5	22	54	4	5
Ísland	13	13	7	24	15	23	5	5	9	5	28	38	8	7
OECD - Meðaltal	14	11	11	24	13	20	6	5	8	8	25	39	8	8

(OECD, 2021a)


### 1.3.2 Norður-Ameríka

Á mynd 51 má sjá hlutfall kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára á Íslandi og í Norður-Ameríku sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi. Kynjahlutfallið í Mexíkó er jafnt og umtalsvert lægra en í hinum löndunum, en þar hafa aðeins 22% kvenna og karla hæst lokið menntun á þessu stigi. Hlutfall kvenna (39%) og karla (44%) er hæst í Bandaríkjum og mesti kynjamunurinn virðist vera í Kanada þar sem 27% karla og 38% kvenna hafa hæst lokið menntun á þessu skólastigi (OECD, 2022).



**Mynd 51. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Norður-Ameríku og á Íslandi sem hefur hæst lokið menntun á framhaldskólastigi.**

Mynd 52 dregur fram hlutfall kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Norður-Ameríku og Íslandi sem hæst hefur lokið menntun á háskólastigi. Aftur má sjá að færri hafa lokið menntun á þessu stigi í Mexíkó og að hlutfall karla (20%) og kvenna (19%) er nokkuð jafnt. Kynjahlutfallið er einnig nokkuð jafnt í Bandaríkjunum þar sem 53% kvenna og 47% karla hafa hæst lokið háskólamenntun. Aftur á móti virðist kynjabilið vera mest á Íslandi þar sem 48% kvenna og 34% karla hafa hæst lokið háskólamenntun. Þá er hlutfall karla sem hafa hæst lokið háskólamenntun talsvert lægra á Íslandi (34%) en í Bandaríkjunum (47%) og Kanada (53%) en þar er hlutfallið yfir OECD meðaltalinu (OECD, 2022).



**Mynd 52. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára í Norður-Ameríku og á Íslandi sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi.**

Í töflu 20 er að finna upplýsingar um brautskráðar konur og karla á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum á Íslandi og í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó. Svipað mynstur má sjá í þessum löndum og í Evrópu (tafla 19). Hlutfall karla er mun hærra en hlutfall kvenna í STEM

greinum og hlutfall kvenna hærra þegar kemur að menntunarfræðum og heilsu og velferð. Þá brautskráðust einnig flestir karlar með STEM menntun í öllum löndum. Mynstrið er aðeins fjölbreyttara hjá konunum þar sem þær annað hvort brautskráðust með menntun á sviði heilsu og velferðar eða með menntun á sviði viðskipta, stjórnunar og lögfræði (OECD, 2021a).


Tafla 20. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2018 eftir fræðigreinum og kyni: Ísland og Norður-Ameríka

	Konur							Karlar						
	Menntun	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnun og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað	Menntun	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnun og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað
<b>Bandaríkin</b>	9	20	13	16	12	24	6	3	18	10	23	30	8	8
<b>Kanada</b>	7	10	13	24	15	23	8	3	8	8	28	39	6	8
<b>Mexíkó</b>	15	4	22	26	15	14	4	6	3	16	22	38	8	6
<b>Ísland</b>	13	13	7	24	15	23	5	5	9	5	28	38	8	7
<b>OECD - Meðaltal</b>	14	11	11	24	13	20	6	5	8	8	25	39	8	8

(OECD, 2021a)


### 1.3.3 Norðurlöndin

Mynd 53 sýnir hlutfall kvenna og karla á Norðurlöndunum á aldrinum 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á framhaldsskólastigi. Staðan er nokkuð svipuð í löndunum en þó hafa hlutfallslega fæstar konur (30%) og karlar (40%) á Íslandi hæst lokið menntun á þessu stigi. Hlutfall kvenna er hæst í Danmörku og Finnlandi (38%) og hlutfall karla er hæst í Finnlandi (49%). Þá virðist mesti kynjamunurinn vera í Svíþjóð þar sem 45% karla og 33% kvenna hafa hæst lokið menntun á þessu stigi. Samanborið við meðaltal OECD landanna þá er hlutfall karla sem hæst hefur lokið menntun á þessu stigi nokkuð sambærilegt en hlutfall kvenna er örlítið lægra á Norðurlöndunum (OECD, 2022).



**Mynd 53. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á Norðurlöndunum á aldrinum 25-64 ára sem hefur hæst lokið menntun á framhaldskólastigi.**

Hvað varðar háskólastigið þá sýnir mynd 54 hlutfall kvenna og karla á aldrinum 25-64 ára á Norðurlöndunum sem hefur hæst lokið menntun á því stigi. Líkt og með framhaldsskólana er staðan nokkuð svipuð í löndunum en þó hafa hlutfallslega fæstir karlar á Íslandi (34%) og í Danmörku (35%) hæst lokið menntun á þessu stigi en flestir í Finnlandi og Noregi, eða 40%. Minnsta kynjabilið virðist vera í Noregi og Danmörku (11%) en bilið er nokkuð svipað á Íslandi, Finnlandi og Svíþjóð, eða 14-16%. Í samanburði við OECD meðaltalið þá hafa hlutfallslega fleiri konur á Norðurlöndunum hæst lokið menntun á háskólastigi. Þá er Ísland eina Norðurlandið þar sem hlutfall karla er undir OECD meðaltalinu (OECD, 2022).



**Mynd 54. Samanburður á hlutfalli kvenna og karla á Norðurlöndunum á aldrinum 25-64 sem hefur hæst lokið menntun á háskólastigi.**

Í töflu 21 er að finna upplýsingar um brautskráðar konur og karla á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum á Norðurlöndunum. Aftur sjáum við svipað mynstur og í Evrópu (tafla 19)

og Norður-Ameríku (tafla 20). Hlutfall karla er mun hærra en hlutfall kvenna í STEM greinum og hlutfallslega flestir brautskráðust með STEM menntun. Hlutfall kvenna er aftur á móti hærra þegar kemur að menntunarfræðum og heilsu og velferð og þær brautskráðust flestar með menntun á sviði heilsu og velferðar í öllum þessum löndum nema Íslandi þar sem flestar brautskráðust með menntun á sviði viðskipta, stjórnunar og lögfræði og heilsu og velferð (OECD, 2021a).

**Tafla 21. Brautskráðir nemendur á háskólastigi árið 2019 eftir fræðigreinum og kyni: Norðurlöndin**

	Konur							Karlar						
	Menntun	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnun og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað	Menntun	Listir og hugvísindi	félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	Viðskiptafræði, stjórnun og lögfræði	Vísindi, tækni, verkfræði og stærðfræði	Heilsa og velferð	Annað
<b>Danmörk</b>	7	13	11	23	14	28	4	3	9	9	29	34	10	5
<b>Finnland</b>	9	13	9	19	13	30	7	3	8	5	19	51	8	7
<b>Noregur</b>	21	8	12	15	10	28	5	12	8	10	17	36	9	9
<b>Svíþjóð</b>	17	6	13	17	16	29	3	7	6	11	15	46	12	3
<b>Ísland</b>	13	13	7	24	15	23	5	5	9	5	28	38	8	7
<b>OECD - Meðaltal</b>	14	11	11	24	13	20	6	5	8	8	25	39	8	8

(OECD, 2021a)

#### 1.4 Mögulegar skýringar á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda

Sögulega séð hefur hallað á konur á hinu opinbera sviði og þar með talið menntunarmöguleika. Framan af tuttugustu öldinni beindist meginþungi stefnumótana, framkvæmda og rannsókna á kyngervi og menntun að stúlkum og slakri stöðu þeirra í menntunarkerfinu. Talað var um að stúlkur upplifðu til dæmis frekar átröskun, þunglyndi, lægra sjálfsmat og að þær fengju minni athygli frá kennurum. Á seinustu áratugum hefur orðið mikill viðsnúningur á stöðunni og er menntunarpátttaka drengja orðið áhyggjuefni í mörgum löndum (Weaver-Hightower, 2003) en þeir ljúka orðið í minna mæli en stúlkur menntun á framhalds- og háskólastigi. Á Íslandi hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að bregðast við brotthvarfi nemenda úr námi og kynbundnu námsvali til að stuðla að jafnara

kynjahlutfalli í háskólum. Þó konur hafi lengi verið í meirihluta þeirra sem útskrifast úr bæði framhalds- og háskólum þarf að hafa í huga að kynjahlutfall nemenda er aðeins ein hlið jafnréttis. Nauðsynlegt er að skoða þróunina í samhengi við ríkjandi hugmyndir í samfélaginu um stöðu og hlutverk kynjanna og tækifæri karla og kvenna á opinbera sviðinu.

#### 1.4.1 Brotthvarf úr framhaldsskólum og slakur námsárangur

Til að varpa skýru ljósi á ójafnt kynjahlutfall háskólanemenda er nauðsynlegt að skoða stöðuna í háskólum í samhengi við önnur námsstig. Ein skýring á lægra hlutfalli karla í háskólum snýr að brotthvarfi á framhaldsskólastiginu. Árlegt brotthvarf nýnema úr framhaldsskólum hefur verið meira meðal drengja en stúlkna sem má skýra með ólíkum einkunnum kynjanna við lok grunnskóla (Forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, 2021). Þá hefur brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum verið viðvarandi vandi í íslensku skólakerfi og meira hér á landi samanborið við önnur OECD ríki (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018). Mikilvægt er að reyna að skilja vandann því brotthvarf hefur bæði áhrif á tækifæri og stöðu einstaklinga og samfélagið. Ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla standa verr að vígi á vinnumarkaðnum en þau sem ljúka framhaldsskóla (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018) sem lýsir sér til dæmis í minni eftirspurn eftir vinnuafli þeirra og lægri launum (Campbell, 2015), hærri afbrotatíðni meðal karla (Bäckman, 2017) og meiri heilsufarsvandamálum (Vaughn, Salas-Wright og Maynard, 2014). Hvað varðar þjóðfélagslegar afleiðingar þá hefur til dæmis verið sýnt fram á að kostnaðurinn vegna brotthvarfs nemenda er mjög mikill fyrir samfélagið (Eyjólfur Sigurðsson, 2014).

Ein helsta orsök brotthvarfs úr framhaldsskólum er slakur námsárangur, þ.e. fall í námskeiðum og lágar einkunnir (Rumberger, 2011; Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Í þessu sambandi má benda á að drengir hafa staðið mun verr en stúlkur hvað varðar lesskilning og innflytjendur standa verr en nemendur sem hafa engan erlendan bakgrunn. Lesskilningur nemenda af landsbyggðinni er einnig lakari en nemenda af höfuðborgarsvæðinu (Menntamálastofnun, 2019). Um og upp úr aldamótum varð vinsælt að tengja slakan námsárangur drengja við stöðu þeirra í skólakerfinu (Weaver-Hightower, 2003). Drengjaorðræðan svokallaða (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004) leggur áherslu á að drengir fái ekki sömu athygli og stúlkur og talað er um „aumingja drengina“ sem fórnarlömb



sem verða afhuga menntun vegna femínískra áhrifa. Einnig er áhersla á að skólarnir með konur í meirihluta kennara séu kvenlægar stofnanir sem takmarki eða kúgi karlmennskuna og „bregðist drengjunum.“ Skortur á karlkyns kennurum stuðli að því að drengir eigi erfitt með að samsama sig og séu þar af leiðandi óánægðir í skólum. Drengjaorðræðan viðheldur þannig hefðbundnum hugmyndum um karlmennsku og menntun og sendir þau skilaboð að við þurfum karlkyns kennara því við þurfum jákvæðar karlmannlegar fyrirmyndir fyrst og fremst fyrir drengina (Francis og Skelton, 2005). Bent hefur verið á að drengjaorðræðan sé að einhverju leyti til mark um bakslag gegn femínisma og opinberum jafnréttismarkmiðum. Slík umræða hafi í för með sér að megin áherslan verði á skilvirkni og árangur í stað innihald menntunar og aðferðir til að styrkja drengi og stúlkur til að takast á við óhefðbundin kynjaverkefni (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004). Umræða um slakan námsárangur drengja og neikvæð áhrif kennslukvenna á stöðu drengi er ekki ný. Áhyggjur af tungumálakunnáttu drengja komu fram í skrifum John Lock árið 1693 (Francis og Skelton, 2005) og lesa má í skrifum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur frá 1916 að uppi hafi verið áhyggjur af fjölda kennslukvenna í barnaskólum á Íslandi í byrjun tuttugustu aldarinnar og neikvæðum áhrifum þeirra á drengina. Konurnar þóttu ekki jafn hæfar til að kenna og karlarnir og þá einkum þar sem margir stálpaðir drengir voru í bekk. Karlarnir voru taldir heppilegri til að kenna drengjum hlýðni og virðingu fyrir kennaranum. Hugmyndir voru um að kennsla kvenna væri of kvenleg og um leið grynri og veigaminni en hjá körlunum (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1916). Þess skal geta að drengjaorðræðan horfir framhjá kynjuðum valdatengslum sem endurspeglast meðal annars í ríkjandi stöðu karla á vinnumarkaðnum og meiri tækifærum til starfsframa þrátt fyrir lægri menntunarstöðu (sjá nánari umfjöllun um hlut kvenna og karla í helstu áhrifastöðum atvinnulífsins í kafla 2.4.1).

Nýlegar niðurstöður Kristjönu Stellu Blöndal og Atla Hafþórssonar (2018) benda á mikilvægi þess að taka mið af margbreytileika brotthvarfnemenda til að varpa ljósi á mögulegar orsakir brotthvarfs, ólíkum aðstæðum nemenda sem hætta í námi og mikilvægi þess að bregðast við með margvíslegum aðferðum sem taka tillit til einkenni ólíkra hópa.

Niðurstöður þeirra á mismunandi einkennum nemenda sem hverfa frá námi benda til þess að greina megi fjóra ólíka brotthvarfshópa sem mikilvægt sé að taka tillit til í forvörnum og inngrípi. Fyrst má nefna *félagslynda* nemendur sem hafa mikla félagslega skuldbindingu. Því næst eru það *fráhverfir* nemendur sem hafa litla félagslega skuldbindingu og samsömun við

skóla, eru með lítið bakland og líður illa. Þá eru það nemendur í *vanlíðan* sem hafa slaka andlega líðan og mikla neikvæða námshegðun. Að lokum eru það nemendur sem eru *vanmegnugir í námi* sem eiga að jafnaði minna menntaða foreldra og eru mun ólíklegri en aðrir hópar til að vera í bóknámi. Samkvæmt Kolbeini H. Stefánssyni og Helga Eiríki Eyjólfssyni (2022) á brotthvarf sér einmitt rætur í ólíkum tækifærum nemenda sem endurspeglast í félagslegum aðstæðum utan menntakerfisins þar sem menntun foreldra og heildartekjur skipta miklu máli. Þeir benda á að minni líkur séu á brotthvarfi nemenda því hærri sem menntun foreldra þeirra er og meiri líkur eru á námstöfum nemenda því minni sem menntun foreldra er. Jafnframt eru auknar líkur á brotthvarfi nemenda meðal þeirra sem eru í neðri hluta tekjudreifingar og einkum meðal þeirra sem eru í neðsta hlutanum. Þá skiptir hjúskaparstaða foreldra miklu máli í þessu samhengi en mun fleiri börn sem hverfa frá námi eiga foreldra sem eru einstæðir og hafa að jafnaði minni tíma og orku til að styðja við nám barna sinna og búa við auknar líkur á lágum tekjum. Einnig kemur fram í niðurstöðum þeirra að mun fleiri börn hverfa frá námi hér á landi sem eru fædd í Póllandi en á Íslandi.

#### 1.4.2 Brotthvarf úr háskólum: Skortur á stuðningi, áreitni og ofbeldi

Hvað varðar brotthvarf úr háskólanámi þá hefur hlutfall nemenda sem hverfa frá námi verið hæst meðal fyrsta árs nema og er það rakið til erfiðleika með að aðlagast náminu (Tinto, 2010). Aðlögun nemenda að háskólanámi er flókið fyrirbæri og áskorun sem endurspeglast í meira brotthvarfi hjá þessum hóp. Nemendur sem eru útkeyrðir í námi eða óánægðir geta verið í meiri hættu á að mistakast og hætta. Þá hefur verið sýnt fram á að menntun foreldra og fjárhagsleg staða hafi áhrif á brotthvarf sem er hærra meðal nemenda sem eiga foreldra sem hafa ekki lokið framhaldsskólanámi. Þá eru meiri líkur á því að nemendur ljúki námi ef fjárhagsstaða þeirra og foreldra þeirra er góð (Nandeshwar, Menzies og Nelson, 2011). Niðurstöður Magnúsar Þórs Torfasonar og Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur (2017) varpa ljósi á mikilvægi félagslegra þátta sem tengjast brotthvarfi nemenda. Samkvæmt þeim hefur fjöldi tengsla sem nemendur hafa við samnemendur forspárgildi varðandi námsárangur þeirra. Niðurstöður þeirra benda einnig til þess að því stærri sem tengslanet nemenda eru því minni líkur eru á að þeir hverfi úr námi.

Þá sýna rannsóknir tengsl milli brotthvarfs nemenda og ofbeldis. Samkvæmt Mengo og Black (2016) hefur kynferðislegt og líkamlegt/andlegt ofbeldi neikvæð áhrif á námsárangur nemenda og virðast áhrif kynferðislegt ofbeldis vera meiri í þessu samhengi. Þá var brottfall nemenda sem upplifðu kynferðislegt ofbeldi talsvert hærra en heildarbrottfall háskólans, eða 34,1% samanborið við 29,8%. Niðurstöður Stermac, Cripps, Amiri og Badali (2020) eru sambærilegar en nemendur sem upplifðu kynferðisofbeldi í háskólum áttu í meiri erfileikum með námið, voru líklegri til að mæta illa í skólann og að hverfa frá námi en nemendur sem upplifðu ekki slíkt ofbeldi. Hvað varðar Ísland í þessu samhengi þá eru ekki til upplýsingar um tengsl brottfalls í háskólum og ofbeldis. Í skýrslu um vinnustaðamenningu Háskóla Íslands er meðal annars að finna upplýsingar um umfang eineltis og kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni innan skólans. Gögnum var safnað með spurningalista og sýna niðurstöður að af þeim sem svöruðu könnuninni höfðu um 4,3% nemenda orðið fyrir einelti, 4% höfðu upplifað kynferðislega áreitni og 4,9% kynbundna áreitni. Í flestum tilfellum voru gerendur samnemendur og karlar og sjaldnast voru lagðar fram formlegar kvartanir. Þess ber að geta að 1405 nemendum fengu senda könnunina en einungis 273 nemendur svöruðu henni, eða 19% (Guðný Gústafsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2020). Það þarf því að fara varlega í að túlka niðurstöðurnar og hugsanlegt að þær gefi ekki nægilega skýra mynd af stöðunni. Samkvæmt Aguilar og Baek (2020) vantar talsvert upp á að öll tilfelli kynferðislegrar áreitni séu skráð í háskólum. Þau benda á hindranir innan stofnanna og deilda þar sem valdaójafnvægi geranda og þolanda leiki lykilhlutverk hvort tilfelli séu skráð. Þau benda sérstaklega á erfiðleika kvenna í STEM greinum og að líklegt sé að lágt hlutfall þeirra skapi erfiðar aðstæður fyrir þær.

Einnig er mikilvægt að skoða þætti eins og skerðingu, fötlun og kynhneigð í tengslum við brotthvarf nemenda úr háskólanámi. Niðurstöður Carroll, McCoy og Mihut (2022) sem skoðuðu áhrif sérkennslu á námsárangur í framhaldsskólum sýna að ungt fólk sem fær stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir um 9 ára aldur er í aukinni hættu á að hverfa frá námi. Það upplifir varnarleysi og því ólíklegra til að stefna á háskólanám. Þá benda niðurstöður Crane, Swaringen, Rivas-Koehl, Foster, Le, Weiser og Talley (2022) til mikilvægi þess að styðja hinsegin nemendur og að gagnkynhneigðarhyggja stuðli að óvinveittu umhverfi fyrir þessa nemendur. Í skýrslunni um vinnustaðamenningu Háskóla Íslands kemur einnig fram að fötlun og kynhneigð eru breytur sem hafa áhrif á upplifun nemenda.

Niðurstöður sýna að mikill meirihluti nemenda finnst þeir vera metnir að verðleikum til jafns við aðra í sinni deild eða sviði, eða um 92% þeirra. Aftur á móti voru nemendur sem höfðu verið greindir með skerðingu eða fötlun líklegri en aðrir nemendur til að hafa átt í erfiðum samskiptum við einstakling eða hóp í deildinni eða á sviðinu. Einnig höfðu hlutfallslega fleiri samkynhneigðir nemendur og nemendur með aðra kynhneigð (23,2%) átt í erfiðum samskiptum við einstakling eða hóp fólks í deild þeirra og/eða starfseiningu en gagnkynhneigðir nemendur (29,4%). Þá kom fram að samkynhneigðir nemendur upplifi útilokun í gagnkynhneigðri menningu skólans þar sem „kynjatvíhyggjan sé allsráðandi“ (Guðný Gústafsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2020).

#### 1.4.3 Kynbundið námsval: Kynhlutverk og kynjaðar væntingar

Barátta fyrir jafnara námsvali kynnjanna hefur staðið yfir í áratugi en eftir sem áður helst staðan mikið til óbreytt og er kynjamunur í námsvali enn áberandi á Íslandi (sjá töflu 2 í kafla 1.2). Í *The Global Gender Gap Report 2022* er bent á hvernig kynbundið námsval hefur viðhaldist í mælingum World Economic Forum (WEF) (2022) en talið er að það geti hægt á frekara kynjajafnrétti á vinnumarkaðnum (World Economic Forum, 2021). Karlar eru í meirihluta nemenda í STEM greinum (vísindum, tækni, verkfræði og stærfræði) (World Economic Forum, 2022) og í starfsnámi (Hagstofa Íslands, 2021g) á meðan konur eru enn í miklum meirihluta þeirra sem sækja sér nám í menntavísindum, heilbrigðisvísindum og á sviði velferðarmála (World Economic Forum, 2022). Í 2021 skýrslu WEF er athygli vakin á því að þrátt fyrir að stúlkur og drengir hafi svipað aðgengi að menntun sé það áskorun fyrir Ísland að bæta þátttöku kvenna og innritun í STEM greinar sem eru taldar mikilvægar fyrir vinnumarkaðinn (World Economic Forum, 2021).

Ójafnt kynjahlutfalli í námi þarf að skoða í samhengi við ríkjandi væntingar til kynnjanna og hugmyndir um kynhlutverk í samfélaginu en bent hefur verið á að félagslegar hindranir komi í veg fyrir jafna möguleika einstaklinga til námsvals, starfsframa, lífsafkomu og áhrifa (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Kynhlutverk eru skilgreind út frá væntingum sem tengjast líffræðilegri stöðu einstaklinga (Connell, 2005) og stuðla hefðbundin kynhlutverk að aðgreiningu milli karla og kvenna. Þau eru augljós þegar kemur að vinnu og hegðun einstaklinga og hvernig við bregðumst við öðru fólki (Schaefer, 2014). Einstaklingar eru stöðugt og ómeðvitað að framkvæma kyngervi (e. *doing gender*) og þannig skapast

mismunur milli stúlkna og drengja og kvenna og karla sem hefur verið notaður til að styrkja hugmyndina um eðlislegni kyngervis (West og Zimmerman, 1987). Slík félagsmótun birtist til dæmis í væntingum til kynjanna. Strákar eiga að vera karlmannlegir, virka harðir af sér, hugrakkir og ráðandi á meðan stúlkur eiga að vera tilfinningaríkar, sætar og undirgefnar (Schaefer, 2014). Hvað varðar hugmyndir um námsgetu þá bendir rannsókn Bian, Leslie og Cimpian (2017) á að það sé algeng staðalímynd að tengja vitsmunalega hæfni og snilligáfu við karla frekar en konur. Slíkar hugmyndir dragi úr konum að sækjast eftir starfsframa í t.d. eðlisfræði og heimspeki. Samkvæmt þeim hefur þetta áhrif á áhuga barna og væntingar um getu. Hugmyndir um kynhlutverk, og þar á meðal hvaða nám og störf henta hverjum verða því til snemma á lífsleiðinni.

Talið er að staðalímyndir og karlmennskuhugmyndir hafi áhrif á námsval þar sem ýtt er undir og lögð áhersla á karlmannlega og kvenlega eiginleika sem viðheldur ólíkum væntingum til kynjanna. En staðalímyndir eru óáreiðanlegar alhæfingar um hópa sem gera ekki ráð fyrir einstaklingsmun innan hópsins. Þessar hugmyndir eru oftast neikvæðar eða byggðar á fordómum og notaðar til að réttlæta mismunun (Schaefer, 2014). Þær eru hluti af kynjakerfinu (e. *patriarchy, gender system, gender regime*) sem Sylvia Walby (1990) hefur skilgreint sem félagslegt kerfi sem styður við ráðandi stöðu karla yfir konum og undirskipun kvenna í samfélaginu. Þó kynjakerfið sé rótgróið í menningunni eru ekki allir karlar í yfirráðastöðu né allar konur undirokaðar (Walby, 1990). Þá bendir Schaefer (2014) á að hegðun sé félagslega mótuð til að skapa eða ýkja kynjamun sem ýtir undir og lögmætir yfirráð karla.

Niðurstöður Kolbeins H. Stefánssonar (2008), sem rannsakaði kynjaviðhorf Íslendinga og viðhorf til kynbundinnar verkaskiptingar, benda til þess að hugmyndir Íslendinga um kynhlutverk séu litaðar eðlishyggju. Ríkjandi staðalímyndir um hlutverk kynjanna geti hamlað þróun kynjafnréttis og takmarkað möguleika ungmenna þegar kemur að námsvali. Þá benda nýlegar niðurstöður til þess að karlmennskuhugmyndir um STEM greinar geti haft neikvæð áhrif á löngun karla og kvenna til að innrita sig í þessar greinar á háskólastigi. Þar af leiðandi sé mikilvægi þess að draga úr staðalímyndum um STEM greinar til að vinna bug á kynjamun í námsvali (Makarova, Aeschlimann og Herzog, 2019).

Annað sem skiptir máli varðandi kynbundið námsval er að hefðbundin karlastörf á STEM sviðum hafa almennt notið meiri virðingar í samfélaginu en hefðbundin kvennastörf eins og kennsla og umönnun. Bent hefur verið á að slík störf hafi verið ósýnileg og notið lítillar virðingar í samfélaginu (Þórdís Þórðardóttir, 2005b). Hjúkrun og leikskólakennsla eru störf sem áður var sinnt heima fyrir og hafa þar af leiðandi gjarnan verið tengd heimilishaldi á meðan hugmyndir um fagmennsku tengjast starfi sem er unnið utan heimilisins (Butler, Chillas og Muhr, 2012). Þá hefur gengið hægar að fjölga körlum í hefðbundnum kvennastörfum en konum í hefðbundnum karlastörfum sem hefur meðal annars verið rakið til launa. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) bendir á að gert sé ráð fyrir að karlar hafi há laun og séu fyrirvinnur heimilisins. Samkvæmt honum fælast karlar launakjör kennara þar sem ekki væri unnt fyrir fyrirvinnur að framfleyta fjölskyldu með þeim launum. Svipaðar niðurstöður koma fram í nýlegri rannsókn Andra Rafns Ottesen og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2019) sem fylgdu eftir fjórum nýbrautskráðum kennslukörlum í sex mánuði og tóku þrjú viðtöl við hvern þeirra um upplifun þeirra af starfinu. Samkvæmt þeim töldu viðmælendur þeirra launin vera stærsta þáttinn í því hve fáir karlar sækjast eftir starfi grunnskólakennara.

Þá benda rannsóknir til þess að menntun skapi körlum og konum ólík tækifæri á vinnumarkaðnum. Rannsókn á launamun karla og kvenna á árunum 2008-2020 sýnir að kynbundin skipting í störf og atvinnugreinar skýri mikið til launamun kynjanna (Margrét Kristín Indriðadóttirog Herdís Steingrímsdóttir, 2021). Hefbundin kvennastörf eru verr launuð en hefðbundin karlastörf (Þórdís Hadda Yngvadóttir, 2020) og dregið hefur úr áhrifum menntunar á laun, einkum seinni árin (Margrét Kristín Indriðadóttir og Herdís Steingrímsdóttir, 2021). Það gæti bent til þess sem Acker (2006) talar um að starfshættir og ákvarðanatöku í kerfinu sé hagstæðari fyrir karla en konur og ýti undir og viðhaldi kynjamisrétti í atvinnulífinu. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um virði háskólamenntunar í sögulegu og alþjóðlegu samhengi kemur fram að ávinningur af háskólanámi hefur farið minnkandi undanfarin ár. Í skýrslunni eru meðal annars skoðaðar atvinnutekjur eftir menntun (framhalds- og háskólamenntun) með tilliti til kyns og aldurs. Á meðan niðurstöður sýna um 60% mismun á meðaltali atvinnutekna hjá háskólamenntuðum körlum og körlum með framhaldsskólamenntun (á sama aldri) þá er um 25% mismunur hjá konum með háskólamenntun og framhaldsskólamenntun. Í skýrslunni kemur einnig fram að

um 50 ára aldurinn séu atvinnutekjur háskólamenntaðra um 50-60% hærrí en þeirra sem lokið hafa framhaldsskóla. Þá er ávinningur kvenna af háskólamenntun meiri en karla fram til um 45 ára aldurs en eftir það er eykst ávinningur karla. Skýrsluhöfundar álykta að það megi skýra að hluta með greiðari aðgengi karla að stjórnunarstöðum og framgangi innan fyrirtækja (Gylfi Zoega, Andri Sigmarsson Scheving og Hjörvar Blær Guðmundsson, 2022) (sjá nánari umfjöllun um hlut kvenna og karla í helstu áhrifastöðum atvinnulífsins í kafla 2.4.1).

Eitthvað af rannsóknum hafa verið gerðar á upplifun kvenna og karla sem sækja í menntun og störf sem þykja óhefðbundin fyrir kyn þeirra. Rannsóknirnar sýna að þau sem fara óhefðbundnar leiðir mæta oft hindrunum. Karlar í hjúkrun hafa til dæmis mætt fordómum og verið stimplaðir hommar. Þeir hafa upplifað að litið sé á starfið sem umönnunarstarf sem væri konum eðlislægara en körlum (Þórður Kristinsson, 2004). Ingólfur V. Gíslason (2016) bendir á menningarlegan mun í þessu samhengi. Samkvæmt honum eru karlar um fjórðungur hjúkrunarfræðinga á Ítalíu. Þar þykir sjálfsagt og eðlilegt að karlar sinni öldruðum foreldrum, börnum, systkinum og öðrum ættingjum. Karlar í leikskólum hafa einnig mætt fordómum sem virðist hafa áhrif á fjölda karla sem sækja í nám og starf á þeim vettvangi. Þar skiptir meðal annars máli viðteknar hugmyndir samfélagsins um kynhlutverk (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014).

Hvað varðar hefðbundin karlastörf þá hafa konur í námi og störfum í húsasmíði og tölvunarfræði einnig upplifað aðgreiningu og undirskipun víða í námi og starfi sem birtist í lægri launum en karlarnir fá þrátt fyrir að gegna svipuðum störfum sem og óþægindum og áreitni (Katrín Björg Ríkhardsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012). Rannsókn á því hvaða hindrandi og hvetjandi þættir hafa haft áhrif á námsval kvenna og karla sem völdu nám í raunvísindum og verkfræði og hvernig menning ríkir í greinunum sýnir að konur þurfi meiri hvatningu og stuðning en karlar til að hefja nám í hefðbundnum karlagreinum. Þær hafa aftur á móti trú á eigin færni í stærðfræði og eru sterkir námsmenn. Niðurstöðurnar sýna jafnframt ákveðin merki um togstreitu þegar kemur að viðhorfi til kynja en konurnar upplifðu í minna mæli en karlarnir að virðing, viðurkenning og jafnrétti ríki milli kynjanna innan námsins (Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2011). Rannsókn Hrafnhildar Snæfríðar- og Gunnarsdóttur (2011) beinir sjónum að hugsanlegri orsök lágs hlutfalls kvenna innan eðlisfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði, stærðfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands og varpar ljósi á orðræðu innan þessara greina. Niðurstöður hennar sýna að ríkjandi

orðræða innan raun- og tæknivísindagreina endurómi oft neikvæða sýn á konur og þætti tengda kvenleika. Þá mátti jafnframt greina áreitni af kynferðislegum toga í sumum greinum, grófa hegðun og niðrandi athugasemdir um konur. Í rafmagns- og tölvuverkfræði hafa karlar verið mjög ríkjandi og þar hefur grófur húmor orðið að hefð sem nemendur hafa þurft að sætta sig við ef þeir vilja komast inn í félagslífið. Ef nemendur samsama sig ekki ríkjandi karllægri ímynd getur þetta reynst þeim hindrun. Nýleg rannsókn á reynslu og upplifun stúlkna í hefðbundnum karlagreinum í tveimur framhaldsskólum, þ.e. námsbrautum sem flokkast undir mannvirkja- og byggingagreinar og raf- og véltæknigreinar sýnir aftur á móti að reynsla þeirra af náminu er jákvæð og þeim hefur verið vel tekið af kennurum og samnemendum (Fríða Kristjánsdóttir, 2020).

Þá sýna niðurstöður Bettinger og Long (2005) fram á mikilvægi fyrirmynda í námi en samkvæmt þeim hafa sumir kvenkennarar í háskólanámi áhrif á námsval nemenda. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) bendir einmitt á mikilvægi þess að börn geti séð sig fyrir sér starfa við hvað sem er. Þannig getum við stuðlað að jafnari dreifingu starfa þannig að vinnustaðir verði síður kynjaeinsleitir. Jafnframt er mikilvægt að kynjafræðimenntun verði hluti af kennaramenntuninni til að meðal annars efla verkfæri kennara og vinna gegn því að börnum sé mismunað í skólakerfinu (Þórdís Þórðardóttir, 2005a). Þá skiptir viðhorf og væntingar foreldra einnig máli en bent hefur verið á hvernig foreldrar ýta undir hefðbundið námsval ungmenna.

## 1.5 Samantekt

Umfjöllunin um framhaldsskólastigið sýnir að kynjahlutfall skráðra nemenda í framhaldsskólum hefur haldist nokkuð jafnt seinustu áratugina. Brautskráðum stúdentum hefur fjölgað og dregið hefur úr brotthvarfi allra nemenda. Aftur á móti er brotthvarfið meira meðal karla en kvenna sem myndar ákveðna gjá á milli þeirra strax á framhaldsskólastiginu. Þá er brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn meira en nemenda með engan erlendan bakgrunn sem bendir til mikilvægi þess að huga þurfi betur að stöðu þessa hóps í skólakerfinu. Að lokum varpa niðurstöðurnar ljósi á ólíkar áherslur kvenna og karla þegar kemur að námsvali. Á meðan fleiri konur en karlar brautskrást á framhaldsskólastigi með stúdentspróf (almennt eða starfsgreina) þá brautskrást hlutfallslega



fleiri karlar en konur með annað próf af framhaldsskólastigi (grunnpróf úr iðn, grunnpróf starfsgreina, réttindapróf starfsgreina, burfararpróf úr iðn og sveinspróf).

---

*Hvað varðar háskólastigið þá sýna niðurstöðurnar að til að stuðla að jafnara kynjahlutfalli í háskólum þurfi að bregðast við brotthvarfi nemenda og kynbundnu námsvali. Gögn benda til þess að brotthvarf karla af háskólastiginu sé meira en brotthvarf kvenna og kynbundið námsval hefur jafnframt veruleg áhrif á stöðuna þar sem ásókn kynjanna í svið sem þykja hefðbundin fyrir kyn þeirra hefur viðhaldist.*

---

Varðandi nemendur í háskólanámi með erlendan bakgrunn þá eru takmarkaðar upplýsingar aðgengilegar um þessa nemendur, t.d. vantar upplýsingar um fjölda þeirra á ólíkum námsstigum og sviðum. Til að hægt sé að varpa skýru ljósi á stöðu þeirra í háskólum landsins er mikilvægt að bæta úr þessu. Þegar staða einstakra háskóla er skoðuð má sjá að kynjahlutfall nemenda er misjafnt sem skýrist að einhverju leyti af áherslum skólanna. Hlutfall karla er einungis hærra en hlutfall kvenna í Háskólanum í Reykjavík þar eru þeir í meirihluta nemenda í flestum deildum skólans. Konur eru aftur á móti í miklum meirihluta nemenda í öðrum háskólum landsins.

Þá benda gögn til þess að menntunarstigið á Íslandi sé lægra samanborið við t.d. Norðurlöndin, Bandaríkin og Kanada. Mun hærra hlutfall fólks hefur ekki lokið menntun á framhaldsskólastigi á Íslandi en í þessum löndum og í öllum löndunum nema Kanada eru hlutfallslega fleiri sem hafa hæst lokið framhaldsskólaprófi. Í Kanada er hlutfall þeirra sem hafa hæst lokið háskólaprófi aftur á móti lang hæst í þessum löndum. Þá er hlutfall háskólamenntaðra einnig lægra á Íslandi en í öllum þessum löndum nema Danmörku þar sem hlutfall kvenna er örlítið lægra. Hvað varðar stöðu kynjanna þá er hún ólík og er hlutfall karla sem hæst hefur lokið háskólamenntun lægra á Íslandi en OECD meðaltalið.

---

*Borið saman við önnur Norðurlönd hafa hlutfallslega fæstir karlar á Íslandi hæst lokið menntun á háskólastigi. Hlutfall kvenna á Íslandi sem hæst hafa lokið menntun á háskólastigi er einnig lægra en í mörgum öðrum löndum. Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að finna leiðir til að stuðla að auknu menntunarstigi bæði meðal karla og kvenna á Íslandi.*

---

Eins og komið hefur fram hafa ýmsar skýringar verið lagðar fram á ójöfnu kynjahlutfalli nemenda. Slakur námsárangur eykur líkur á brottfalli úr námi og skýrir að einhverju leyti þann ólíka fjölda karla og kvenna sem skilar sér í háskólanám. Þá má rekja kynbundið námsval til kynjaðrar menningar þar sem finna má rótgrónar hugmyndir um hvaða nám og störf þykja heppileg fyrir kynin. Vissulega geta þættir eins og vinnutími og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs haft áhrif á námsval en ljóst er að þegar fólk velur sér nám í háskóla skipta ríkjandi hugmyndir um kynhlutverk og samfélagslegar væntingar einnig máli. Þá hafa karlar og konur sem fara óhefðbundnar leið í námsvali mætt hindrunum og fordómum sem getur ýtt undir og viðhaldið ríkjandi mynstri. Niðurstöður rannsókna benda jafnframt til mikilvægi þess að huga þurfi að nemendum með erlendan bakgrunn sem eru líklegri en þeir sem hafa engan erlendan bakgrunn til að hverfa frá námi. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta stöðu fatlaðra og hinsegin nemenda sem hafa upplifað samskiptavanda og jafnvel útilokun innan Háskóla Íslands. Að lokum geta félagslegar aðstæður nemenda einnig haft áhrif á tækifæri þeirra til náms en meiri líkur eru á námstöfum nemenda því minni sem menntun foreldra er og auknar líkur eru á brotthvarfi nemenda sem eru í neðri hluta tekjudreifingar og í neðsta hlutanum.

## 2. Aðgerðir sem hafa verið unnar á Íslandi



**Mynd 55. Frá stelpur í tækni í Háskólanum í Reykjavík árið 2022. Mynd/Skúli Andrésson**

Áhyggjur af ójöfnu kynjahlutfalli innan ákveðinna námsleiða eru ekki nýjar af nálinni og endurspeglast í lagalegum grunni jafnréttisstarfs háskólanna, jafnréttisáætlunum þeirra og átaks- og hvatningarverkefnum sem sett hafa verið af stað á seinustu áratugum. Hér verður gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem unnar hafa verið af hálfu stjórnvalda og háskólanna á Íslandi til að jafna hlutfall kynja í háskólanámi og í einstökum greinum eins og í STEM greinum, kennslu og hjúkrun. Einnig verður fjallað um verkefni þar sem hugað er að bakgrunni nemenda. Reynt verður að varpa ljósi á hugsanlegan afrakstur þeirra aðgerða sem unnar hafa verið og þær settar í samhengi við tækifæri kvenna og karla í atvinnulífinu. Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman.

### 2.1 Lagalegur grunnur jafnréttisstarfs við háskólanna

Í upphafi tuttugustu aldarinnar börðust konur fyrir auknum réttindum til jafns við karla eins og réttindum til náms og starfa (Erla Huld Halldórsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2020) til að stuðla að jöfnum tækifærum á við karla á opinbera sviðinu. Eins og komið hefur fram fengu konur sama rétt og karlar til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins með lögum um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta nr. 37/1911. Í kjölfar fyrstu jafnréttislaganna (nr. 78/1976) og rétti kvenna til þriggja mánaða fæðingarorlofs árið 1980 fjölgaði konum mjög í námi. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar í jafnréttismálum og ýmis lög liggja til grundvallar jafnréttisstarfi háskólanna eins og lög er huga að kynjajafnrétti, uppruna nemenda, málefnum fatlaðra og kynrænu sjálfræði.

Ákvæði um að bregðast skuli við kynbundnu náms- og starfsvali náðu fyrst inn í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985 sem felldu úr gildi fyrstu jafnréttislögin. Í 10. gr laganna er kveðið á um að leitast skuli við því að breyta hinu venjubundna náms- og starfsvali kvenna og karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum og að tryggja ætti konum og körlum jafna möguleika til atvinnu og menntunar. Þetta ákvæði má einnig finna í 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991 en þó með örlitlum áherslubreytingum. Í stað þess að leggja áherslu á að náms- og starfsfræðsla eigi að breyta hefðbundnu starfs- og námsvali kynjanna er lögð áhersla á að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hefur verið litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf. Það ákvæði hélst óbreytt í 19. gr. jafnréttislaga nr. 96/2000 en í 23. gr. laga nr. 10/2008 kemur fram að náms- og starfsfræðsla og ráðgjöf í skólum eigi að fræða og veita piltum og stúlkum ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni. Sambærilegt ákvæði má finna í 15. gr. nógildandi jafnréttislaga, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 sem samþykkt voru í lok árs 2020. Þar er einnig kveðið á um að nemendur skuli hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu þar sem meðal annars er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Markmið laganna er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns (þ.e. konur, karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá) og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þessu skal náð meðal annars með því að gæta jafnréttissjónarmiða, vinna að jöfnum áhrifum kynjanna í samfélaginu, breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðu staðalímyndum um kynhlutverk og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna og karlastörf.

Í jafnréttislögnum er einnig kveðið á um hlutverk atvinnurekenda en í 9. gr laga nr. 65/1985 kemur fram að það eigi að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ákvæðið hélst óbreytt í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í öllum útgáfum laganna, þ.e. í 5. gr. laga nr. nr. 28/1991, 13. gr. laga nr. 96/2000 og 18. gr. nr. 10/2008. Þó hefur bæst við í 18. gr. laga nr. 10/2008 að sérstaka áherslu eigi að leggja á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Það ákvæði má jafnframt finna í 4. gr. núgildandi jafnréttislaga nr. 150/2020.

Jafnréttisstarf háskólanna grundvallast einnig á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018. Í 10. gr. laganna er kveðið á um bann við mismunum í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum hvað varðar nám, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Einnig þarf að huga að því að kennslu- og námsgögn hvorki mismuni á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna né séu til minnkunar eða lítilsvirðingar. Þá ber að nefna lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 en þau kveða á um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt og að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar.<sup>29</sup>

Einnig er vert að nefna að samþykktar hafa verið breytingar á aðgangsskilyrðum að háskólum fyrir nemendur sem vilja hefja nám til fyrstu háskólagráðu. Staða þeirra sem hafa lokið list-, tækni- og starfsnámi af þriðja hæfniprepi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna hefur verið jöfnuð við stöðu þeirra sem hafa lokið stúdentsprófi (Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði)).

## 2.2 Jafnréttisáætlanir háskólanna

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 kemur fram að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa að jafnaði 25 eða fleiri þurfi að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta kynjasjónarmið í starfsmannastefnu sína. Allir háskólarnir eru með jafnréttisáætlun sem nær til bæði nemenda og starfsfólks. Áætlanirnar eru mis ítarlegar en

---

<sup>29</sup> Háskólarnir þurf að taka mið af fleiri lögum sem eru þó ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu. Þar má nefna lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindin fatlaðs fólks.

byggja á þeim lagalega grunni sem getið hefur verið hér á undan. Hjá öllum skólunum er lögð áhersla á að tryggja eigi jafna stöðu starfsfólks og nemenda við skólana óháð kyni, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun, kynhneigð og stjórnmálaskoðunum. Hér verður fjallað um hvaða markmið skólarnir hafa sett til að jafna kynjahlutfall nemenda og hvort tekið sé tillit til uppruna í því samhengi. Einnig verður skoðað hvort skólarnir hafi sett verkferla gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni.

### 2.2.1 Jafna kynjahlutfall nemenda

Háskóli Íslands hefur sett jafnréttisáætlun fyrir árin 2021-2023 en þar kemur fram að markmið skólans sé að jafna kynjahlutfall nemenda samanber 15. gr. núgildandi jafnréttis laga nr. 150/2020. Einnig kemur fram í áætluninni að unnið sé að því að jafnréttis- og kynjafræðsla verði hluti af námi allra nemenda á Menntavísindasviði HÍ (Háskóli Íslands, 2021). Eins og komið hefur fram er mikilvægt að kynjafræðimenntun verði hluti af kennaramenntuninni til að efla verkfæri kennara og vinna gegn því að börnum sé mismunað í skólakerfinu (Þórdís Þórðardóttir, 2005a). Þessi aðgerð gæti því orðið mikilvægur þátt í því að jafna kynjahlutfall nemenda til lengri tíma.

Háskólinn á Akureyri hefur sett áætlun um jafna stöðu kynjanna fyrir árin 2021-2024. Áhersla er á aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna meðal stúdenta og að í öllu starfi og námi stúdenta sé staða kvenna og karla sem jöfnust. Sérstaklega er kveðið á um að það eigi að gæta þess að allt kynningarefni skólans sýni bæði konur og karla og vinni þannig gegn staðalímyndum kynjanna (Háskólinn á Akureyri, 2021a).

Háskólinn á Bifröst hefur sett jafnréttisáætlun fyrir árin 2021-2024. Lögð er áhersla á að auglýsinga- og kynningarstarf miði að því að laða öll kyn jafnt til náms við skólann og að deildir skulu leitast við að byggja upp starfsanda í námi og kennslu þar sem ólíkum kynjum sé gert jafnhátt undir höfði (Háskólinn á Bifröst, 2021).

Háskólinn á Hólum hefur sett jafnréttis- og aðgerðaráætlun fyrir árin 2021-2023 þar sem fram kemur að ætlunin sé að fjölga nemendum sem eru í minnihluta með markvissum aðgerðum. Kynning á námsleiðum, námsefni og kennslutilhögun á að höfða til allra kynja og vekja á athygli á því kyni sem á hallar (Háskólinn á Hólum, 2021).

Háskólinn í Reykjavík hefur sett jafnréttisáætlun fyrir árin 2021-2024. Í áætluninni kemur fram að nemendum sé boðið upp á jafnréttis- og kynjafræðslu þar sem til dæmis er fjallað um kynjaðar staðalímyndir og kynbundið náms- og starfsval. Skólinn virðist einnig vilja stuðla að því að til staðar séu karl- og kvenfyrirmyndir í kennslu en kveðið er á um að jafna kynjahlutföll kennara í skyldunámi (Háskólinn í Reykjavík, 2021). Samkvæmt jafnréttisskýrslu skólans frá 2019 var kynjaskipting akademískra starfsmanna mjög ójöfn það ár, eða 28% konur og 72% karlar. Þá var kynjahlutfall kennara mjög ólíkt eftir deildum og karlar í meirihluta kennara í flestum þeirra. Þannig voru konur í miklum meirihluta meðal kennara í Sálfræðideild (70%) en karlar í meirihluta kennara í Tölvunarfræðideild (70%), Iðn- og tæknifræðideild (69%), Verfræðideild (66%) og Íþróttifræðideild (60%). Kynjahlutfall kennara var jafnast í Lagadeild (47% karlar og 53% konur) og Viðskiptafræðideild (57% karlar og 43% konur) (Háskólinn í Reykjavík, 2019b).

Í jafnréttisáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands (2022a) er lögð áhersla á að nemendur hljóti m.a. jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi og kennslu um kynjaðar staðalímyndir og kynbundið náms- og starfsval. Enn fremur að huga þurfi að því að öll kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjum og eiga nemendur að fá fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf óháð kyni í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólanum. Þessu markmiði á að ná með fræðslu til nemenda um jafnréttismál.

Listaháskóli Ísland hefur sett jafnréttisstefnu fyrir árin 2019-2022 en þar kemur fram að kynjajafnrétti eigi að endurspeglast í textum, skjölum og kerfum skólans. Til að ná þessu fram á að yfirfara texta í kynningarefni og á vef skólans með þetta í huga. Einnig á að sjá til þess að kerfi skólans bjóði upp á breiðara val á kyni og orðalag námskeiðslýsinga endurspegli fjölbreytileika kynja (Listaháskóli Íslands, 2019b).

### 2.2.2 Staða nemenda með erlendan bakgrunn

Enginn skólanna hefur ákvæði í jafnréttisáætluninni sem kveður á um að tekið sé tillit til uppruna í samhengi við kynbundið námsval eða þegar kemur að því að jafna stöðu kynjanna í námi. Megin áhersla skólanna hvað þetta varðar er að koma í veg fyrir mismunun vegna m.a. þjóðernis og kynþáttar eða uppruna og litarháttar. Ýmislegt kemur þó fram í jafnréttisáætlunum skólanna sem getur á einn eða annan hátt stutt við nemendur með erlendan bakgrunn.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að styðja við nám og efla stoðþjónustu við nemendur af erlendum uppruna til dæmis með því að setja á laggirnar mentorakerfi fyrir nemendurna (Háskóli Íslands, 2021). Í áætlun um jafna stöðu kynjanna í Háskólanum á Akureyri (2021a) kemur fram að sérstök áhersla skuli lögð á að tryggja að kynjamsrétti viðgangist ekki í hópum sem búa við annars konar misrétti eins og vegna litarháttar og þjóðernis. Jafnframt að ávallt skuli hafa í huga að staða kynjanna í minnihlutahópum geti verið ólík og því þurfi að gæta að því kyni sem á hallar hverju sinni. Í jafnréttis- og aðgerðaráætlun Háskólans á Hólum kemur að auki fram að styðja eigi við íslenskunám fyrir framhaldsnema af erlendum uppruna og að fræða eigi um áreitni sem t.d. fólk af erlendum uppruna verður fyrir (Háskólinn á Hólum, 2021). Þá leggur Listaháskóli Íslands áherslu á að stuðla að fjölbreyttum nemendahópi. Ætlunin er að greiða aðgengi jaðarhópa að listnámi og móta aðgerðir til úrbóta. Einnig á að auka stuðning við nemendur af erlendum uppruna (Listaháskóli Íslands, 2019b).

### 2.2.3 Verkferlar í háskólum gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni

Eins og kom fram hér á undan er brotthvarf úr námi einn angi ójafns hlutfalls karla og kvenna í námi og er ýmislegt sem bendir til þess að tengsl séu á milli brotthvarfs nemenda og ofbeldis. Þrátt fyrir að ekki séu til upplýsingar um tengsl brottfalls í háskólum á Íslandi og ofbeldis þá bendir samfélagsleg umræða í kjölfar #Metoo til þess að kynferðisleg áreitni og ofbeldi sé raunverulegur vandi innan háskólanna. Konur úr öllum geirum vísindasamfélagsins, bæði nemendur og starfsmenn, deildu 106 reynslusögum af áreitni og ofbeldi. Í framhaldinu skoruðu 330 konur á vísindasamfélagið að uppræta kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi sem þrífst innan háskólanna (Birgir Olgeirsson og Tryggvi Páll Tryggvason, 2017). Þessi vandi endurspeglast í jafnréttisáætlunum háskólanna sem allir hafa sett inn ákvæði til að bregðst við brotum af þessu tagi. Þá hafa háskólarnir gripið til aðgerða og sett inn verkferla eða endurskoðað fyrirliggjandi verklagsreglur til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni í vísindum.

Í jafnréttisáætlun HÍ kemur fram að kynbundið ofbeldi og áreitni og kynferðileg áreitni og annað ofbeldi eða einelti sé ekki liðið (Háskóli Íslands, 2021). Árið 2014 voru einnig samþykktar verklagsreglur á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni



og kynferðislegri áreitni og öðru kynferðislegu ofbeldi innan HÍ. Markmið reglanna var að tryggja að til staðar væru úrræði telji starfsmaður eða nemandi sig verða eða hafa orðið fyrir áðurnefndum brotum (Háskóli Íslands, 2014). Í kjölfar #Metoo voru verklagsreglurnar endurskoðaðar í mars 2018 (Háskóli Íslands, 2018c). Rektor Háskóla Íslands skipaði starfshóp sem átti að kanna hvaða aðgerða væri þörf til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi og þöggun innan skólans. Starfshópurinn lagði til sextán aðgerðir í aðgerðaráætlun sem snúa m.a. að: rannsókn á umfangi og afleiðingum vandans í gengum rannsóknum „Áfallasaga,“ leggja fyrir könnun meðal nemenda og starfsfólks á umfangi og einkennum kynferðislegrar áreitni, eineltis og ofbeldis í skólanum, athugun á því hvernig þekking á jafnréttismálum geti orðið hluti af kennaranámi og stjórnendanámi, fræðslu til nemenda um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, eineltis og ofbeldis og um úrræði skólans, merkingum á nokkrum tungumálum með fræðslu og viðbrögðum við áreitni, einelti og ofbeldi, setja í siðareglur að kennurum sé óheimilt að eiga í kynferðislegum samskiptum við nemendur og að kaupa vændi þegar ferðast er á vegum skólans, hnappi á heimasíðu skólans til að tilkynna kynferðislega áreitni og kynferðisbrot, eftirfylgni með málum og fylgja eftir #Metoo frásögnum úr háskólasamfélaginu (Háskóli Íslands, 2018a). Haldin hafa verið ýmis málþing til að fjalla um stöðuna og má þar nefna „Samfélagsbyltingin #MeToo,“ málþing á vegum Félags- og mannvísindadeildar og „Málþing um viðbrögð stofnana og fagraða við „MeToo,“ sem var liður í framlagi HÍ til Jafnréttisdaga (Háskóli Íslands, e.d.-a).

Háskólinn á Akureyri (2021a) og Háskólinn á Bifröst (2021) taka einnig á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni í sínum jafnréttisáætlunum. Árið 2019 voru settar sambærilegar verklagsreglur í skólunum og í HÍ (Háskólinn á Akureyri, 2019; Háskólinn á Bifröst 2019b). Í viðbragðsáætlun HA er tekið fram að markmið reglanna sé að stuðla að forvörnum og aðgerðum gegn einelti eða hvers konar áreitni eða ofbeldi innan skólans (Háskólinn á Akureyri, 2019). Háskólinn á Bifröst hefur sett fram áætlun um forvarnir vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir brot af þessu tagi í skólanum. Áætlunin er að stuðla að gagnkvæmri virðingu í háskólasamfélaginu og auka vitund og skilning á því að kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi sé óheimil (Háskólinn á Bifröst, 2019a). Í jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun Háskólans á Hólum fyrir árin 2021-2023 kemur fram að jafnréttismál í víðum skilningi verði kynnt með almennun hætti innan skólans. Nemendur og starfsfólk eigi að fá reglulega

fræðslu um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, kynbundins áreitis, eineltis og annars ofbeldis og þau úrræði sem skólinn hefur yfir að ráða (Háskólinn á Hólum, 2021).

Í jafnréttisáætlun Háskólans í Reykjavík kemur fram að markmiðið sé að skýrar verklagreglur um viðbrögð skólans við brotum liggi fyrir og að þær séu birtar á vef HR (Háskólinn í Reykjavík, 2021). Í viðbragðsáætlun skólans kemur fram að kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi séu ekki liðin innan skólans og að skólinn bregðist við slíkum brotum með formlegri athugun. Nemendur er hvattir til að tilkynna brot sem þeir telja sig hafa orðið fyrir og að leita eftir ráðgjöf, stuðningi og leiðbeiningum um ferlið við tilkynningum og meðhöndlun þeirra hjá Náms- og starfsráðgjöf skólans (Háskólinn í Reykjavík, 2019a). Í jafnréttisáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands er kveðið á um hlutverk stjórnenda og yfirmanna skólans um að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemendur og aðrir sem nýta þjónustu skólans verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni innan skólans (Landbúnaðarháskólinn, 2022a). Þá hefur skólinn útfært nánar viðbrögð skólans við slíkum brotum og gefið út upplýsingar og verklag (Landbúnaðarháskólinn, 2022b).

Stjórnendur Listaháskóla Íslands töldu sig þurfa að bregðast sérstaklega við #Metoo í ljósi þess að konur í sviðslistum ruddu brautina með sínum röddum á Íslandi (Fríða Björk Ingvarsdóttir, 2017a). Því var lýst yfir að það væri skýrt markið skólans að ofbeldi líkt og #Metoo hreyfingin hefur afhjúpað yrði hvorki þaggað niður né umborið (Fríða Ingvarsdóttir, 2017b). Þá var ákveðið að þjálfar leiðbeinendur sviðslistadeildar í nemendamiðuðum kennsluháttum, innleiða nýja kennsluhætti og ákveðið að kynjafræði yrði stór hluti af inngangsnámskeiði deildarinnar (Listaháskóli Íslands, 2017). Í viðbragðsáætlun skólans við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi kemur fram að slík brot séu með öllu óheimil af hálfu starfsfólks og nemenda. Markmið áætlunarinnar er að tryggja að til staðar séu úrræði fyrir aðila sem telja að brotið hafi verið á þeim (Listaháskóli Íslands, e.d.-b).

### 2.3 Verkefni til að jafna námsval kynjanna

Í þessum kafla verður fjallað um helstu átaks- og hvatningarverkefni sem hefur verið hrint af stað til að jafna námsval kynjanna og tengjast grunn-, framhalds- og háskólastiginu sem og

verkefni er tengjast bakgrunni nemenda. Einnig verður fjallað um leiðbeiningar fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa um hvernig má ræða við nemendur um kynjajafnrétti og kynbundið starfsval og handbók fyrir stjórnmalafólk og sérfræðinga í menntamálum, námsráðgjafa og menntastofnanir um hvernig vinna megi bug á kynbundnu námsvali ungmenna.

### 2.3.1 Átaks- og hvatningarverkefni til að jafna námsval á grunn- og framhaldsskólastiginu

Ýmis verkefni hafa verið sett á laggirnar til að auka áhuga barna og ungmenna á raunvísindum og tækni en sem hafa ekki kynjavinkilinn. Þar má til dæmis nefna **GERT verkefnið** sem sett var af stað árið 2012 og snýst um að efla grunnmenntun í raunvísindum og tækni (Skólar og tækni, e.d.). Einnig má nefna samfélagsverkefnið **Forritarar framtíðar** sem sett var af stað 2014 til að efla og auka áhuga á forritun og hagnýtingu á tækni í grunn- og framhaldsskólum (Forritarar framtíðarinnar, e.d.). **Boxið** er vettvangur framhaldsskólanema til að spreyta sig á ýmsum verkefnum, reyna á samvinnu og kynnast tækni og iðnaði. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-a). **Hringekjan** er árlegt námskeið sem er skipulagt í Háskólanum í Reykjavík þar sem 9. og 10. bekkjum eins grunnskóla í senn er boðið í skólann. Þar fá nemendur stutt námskeið á vegum Tölvunarfræðideildar og Tækni- og verkfræðideildar. Markmiðið er að vekja forvitni og áhuga á tækni- og raungreinum og gefa krökkunum nýja sýn á heim tækninnar (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-b). Háskólinn í Reykjavík hefur einnig staðið fyrir **Forritunarkeppni framhaldsskólanna** í mörg ár.

**Stelpur og tækni:** Háskólinn í Reykjavík hefur hvatt konur til náms í tæknigreinum og er einn liður í því verkefnið *Stelpur og tækni* sem hófst 2014 (sjá mynd 55 bls. 83). Verkefnið snýst um að bjóða stelpum úr 9. bekkjum grunnskóla í háskólann og tæknifyrirtæki og vekja áhuga þeirra á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann í tækniiðnaðinum. Háskólinn í Reykjavík, Ský og Samtök iðnaðarins standa að verkefninu (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-c).

**#kvennastarf:** Átakið *#kvennastarf* var sett á laggirnar árið 2017 af iðn- og verkmenntaskólum á Íslandi. *#kvennastarf* vísar til þeirrar mýtu að eðlilegt sé að starfsgreinar flokkist í kvenna- og karlastörf. Markmið átaksins er að vekja athygli á og jafna

kynjahalla í iðn- og verkgreinum en karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem hafa lokið sveinsprófi í löggildri iðngrein, eða 84%. Vakin er athygli á að konur starfa í ýmsum starfsgreinum sem þykja karllægar og veitir átakið þessum konum tækifæri til að deila reynslu sinni. Áhersla er á að konur og karlar geti starfað við það sem þeim sýnist og stefnt er að því að 20% grunnskólanema velji starfsmenntun árið 2025 og 30% árið 2030 (#kvennastarf, e.d.).

**Fyrir mig!** *Fyrir mig!* er kynningarátak starfs- og tæknimenntaskóla í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins til að efla starfs- og tæknimenntun. Markmiðið er að kynna þá miklu möguleika sem slík menntun hefur upp á að bjóða og gera námið meira aðlaðandi ólíkum kynjum. Ein af áherslum átaksins er að hver og einn velji nám fyrir sig, sé upplýstur um nám og störf og geti myndað sér skoðun um námsval út frá eigin löngunum. Til að vekja athygli á áttakinu hafa verið gerð myndbönd og annað kynningarefni á netinu. Einnig hafa nemendur frá háskólum heimsótt framhaldsskóla til að kynna tæknigreinar í gegnum GERT verkefnið (Samtök iðnaðarins, 2020).

### 2.3.2 Átaks- og hvatningarverkefni til að jafna námsval kynjanna á háskólastiginu

Á háskólastiginu hefur einkum verið lögð áhersla á að huga að því hvernig megi jafna kynjahlutfall í hefðbundnum karla- og kvennafögum, eins og STEM greinum, hjúkrun og leikskólakennaranámi. Hvað varðar leikskólakennaranámið þá varð það þriggja ára háskólanám til B.Ed.-gráðu árið 1998 þegar Fóstruskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskóla Íslands. Árið 2008 lengdist svo námið úr þremur háskólaárum í fimm (Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir, 2010). Nýlega hefur athyglin einnig beinst að fólki með erlendan bakgrunn en eins og komið hefur fram þá er þetta stór hópur á Íslandi sem stendur höllum fæti í námskerfinu.

**Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna:** Árið 2000 var verkefninu *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* hrint af stað af jafnréttisnefnd háskóla Íslands og Jafnréttisstofu.

Einnig stóðu forsætis-, félagsmála-, menntamála- og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að verkefninu ásamt Eimskip, Gallup-Ráðgarði, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagi íslenskra framhaldsskóla og stúdentaráði Háskóla Íslands. Verkefnið var tvíþætt og var annars vegar markmiðið að **stuðla að auknum hlut kvenna í ábyrgðarstöðum í**

**þjóðfélaginu.** Haldin voru námskeið í þeim tilgangi að búa konur sem luku námi frá HÍ undir

forystustörf á framtíðarvettvangi. Einnig var gefinn út bæklingurinn *Lykill að velgengni* á vinnumarkaði þar sem finna má ráð til kvenna í atvinnuleit (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004).

Hins vegar var markmiðið að **jafna námsval kynjanna við Háskóla Íslands** sem átti í fyrsta lagi að vinna að með því að **fjölga konum í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands** með viðamikilli kynningu á námi í verkfræði og tölvunarfræði við skólann. Verkefnisstjóri átaksverkefnisins heimsótti alla framhaldsskóla landsins og kynnti nám og starf í tæknigreinum. Ásamt verkefnisstjóranum tóku um 40 fyrirmyndir úr þessum fögum þátt í að kynna námið og fjölbreyttan starfsvettvang fyrir stúlkum í framhaldsskólum, þ.e. kvennemendur, starfandi kvenverkfræðingar og tölvunarfræðingar. Þá voru haldnir Tæknidagar í Ráðhúsi Reykjavíkur haustið 2002 í samstarfi við Rannís og fjölda rannsóknarstofnana þar sem tekið var á móti 1100 grunnskólabörnum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004). Samkvæmt Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur (2011) fóru sumar áherslur átaksverkefnisins er snéru að því að fjölga konum í verkfræði og tölvunarfræði illa í kvennemendur sem gagnrýndu að þeirri hugmynd væri haldið á lofti að konur hefðu ekki áhuga á raunvísindum. Hún bendir á mikilvægi þess að skoða uppbyggingu náms í raun- og tæknivísindagreinum og menninguna þar með gagnrýnum hætti í stað einsleitrar umræðu um konur og raun- og tæknivísindi.

Í öðru lagi var ætlunin að jafna námsval kynjanna með því að **að fjölga körlum í hjúkrun**. Verkefnisstjóri átaksverkefnisins, ásamt karlhjúkrunarfræðingum og nemum í hjúkrunarfræði heimsótti framhaldsskóla á m.a. höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Laugarvatni og Selfossi á vormisseri 2002. Markmið heimsóknanna var að kynna námið fyrir strákum og lögð var áhersla á að kynna fjölbreytileika hjúkrunarfræðistarfsins, möguleika á sérhæfingu og störfum víða um heim. Jafnframt að nauðsynlegt væri að sjónarmið bæði karla og kvenna ættu þátt í að móta starfið. Verkefnisstjórinn tók einnig þátt í undirbúningi viðamikillar auglýsingaherferðar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og hjúkrunafræðideildar HÍ vorið 2002 (Sjá nánari umfjöllun í „Veistu eitthvað um hjúkrun“). Áhersla var á að birta kynhlutlausar auglýsingarnar í sjónvarpi, á strætóskýlum og í dagblöðum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004). Erla Hulda Halldórsdóttir (2004) bendir á að áhugi fjölmiðla á þessum hluta átaksins hafi verið minni en þess sem snéri að því að fjölga konum í tæknigreinum, mögulega vegna viðaminni kynningar. Erfiðara gekk að fá fé inn í þennan hluta verkefnisins sem hafði fyrir vikið áhrif á umfang kynningarinnar. Þeir sem tóku þátt í átaksverkefninu

töldu að eftirfylgni væri mikilvægur þáttur til að stuðla að viðhorfsbreytingu og að varanlegur árangur náist.

**Veistu eitthvað um hjúkrun:** Í starfsáætlun Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fyrir árin 2001-2003 var lögð áhersla á að fjölga starfandi hjúkrunarfræðingum og að fara í kynningu á hjúkrun fyrir hjúkrunarfræðinga og almenning. Liður í þessu var kynningarátakið „Veistu eitthvað um hjúkrun“ árið 2002 sem var unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landspítala-háskólasjúkrahús, heilsugæsluna í Reykjavík, landlækni og flestallar heilbrigðisstofnanir landsins. Markmið verkefnisins var að bregðast við skorti á hjúkrunarfræðingum til starfa og minnkandi aðsókn í hjúkrunarnám. Lögð var áhersla á að kynna störf hjúkrunarfræðinga á raunsæjan og jákvæðan hátt ásamt því að efla ímynd hjúkrunarfræðinga og hvetja ungt fólk til náms í hjúkrunarfræði. Með þessu var ætlunin að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum í 116 árlega. Einn liður verkefnisins var að kynna störf hjúkrunarfræðinga fyrir nemendum í framhaldsskólum með dreifingu á póstkortum með mismunandi upplýsingum um störf hjúkrunarfræðinga og slagorðinu *Veistu eitthvað um hjúkrun?* Kynningin í framhaldsskólunum var í höndum jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands og karlhjúkrunarfræðinga. Störf hjúkrunarfræðinga voru einnig auglýst í dagblöðum og á strætisvögnum í Reykjavík. Annar liður verkefnisins var rýnihópastarf með hjúkrunarfræðingum þar sem rædd voru störf hjúkrunarfræðinga með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og að þeir sjái sig sem öfluga fagaðila (Herdís Sveinsdóttir, 2002). Á árlegum degi hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands í október 2002 kom fram að þá um haustið hafði metfjöldi innritast í hjúkrunar- og ljósmóðurnám sem var rakið til kynningarátaksins (Bryndís Kristjánsdóttir, 2002).

**Karlmenn hjúkra:** Aftur var farið í átak til að efla þátt karla í hjúkrun en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fór af stað með átakið *Karlmenn hjúkra* árið 2016. Allir karlar sem voru skráðir í félagatal Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fengu sent bréf í upphafi átaksins þar sem óskað var eftir þátttöku þeirra í verkefninu. Markmið verkefnisins er að kynna fyrir almenningi að hjúkrunarfræði sé spennandi kostur fyrir bæði karla og konur og vinna gegn rótgrónum staðalímyndum kynjanna (Helga Ólafs, 2016). Átakið er enn í gangi og í dag býður Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga körlum sem klára námsár í hjúkrunarfræði að sækja um styrk fyrir 75 þúsund króna skráningargjaldi í háskólana. Þá hefur verið starfandi verkefnishópur á vegum félagsins, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Landspítala með

það að markmiði að fjölga körlum í hjúkrun. Um er að ræða langtímaverkefni til ársins 2030 (Edda Dröfn Daníelsdóttir, munnleg heimild, 19. janúar 2023). Á heimasíðu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga kemur jafnframt fram að á árunum 2003-2008 hafi félagið tvisar sinnum farið í átak til að fjölga hjúkrunarfræðingum almennt, þ.e. átökin voru ekki helguð körlum í þau skiptin. Þetta voru viðamiklar aðgerðir sem skiluðu litlu gagnvart körlum (Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, e.d.).

**Heildstæð nálgun og kynningarstarf til að auka hlut karla innan hjúkrunar:** Árið 2017 hóf Háskólinn á Akureyri norrænt samstarfsverkefni til að fjölga körlum í hjúkrunarfræðinámi. Heilbrigðisvísindasvið skólans vannur verkefnið með Jafnréttisstofu og stofnunum á Norðurlöndunum (Jón Þór Kristjánsson, 2017). Í þessu samnorræna verkefni milli Íslands, Noregs og Danmerkur hefur verið unnið að því að safna gögnum um hvernig hjúkrunarfræði er kennd í einstaka skólum og hvernig karlar eru aðlagðir að náminu (Reform, 2019). Markmiðið er að þróa leiðbeiningar og gagnreyndar aðferðir til að auka hluta karla í hjúkrun og viðhalda þeim fjölda sem þegar hefur menntað sig. Verkefnið er ekki hugsað sem átaksverkefni heldur lykill að langtímabreytingum. Gefinn hefur verið út bæklingurinn *Making nursing a study for men* í tengslum við verkefnið (Háskólinn á Akureyri, 2020). Þar eru settar fram tillögur í átta liðum til að fjölga körlum í hjúkrunarfræði og draga úr brotthvarfi nemenda. Fyrsta tillagan leggur áherslu á mikilvægi þess að setja fram skýr markmið og að skuldbinding skipti máli til að ná tilætluðum árangri. Nauðsynlegt sé að hafa yfirsýn yfir hvaða úræði séu til staðar og hver sé ábyrgur. Önnur tillagan leggur áherslu á þekkingu á því hvernig á að ná tilætluðum árangri. Þar af leiðandi sé mikilvægt að stuðla að því að stjórnendur og starfsfólk stofnanna hafi viðunandi upplýsingar til að geta unnið að settum markmiðum. Því næst er bent á mikilvægi kynningarefnis og að vefsíður og efni um hjúkrunarfræðinámi séu mikilvægur þáttur í því að ná til mögulegra hjúkrunarfræðinema. Fjórða tillagan bendir á nauðsyn þess að hafa meiri kynjafjölbreytileika í myndum og máli í námsefni hjúkrunarfræðinema. Þetta skipti máli til að móta gildi og viðhorf til kynjajafnréttis í hjúkrunarfræði. Fimmta tillagan leggur áherslu á að kynbundin skynjun á hjúkrunarfræðingum skipti máli og því sé mikilvægt að koma í veg fyrir kynjaða menningu sem takmarkar möguleika karla og kvenna. Þá er lögð áhersla á að huga að því að námsumhverfið sé fyrir alla til að karlar og fólk úr minnihlutahópum upplifi sig ekki utanveltu. Því næst er bent á að félög hjúkrunarfræðinga séu mikilvæg til að stuðla að

auknum fjölbreytileika og kynjajafnvægi. Mikilvægt sé að félögin vinni í því að hækka laun hjúkrunarfræðinga en leggi ekki á sama tíma áherslu á að launin séu eina ástæðan fyrir því að karlar sækji ekki í starfið. Að lokum er bent á mikilvægi þess að yfirvöld komi að því að fjölga körlum í hjúkrun og að þau þurfi að setja fram markmið og fylgja þeim eftir með skipulögðum aðgerðum (Reform, 2019).

Annað sem lagt er til og talið að gæti skipt máli til að stuðla að jafnara kynjahlutfalli er að veita því kyni sem hallar á auka stig við röðun umsókna í námið. Reynsla frá Noregi gefur vísbendingar um að það geti haft jakvæð áhrif (sjá umfjöllun um kynjastig í kafla 3.3). Þá eru yfirvöld hvött til að kortleggja þörfina á fjárveitingum í hefðbundnum kvenna- og karlanámsgreinum og hefja átak í að bjóða upp á jafnréttisstyrki í þeim námsgreinum (Reform, 2019).

**Tillögur til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga:** Í desember 2019 skipaði

heilbrigðisráðherra starfshóp um menntun hjúkrunarfræðinga og aðgerðir til að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum. Árið 2020 gaf heilbrigðisráðuneytið út *Tillögur til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga*. Í tillögunum er sérstaklega rætt að átak þurfi til að fleiri karlar velji hjúkrunarfræði sem sinn starfsvettvang. Einnig þurfi að finna leiðir til að ná til einstaklinga sem hafa ekki íslensku sem móðurmál en eru búsettir á Íslandi og styðja þá til að takast á við nám í hjúkrunarfræði. Huga þurfi að viðhorfsbreytingum í samfélaginu og víðtækri samvinnu ýmissa aðila til að gera námið og starfið eftirsóknarvert fyrir þessa hópa (Heilbrigðisráðuneytið, 2020).

**Aðgerðir til eflingar leikskólastigsins:** Árið 2012 lagði mennta- og menningarmálaráðuneytið fram aðgerðaráætlun til að fjölga einstaklingum sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla um leið að nauðsynlegri endurnýjun leikskólakennara. Markmiðið var einnig að jafna kynjahlutföll starfsfólks í leikskólum. Hvað varðar aðgerðir til að fjölga körlum var lagt til að að horfa sérstaklega til þess að læra af reynslu leikskóla þar sem hefð hefur skapast fyrir aukinni þátttöku karla í leikskólakennslu og umönnun barna. Lögð voru bæði fram skammtímamarkmið og langtímamarkmið. Skammtímamarkmiðið var að fjölga umsóknum karla í 6-8 umsóknir árlega fyrir árið 2020 og að fjölga útskrifuðum körlum í 6-8 fyrir árið 2025. Langtímamarkmiðið er að karlar verði 10% starfsfólks árið 2050 og framtíðarsýnin að ná fullu kynjajafnvægi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012b).



**Framtíðarstarfið:** *Framtíðarstarfið* er vefsíða þar sem fjallað er um starf leikskólakennara með fjölbreyttum hætti. Til dæmis er þar að finna upplýsingar um laun leikskólakennara, karla í kennslu, lög um leikskóla, starfslýsingar og reynslusögur leikskólakennara. Vefurinn fór í loftið árið 2016 og að honum standa mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Efling (*Framtíðarstarfið*, e.d.).

**Karlar í yngri barna kennslu:** Fulltrúar frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir verkefninu *Karlar í yngri barna kennslu*, að átaki um eflingu leikskólakennaramenntunar og vefsíðunni *Framtíðarstarfið* (sjá hér á undan). Markmið verkefnisins er að vekja athygli ungra karla á leikskólakennarafræðum og framleiða fræðsluefni fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur og náms- og starfsráðgjafa um starf yngri barna kennara. Hópurinn fékk styrk úr Jafnréttissjóði árið 2016 til að vinna að þessum málum. Styrkurinn var nýttur til að borga þremur körlum styrk upp á eina milljón til að fara í nám á meistarastigi í leikskólakennarafræðum í HÍ eða HA. Karlarnir sinntu verkefnum í samráði við stýrihóp og vöktu athygli á náminu (*Forsætisráðuneytið*, 2016; Háskóli Íslands, 2016; Þórunn Elísabet Bogadóttir, 2017).

**Járnkarlar í leikskólum:** Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands fóru af stað með verkefni árið 2017 til að vekja athygli ungra karla á starfi leikskólakennara og að fjölga körlum í því starfi. Jafnréttissjóður Íslands styrkti verkefnið og voru tveir meistararnemar í leikskólakennarafræði við Háskólann á Akureyri ráðnir verkefnisstjórar. Þeir héldu úti kynningum á Snapchat, Facebook, Instagram og Twitter undir yfirskriftinni *Járnkarlarnir* og kynntu leikskólakennarastarfið á fjölbreyttan, lifandi og fræðandi hátt. Þeir tóku þátt í ýmsum kynningum eins og Háskóladeginum, Háskólaherminum, Starfamessu Norðurlands og í framhaldsskólum. Fyrirhugaðar voru frekari kynningar í efstu bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum (*Samband íslenskra sveitarfélaga*, 2019).

**Sértækar aðgerðir til að fjölga karlleikskólakennurum:** Árið 2018 lagði Reykjavíkurborg fram *Tillögur um aðgerðir* til að fjölga leikskólakennurum og bæta starfsumhverfi þeirra í

leikskólum Reykjavíkurborgar í samstarfi við félög leikskólakennara, háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Markmiðið var að gera störf leikskólakennara eftirsóknarverðari og lögð var áhersla á að fjölga karlleikskólakennurum til að draga úr kynjahalla, auka umræðu í samfélaginu um mikilvægi og inntak starfsins og efla kennaramenntun og vettvangsnám. Hvað varðar aðgerðir til að fjölga karlleikskólakennurum var lagt til að skoða hvernig ímynd karlleikskólakennara hefur áhrif á námsval karla. Í kjölfar þeirrar skoðunar átti að fara af stað með hvatningar- og kynningarherferð. Nú þegar er til staðar námsleiðin Menntunarfræði leikskóla við HÍ sem er ætluð fólki sem hyggur á störf í leikskóla og lokið hafa grunnnámi í grein sem samþætta má menntun barna í leikskóla. Því er lagt til að kanna betur hvaða nám má tengja við leikskólakennarafræðin (Reykjavíkurborg. Skóla- og frístudasvið, 2018).

**Hafðu áhrif:** Menntavísindasvið Háskóla Íslands stóð fyrir átakinu *Hafðu áhrif* sem var ætlað að vekja athygli þjóðarinnar á kennarastarfinu. Lögð var áhersla á að starfið væri áhugavert og skemmtilegt og að kennarar hefðu mikil áhrif á bæði einstaklinga og samfélagið. Einnig var vakin athygli á góðum kennurum og þeim þáttum sem taldir eru einkenna góða kennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Menntavísindasvið Háskóla Íslands kallaði eftir tilnefningum frá almenning um framúrskarandi kennara (Háskóli Íslands, 2018b) til að kalla fram það jákvæða við kennarastarfið og gefa almenningi tækifæri til að vekja athygli á eftirminnilegum kennurum. Fólki gafst kostur á að tilnefna kennara á heimasíðu átaksins (sem er ekki lengur virk) og færa rök fyrir tilnefningu sinni (Jóhanna Einarsdóttir, 2017).

**Komdu að kenna:** Árið 2017 fór af stað auglýsingaherferðin *Komdu að kenna* sem var keyrð áfram af kennaranemum sem nutu jafnframt stuðnings markaðs- og kynningarstjóra Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Markmið herferðarinnar var að sýna kennaranema og kennara á öllum skólastigum í leik og starfi og voru til þess nýttir samfélagsmiðlarnir Facebook, Snapchat og Instagram (Hjörvar Gunnarsson, 2018). Hjörvar Gunnarsson (2018) rýndi í árangur herferðarinnar og hvort hún hefði átt þátt í auknum fjölda innritaðra nemenda í grunnskólakennaranám. Niðurstöður hans benda til þess að mikill meirihluti þeirra sem hófu kennaranám haustið 2017 þekktu til eða höfðu heyrt um herferðina, Mikilvægt sé því að halda áfram að kynna kennaranámið og starf kennara.

Þá varð til heimasíðan *Komdu að kenna* sem er vettvangur til að vekja athygli fólks á öllum aldri á kennarastarfinu, þ.e. leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla-, listgreina- og íþróttakennarastarfi. Kennaranám er í boði í fjórum háskólum á Íslandi, við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Á vefsíðunni komduadkenna.is má finna myndir, myndbönd og ýmsar upplýsingar fyrir þá sem hafa áhuga á kennarastarfi (*Komdu að kenna*, e.d.).

**Fjögum kennurum: aðgerðir í menntamálum:** Haustið 2019 fór af stað fimm ára átaksverkefni stjórnvalda til að efla menntun í landinu með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar að leiðarljósi. Áhersla er á að stuðla að viðurkenningu á störfum kennara, efla faglegt sjálfstæði þeirra og leggja áherslu á skólaþróun allra skólastiga. Verkefnið felur í sér styrki til kennaranema og launað starfsnám. Þá er lögð áhersla á að fjölga starfandi kennurum með sérhæfingu í starfstengdri leiðsögn (Mennta- og barnamálaráðuneytið, e.d.).

Kennaranemar sem eru á lokaári til meistaranáms til kennsluréttinda geta sótt um hvatningarstyrk en markmið styrksins er að fjölga kennurum, skapa hvata til útskriftar á tilsettum tíma og að kennarar ráði sig til kennsku að námi loknu. Þeir kennaranemar sem leggja stund á 120 ECTS eininga meistaranám til kennsluréttinda geta sótt um allt að 800.000 kr. hvatningarstyrk. Helmingur styrksins greiðist þegar nemandi hefur lokið 90 einingum og hinn helmingurinn þegar nemandi hefur brautskráðst með leyfisbréf. Nemandi getur þó ekki sótt um síðari hluta styrksins ef hann líkur ekki námi innan 12 mánaða frá móttöku fyrri hlutans. Kennaranemar sem hafa lokið meistaraþrófi í kennslugrein og innritast haustið 2020 og síðar í 60 ECTS eininga nám til kennsluréttinda geta einnig sótt um 400.000 kr. styrk. Styrkurinn greiðist ef nemandi hefur brautskráðst með leyfisbréf til kennslu innan 12 mánaða frá innritun í námið. Þá geta starfandi kennarar sótt um hvatningarstyrk til viðbótarnáms í starfstengdri leiðsögn sem nemur allt að 150.000 kr. Um er að ræða tvískiptan styrk þar sem fyrri hlutinn er greiddur út þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi staðist nám á fyrsta misseri og síðari hlutinn þegar nemandi hefur brautskráðst. Mikilvægt er að fjölga leiðsagnarkennurum en þeim er ætlað að sporna gegn brotthvarfi nýútskrifaðra kennara með leiðsögn við nýliða í kennslu (Mennta- og barnamálaráðuneytið, e.d.).

Til að auka hæfni kennaranema til að takast á við áskoranir kennarastarfsins að námi loknu og stuðla að færslum starfsferli geta nemendur á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda sótt um launað starfsnám í minnst 50% starfshlutfalli við leik- eða grunnskóla í eitt skólaár. Nemendur sækja sjálfir um auglýst kennslustarf og fá laun samkvæmt kjarasamningi (Mennta- og barnamálaráðuneytið, e.d.).

**Fjölga kennurum af erlendum uppruna:** Í lok árs 2021 fól mennta- og menningarráðuneytið Menntavísindasviði Háskóla Íslands umsjón með átaksverkefni um að hvetja fólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til að helga sig kennarastarfinu. Átakið er liður í menntastoð framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda en stefnt er að því að íslenskunám þeirra sem vilja verða kennarar eða sérfræðingar af öðrum toga í menntakerfinu verði hluti af fimm ára kennaranámi. Átaksverkefnið hófst haustið 2022 í tilraunaskyni (Skólavarðan, 2022).

**Sprettur:** Árið 2020 var verkefninu *Sprettur* hrint af stað hjá Háskóla Íslands eftir síauknar áherslur á fjölbreytileika og jafnrétti innan háskólasamfélagsins. Markmið þess er að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar og auka fjölbreytni í nemendahópi Háskóla Íslands. Einnig að styðja og undirbúa efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Verkefnið er fyrir nemendur með erlendan bakgrunn sem koma úr fjölskyldum þar sem er engin háskólamenntun. Þátttakendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, hafa lokið a.m.k. einu ári í framhaldsskóla, vera skráðir í fullt nám í framhaldsskóla og ætla sér að taka stúdentspróf/framhaldsskólapróf og fara í háskólanám. Einnig er kveðið á um að foreldrar þeirra og ömmur og afar þurfi að hafa fæðst erlendis og þátttakendur eiga að geta bjargað sér á íslensku. Stuðningurinn sem þátttakendur fá felst í því að fræða þá meira um stöðu þeirra, samfélagið og háskólanám með umræðum, heimavinnuhópum, menningarviðburðum og samveru með mentor. Þátttakendur fá þrenns konar stuðning, þ.e. félagslegan, námslegan og fjárhagslegan. Námslegi stuðningurinn felst í heimavinnuhópum tvisvar í mánuði, kynningu á aðstöðu eins og HÍ og Borgarbókasafninu. Einnig fá þátttakendur ýmsa fræðslu eins og um námsaðferðir og tækni og aðgengi að mentorum og verkefnisstjóra. Félagslegi stuðningurinn felst í því að para nemendur við mentor sem þeir hitta a.m.k. einu sinni í mánuði. Þau kynnast háskólanemendum og jákvæðum fyrirmyndum og öðrum nemendum í Spretti og fá að taka þátt í ýmsum viðburðum innan háskólasamfélagsins. Einnig taka þau þátt í öðrum menningarviðburðum og fá kynningu á

m.a. starfssemi Þjóðleikhússins. Heimsóknir og fræðsla er hluti af sjálfsstyrkingarvinnu sem lögð er áhersla á. Hvað varðar fjárhagslegan stuðninginn fá nemendur í framhaldsskóla greiddar fimm þúsund krónur á meðan þátttöku þeirra stendur í verkefninu og á meðan Sprettur er starfandi. Fyrsta árið í háskóla fá þau 50 þúsund krónur á mánuði. Þá greiðir Sprettur fyrir alla sameiginlega viðburði í verkefninu. Starfsmenn framhaldsskóla eru beðnir um að hvetja nemendur sem falla í þennan hóp að sækja um eða kynna sér verkefnið. Sprettur er byggt á þýska verkefninu Chance hoch zwei í Duisburg-Essen háskóla sem fjallað er nánar um í kafla 3.4.2 (Háskóli Íslands, e.d.-c).

**/sys/tur:** Haustið 2013 var /sys/tur stofnað en það er félag kvenna innan Tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Nemendur skólans stóðu fyrir stofnun félagsins og var markmið þess í upphafi að skapa öruggan vettvang fyrir stelpur til að ræða sín á milli án þess að óttast gagnrýni. Félagið hefur lagt mikið upp úr því að vinna að stuðningsneti fyrir stelpur og að kynna tæknigreinar fyrir þeim sem valkost fyrir bæði kynin. Einnig er lögð áhersla á hvatningu og að stelpur einblíni á kosti sína og hafi sjálfstraust til að vinna að því sem þær hafa ástríðu fyrir. Því er skipulögð fræðsla til að efla sjálfstraust stelpna í tæknilegum atriðum. Þá er vakin athygli á fyrirmyndum og að gera stelpur í námi og starfi sýnilegar út á við. Til að skapa grundvöll fyrir tengslamyndun meðal kvenna í tölvunarfræði eru reglulega haldnir viðburðir innan félagsins (/sys/tur, e.d.). Félagið hefur einnig komið að verkefninu Stelpur og tækni (sjá kafla 2.3.1) (Háskólinn í Reykjavík, 2014).

**Ada – hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni við HÍ:** Haustið 2018 var Ada stofnað en það er hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni við Háskóla Íslands (sjá <https://www.facebook.com/ada.felag>). Markmið félagsins er að skapa öruggt rými fyrir konur í upplýsingatækni og vettvang fyrir þær til að mynda tengsl innbyrðis, deila reynslu og styðja hvor aðra. Félaginu var einnig ætlað að auka sýnileika kvenna innan upplýsingatækninnar (Auður Helgadóttir, 2021).

**Stelpur diffra:** Nanna Kristjánsdóttir, BS-nemi í stærðfræði við Háskóla Íslands, bauð í annað sinn upp á vikulangar sumarbúðir í stærðfræði í HÍ sumarið 2022 undir yfirskriftinni *Stelpur diffra* (stelpurdiffra.is). Hún þróaði hugmyndina með stuðningu Nýsköpunarsjóðs námsmanna og undir leiðsögn kennara við skólann. Markmið hennar er að kveikja áhuga hjá fleiri stelpum á framhaldsskólaaldri á stærðfræði og vinna bug á ýmsum staðalímyndum um

stærðfræði. Í sumarbúðunum er kafað dýpra í undirgreinar stærðfræðinnar (Háskóli Íslands, 2022a).

**Aðgerðir á Verk- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands:** Hjá Verk- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands hefur verið gætt að því að talað sé til nemenda án þess að kyngreina. Markmið sviðsins er að auka ásýnd kvenna í karllægum greinum og því hefur verið áhersla á að endurspegla fjölbreytileikann í nemendahópnum við val á þeim einstaklingum sem kynna námsframboð sviðsins (Ingibjörg Óðinsdóttir<sup>30</sup>, munnleg heimild, 10. janúar 2023). Til dæmis hefur Rafmagns- og tölvuverkfræðideild fengið kvennanefnd Verkfræðingafélagsins í lið með sér að kynna námið á Háskóladaginn (Sigurður Magnús Garðarsson<sup>31</sup>, munnleg heimild, 10. janúar 2023). Einnig hefur verið hugað að því að fjölbreytileikinn endurspeglit í kynningarefni/myndefni sem sent er út og þá ekki síst í karllægum greinum. Liður í þessu er virk og öflug jafnréttisnefnd á sviðinu sem beinir sjónum að þessu viðfangsefni (Ingibjörg Óðinsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2023).

Lögð hefur verið áhersla á að hvetja alla til þátttöku í samfélagsverkefnum óháð kyni, eins og t.d. í Lego-keppninni fyrir grunnskólanemendur. Þá hefur verið stutt við verkefnið Stelpur diffra (Sigurður Magnús Garðarsson, munnleg heimild, 10. janúar 2023) og við ADA, félag kvenna í upplýsingatækni. Stuðlað hefur verið að auknu samtali við atvinnulífið, til dæmis samtali tölvunarfræðinnar við Félag kvenna í upplýsingatækni (Vertonet) (Ingibjörg Óðinsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2023).

**Sameiginleg innritunargátt háskóla á Íslandi:** Í lok ágúst 2022 lagði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á borð ríkisstjórnar minnisblað um sameiginlega innritunargátt íslenskra háskóla á island.is. Markmiðið er að bæta þjónustu við nemendur og umsækjendur með ítarlegum upplýsingum um námsframboð, innritunarkröfur, skipulag náms og námsfyrirkomulag. Einnig fá umsækjendur betri aðgang að áhugasviðskönnunum, námsráðgjöf og stoðþjónustu ásamt námsmati og tengingu við Menntasjóð. Með haldgóðum upplýsingum er ætlunin að stuðla að bættum undirbúningi fyrir námsval og betri upplýsingum um námstækni og atvinnumöguleika að námi loknu til að draga úr líkum á

---

<sup>30</sup> Ingibjörg Óðinsdóttir, mannauðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

<sup>31</sup> Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

brottfalli úr námi. Verkefnið fer af stað á vorönn 2023 (Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, 2022).

### 2.3.3 Leiðbeiningar fyrir fagaðila og sérfræðinga

**Leiðbeiningar:** Vert er að minnast á *Leiðbeiningar fyrir kennara: Umræður við nemendur um jafnrétti kynjanna og kynbundið starfsval* sem var samstarfsverkefni Innove-stofnunarinnar og Tallin-háskóla. Leiðbeiningarnar hafa verið þýddar á íslensku og eru aðgengilegar á vef Jafnréttisstofu. Þær eru settar fram fyrir kennara til að takast á við málefni tengd staðalímyndum og jafnrétti í efstu bekkjum grunnskóla og á framhaldsskólastiginu í félagsfræði, mannvísindum, stærðfræði, tónlistarsögu, listasögu og (erlendum) tungumálum. Í leiðbeiningunum er að finna fræðlegt efni um staðalímyndir, breytingar á vinnumarkaði og kenninguna um persónuleikamiðað starfsval. Einnig eru tekin dæmi um hvernig má vinna með mismunandi þætti er varða kynjajafnrétti í kennslustundum og við val á starfsvettvangi (Ümarik, Öun, Kinkar og Pöld, 2019).

Á vef Jafnréttisstofu eru einnig aðgengilegar *Leiðbeiningar fyrir starfsráðgjafa um hvernig ræða má jafnrétti kynjanna og kynbundið starfsval í starfsráðgjöf* sem unnar eru af Innove-stofnuninni og Tallin-háskóla og hafa verið þýddar á íslensku og gerðar aðgengilegar á vef Jafnréttisstofu. Þeim er ætlað að vera stuðningsefni í störfum náms- og starfsráðgjafa í umfjöllun þeirra um staðalímyndir og jafnrétti kynjanna, bæði í skólum og starfsráðgjafarmiðstöðvum. Þar er að finna fræðilegt efni um staðalímyndir, breytingar á vinnumarkaði og kenningar um mótun starfsferils með hliðsjón af persónuleika sínum. Einnig eru sett fram dæmi um hvernig má nálgast umfjöllun um kynjajafnrétti á ýmsum sviðum sem hluta af námskeiðum og verkefnum í starfsfræðslu (Kinkar, Pöld, Ümarik og Öun, 2019).

### **Handbók um leiðir til að laða stúlkur og ungar konur að verkfræði- og raunvísindagreinum:**

Handbókin er afrakstur verkefnisins Piger i STEM – kortlægning af udfordringer inden for køn, ligestilling og uddannelse i Norden (Stúlkur og ungar konur sem velja verkfræði- og raunvísindagreinar – könnun á þeim áskorunum sem tengjast kyni, jafnrétti og menntun á Norðurlöndunum). Norræna ráðherranefndin styrkti útgáfu handbókarinnar en samstarfið nær til Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Handbókin gefur stjórnmalafólki og sérfræðingum í menntamálum, námsráðgjöfum og menntastofnunum ráð um hvernig

vinna megi bug á kynbundnu námsvali ungmenna. Handbókin er hugsuð sem verkfæri til að bera kennsl á vandamál og innleiðingu lausna á þeim. Þar er meðal annars fjallað um hugsanlegar ástæður kynbundins námsvals, mikilvægi atvinnulífsins, menntastofnanna og grunnskóla í að fjölga konum í verkfræði- og raunvísindagreinum. Atvinnulífið getur komið að þessu með því að hvetja konur til að velja verkfræði og raunvísindagreinar. Þá er það hlutverk menntastofnana að laða konur að námi í þessum greinum og grunnskólar móta væntingar og viðhorf hjá stúlkum til verkfræði- og raunvísindagreina (Kristian Mørk Puggaard og Line Bækgaard, 2016).


## 2.4 Afrakstur helstu aðgerða sem hafa verið unnar

Áður en skoðuð eru hugsanleg áhrif þeirra aðgerða sem unnar hafa verið á undanförunum áratugum er vert að hafa í huga að það er flókið að að meta áhrif einstakra átaksverkefna enda margir samverkandi þættir sem geta haf áhrif á þróunina samtímis. Hérna verður reynt að varpa ljósi á afraksturinn með því að skoða þróun kynjajafnréttis í áhrifastöðum atvinnulífsins og hvernig kynjahlutfall brautskráning í hefðbundnum kvenna- og karlafögum hefur þróast síðan um aldamótin 2000.

### 2.4.1 Hlutur kvenna og karla í helstu áhrifastöðum atvinnulífsins


Hvað varðar stöðu kynjanna í helstu áhrifastöðum atvinnulífsins er mikilvægt að hafa í huga nauðsyn þess að skoða þarf ýmislegt annað í þessu samhengi sem ekki er fjallað um hér, eins og t.d. áhrif fjölmiðlaumfjöllunar, þingmanna, annarra lagasetninga en fjallað er um í þessari skýrslu, svo eitthvað sé nefnt. Til að ná utan um þróunina síðan árið 2000 og hugsanleg áhrif aðgerðanna er athyglisvert að bera saman myndir 56 og 57 sem varpa ljósi á hlutfall karla og kvenna í hinum ýmsu stjórnunarstöðum í kringum seinustu aldamót og á árunum 2017-2022. Mynd 56 sýnir að í kringum aldamótin var hlutfall kvenna mjög lágt í flestum tilvikum og hæst meðal kjörinna fulltrúa á Alþingi (43%) og ráðherra (33%). Konur voru einungis 3% sendiherra, 11% hæstaréttardómara og 12% héraðsdómara. Hvað varðar kynjahlutfall forstöðumanna ríkisstofnanna var ekki hægt að fá eldri tölur á vef Hagstofu Íslands en síðan 2009 en þá var hlutfall kvenna 29% í þeim stöðum (Hagstofa Íslands, 2009a; 2009b; 2009c; 2017; 2019c; 2022d).





### Mynd 56. Hlutfall karla og kvenna í helstu áhrifastöðum samfélagsins 2000-2009.

Mynd 57 sýnir að enn hallar á konur á ýmsum sviðum vinnumarkaðarins þó vissulega megi greina jákvæðar breytingar. Hlutfall kvenna meðal framkvæmdastjóra sveitarfélaga jókst úr 18% í 36% frá 2004 til 2019. Árið 2022 var hlutfall kjörinna karla (52%) og kvenna (48%) á Alþingi var nokkuð jafnt og konur um 42% ráðherra. Þá voru konur um 32% sendiherra árið 2017, 38% héraðsdómara árið 2018 og 43% hæstaréttardómarar árið 2022 (Hagstofa Íslands, 2019a; 2022b; Hæstiréttur Íslands, e.d.; Stjórnarráð Íslands, e.d.-b; Alþingi, e.d.). Myndin sýnir einnig að á meðan konur voru aðeins 24% framkvæmdstjóra og 25% stjórnarformanna í fyrirtækjum árið 2021 þá voru þær orðnar 27% stjórnarmanna (Hagstofa Íslands, 2022d). Þar skiptir mestu kynjakvóti sem samþykktur var í stjórnir fyrirtækja árið 2010 og kveður á um 40% lágmarkshlutfall kvenna í stjórnir þar sem eru 50 eða fleiri starfsmenn (Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) nr. 13/2010). Í þessu samhengi er vert að nefna að niðurstöður Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, Laufeyjar Axelsdóttur, Þorgerðar Einarsdóttur og Sunnu Diðriksdóttur (2015) sýna að hlutfallslega fleiri konur (92%) en karlar (77%) við stjórn atvinnulífsins eru með grunn- eða framhaldsmenntun á háskólastigi. Slakt gengi drengja í skólum, brotthvarf karla úr námi og lægra menntunarstig þeirra en kvenna virðist hafa minni áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaðnum en ætla mætti. Lóðrétt verkaskipting hefur viðhaldist í samfélaginu þar sem konur og karlar gegna ólíkum stöðum. Karlar eru ofar í valdastiganum þar sem efstu ábyrgðarstöður innan fyrirtækja og stofnanna tilheyra þeim.



**Mynd 57. Hlutfall karla og kvenna í helstu áhrifastöðum samfélagsins 2017-2022.**

Nýleg skýrsla um brautskráða doktora frá Háskóla Íslands styður enn frekar við þá umræðu að menntun skili konum takmörkuðum tækifærum í atvinnulífinu. Í skýrslunni kemur fram að doktorsnám skili körlum lengra í atvinnulífinu en konum og að karlar fá fyrr starf en konur eftir að námi lýkur (Finnborgar S. Steinþórsdóttur, 2021). Ein hugsanleg skýring er sú að þegar konur eru komnar með réttu menntunina eða í réttu störfin færast valdið eða lyklarnir að því til, þannig að erfiðlega gengur fyrir þær að komast í leiðtoga- eða stjórnendastöður. Prófin duga ekki fyrir þær og þær eru felldar á misáreiðanlegum persónuleikaprófum eða á því að þær falla ekki inn í hópinn. Karlar virðast því halda toppstöðum út á annað en menntunina (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007) sem gæti haft áhrif á afstöðu karla til náms.


Sams konar mynd má einnig sjá þegar kemur að akademískum störfum. Kynjaskekkja hefur verið til staðar á öllum stigum háskóla- og vísindasamfélagsins þrátt fyrir aukna menntun kvenna og fjölgun kvenna meðal nemenda. Bent hefur verið á að skekkjan stafi ekki af samfélagslegum kynhlutverkum, barneignum og fjölskylduábyrgð kvenna heldur þurfi að leita skýringa í vísindasamfélaginu og innra gangverki þess (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Í skýrslu Finnborgar S. Steinþórsdóttur (2022) um fyrirkomulag framgangsmála háskóla á Íslandi út frá kynjasjónarmiðum kemur fram að staða kvenna og karla sé ólík. Almennt eru karlar í meirihluta í efsta akademíska stöðugildinu en konur í því lægsta. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að framgangshraði sé hægari meðal kvenna en karla og að konur hverfi yngri frá störfum innan háskólanna. Þá eigi fyrirkomulag

framgangsmála þátt í því að ýta undir og viðhalda kynjamisrétti og annars konar misrétti í háskólasamfélaginu.

Mannauður háskólamenntaðra virðist því ekki vera nýttur til fulls innan stofnanna og fyrirtækja á Íslandi þar sem konur skila sér ekki í þessi störf til jafns við karla. Þar sem menntun er lykill að tækifærum framtíðar og hreyfiafl samfélaga og velsældar (Þingskjal nr. 310/2020-2021) er mikilvægt að huga að því hvernig má nýta mannauðinn betur og skapa tækifæri fyrir alla.


#### 2.4.2 Kynjahlutfall leikskólakennara og hjúkrunarfræðinga

Einnig skiptir máli að huga að fjölbreyttara námsvali kynjanna en lárétt kynjaskipting á milli starfsgreina hefur verið áberandi á Íslandi. Þetta tengist ólíku námsvali kynjanna þar sem konur eru í meirihluta í mennta- og heilbrigðisvísindum en karlar eru í meirihluta í raun- og tæknivísindum. Eins og sjá má á mynd 58 hefur það verið raunin í leikskólakennaranámi seinustu áratugi. Aftur á móti hefur hlutfall brautskráðra karla úr leikskólakennaranámi verið að aukast síðan 2016 og hefur undanfarið verið í kringum 10% í stað 0-5% árin á undan (Hagstofa Íslands, 2021d). Þetta bendir til þess að átaksverkefningin sem sett hafa verið af stað til að fjölga körlum í leikskólakennaranámi séu mögulega að skila einhverjum árangri (sjá umfjöllun í kafla 2.3.2), en hvort árangurinn sé skammvinnur eða ekki á eftir að koma í ljós.



Mynd 58. Brautskráningar úr grunn- og meistaranámi í leikskólakennarafræðum 2000-2020.

Hvað varðar brautskráningar úr grunnnámi í hjúkrunarfræði á árunum 2000-2020 þá hefur hlutfall karla haldist afar lágt. Oftast er það um 1% en fer hæst í 4% 2005-2006 og 2018-2019 (sjá mynd 59) (Hagstofa Íslands, 2021d).



**Mynd 59. Brautskráningar úr grunnnámi í hjúkrun 2000-2020.**

Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til að að fjölga körlum í hjúkrun hafa því hingað til borið afar takmarkaðan árangur. Þórður Kristinsson (2005) benti á að átakið Konur í forystu og jafnara námsval kynjanna sem fór af stað haustið 2001 og beindist meðal annars að því að fá fleiri karla í hjúkrun hafi skilaði sér í því að árið eftir skráðu mun fleiri karlar sig í hjúkrun en áður hafði gerst. Aftur á móti skilaði sér þessi sami fjöldi ekki yfir á annað ár í hjúkrunarnámi. Hugsanlegt er að árangur nýlegra aðgerða sem beinast að því að fjölga körlum í hjúkrun eigi eftir að skila sér síðar.

Til að fá einhverja mynd af brottfalli á þessum sviðum þá sýnir tafla 22 brottfall karla og kvenna sem innritast í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild og Deild kennslu- og menntunarfræða<sup>32</sup> við Háskóla Íslands á gefnu skólaári. Eins og sjá má er brottfallið nokkuð stöðugt hjá konum í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild á árunum 2012-2021 og hefur verið minna meðal þeirra en karlanna öll árin fyrir utan 2016 og 2019. Brottfallið hefur aftur á móti verið mun sveiflukennara hjá körlum en það fór hæst í 57% árið 2017 og datt niður í 5% árið 2019. Hvað varðar brottfall úr Deild kennslu- og menntunarfræða þá hefur það einnig verið meira hjá körlum á þessu tímabili fyrir utan árið 2019, þegar það var 22% meðal karla en 28% hjá konum, og árið 2021, en þá fór brottfall karla niður í 13% en var 23% hjá konum (Upplýsingar fengnar af innri vef Háskóla Íslands).

<sup>32</sup> Við Deild kennslu- og menntunarfræða er boðið upp á fjölbreytt nám fyrir verðandi kennara í leikskóla og á yngsta stigi í grunnskóla (sjá [https://www.hi.is/deild\\_kennslu\\_og\\_menntunarfraedi](https://www.hi.is/deild_kennslu_og_menntunarfraedi)).


**Tafla 22. Brottfall karla og kvenna sem innritast í Hjúkrunar-og ljósmóðurfraeðideild og Deild kennslu og menntunarfræða við Háskóla Íslands á gefnu skólaári.<sup>33</sup>**

	Hjúkrun- og ljósmóður- fræðideild		Deild kennslu- og menntunarfræða	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
2012	40%	27%	39%	28%
2013	33%	22%	38%	29%
2014	50%	23%	31%	25%
2015	40%	13%	55%	31%
2016	8%	15%	44%	41%
2017	57%	15%	38%	22%
2018	33%	16%	28%	23%
2019	5%	15%	22%	28%
2020	38%	22%	27%	15%
2021	29%	19%	13%	23%

### 2.4.3 Kynjahlutfall í STEM greinum


Myndir 60-63 varpa ljósi á kynjahlutfall brautskráðra nemenda úr eðlisfræði, stærðfræði, tölvunarfræði og mannvirkja og byggingarverkfræði. Í öllum þessum greinum eru karlar í meirihluta brautskráðra og hafa verið seinustu áratugi en talsvert meiri sveiflur eru í þróuninni en í hefðbundnum kvennafögum. Mynd 60 sýnir að hlutfall brautskráðra kvenna úr eðlisfræði hefur verið allt frá 0% á árunum 2002-2003 og 2016-2017 og farið upp í 43% 2019-2020. Frá 2016-2017 hefur brautskráðum konum úr eðlisfræði fjölgað jafnt og þétt (Hagstofa Íslands, 2021d).

<sup>33</sup> Hér má sjá ferla nemenda sem innritast á námsleið sem þeir hafa ekki innritast á áður. Upphaf ferils miðast við fyrsta námskeið sem tekið var á honum, námskeið metin af fyrri ferlum teljast ekki með (sjá nánari skýringu í neðanmálgrein 12 á bls. 42).



**Mynd 60. Brautskráðar konur úr grunnnámi í eðlisfræði 2000-2020.**


Mynd 61 sýnir einnig sveiflur í brautskráningum kvenna úr stærðfræði með toppum 2001-2002 (40%) og 2012-2013 (45%). Það má velta því upp hvort aukning 2001-2002 endurspeglir tímabundin áhrif verkefnisins *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* (sjá kafla 2.3.2). Síðan 2013-2014 hefur hlutfall kvenna aukist nokkuð stöðugt og farið úr 14% í 36% árið 2019-2020 (Hagstofa Íslands, 2021d).



**Mynd 61. Brautskráðar konur úr grunnnámi í stærðfræði 2000-2020.**


Hvað varðar tölvunarfræðina þá sýnir mynd 62 að brautskráðum konum fjölgaði frá 2000 til 2004 úr 19% í 27%. Hér má einnig velta fyrir sér hvort um sé að ræða tímabundin áhrif verkefnisins átaksverkefnisins *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna*. Eftir 2003-2004 lækkar hlutfall kvenna jafnt og þétt til 2007-2008 þegar konur voru aðeins 8% brautskráðra

nemenda úr tölvunarfræðum (Hagstofa Íslands, 2021d). Skólaárið 2010-2011 var hlutfall þeirra komið í 13% og jókst svo jafnt og þétt til 2019-2020 þegar það var 29% (Hagstofa Íslands, 2021d). Eins og kom fram í kafla 2.3.1 hafa mörg verkefni verið í gangi til að laða að krakka í grunn- og framhaldsskólum í tæknigreinar sem hefur hugsanlega skilað auknum áhuga á tölvunarfræðinni á seinustu árum.



**Mynd 62. Brautskráðar konur úr grunnnámi í tölvunarfræði 2000-2020.**

Samskonar mynstur má sjá á mynd 63 hvað varðar brautskráningar kvenna úr mannvirkja og byggingarverkfræði. Hlutfall brautskráðra kvenna fór úr 15% árið 2000-2001 í 47,5% árið 2004-2005 en fór niður í 29% árið 2006-2007. Síðan þá var nokkuð um sveiflur og fór hlutfall kvenna lægst í 15% árið 2013-2014. Frá 2014-2015 til 2016-2017 jókst hlutfall brautskráðra kvenna aftur í 45% (Hagstofa Íslands, 2021d).



**Mynd 63. Brautskráðar konur úr grunnnámi í mannvirkja og byggingarverkfræði 2000-2020.**

Tafla 23 sýnir brottfall karla og kvenna sem innritast í lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild og Raunvísindadeild við Háskóla

Íslands á gefnu skólaári. Í lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild var brottfallið meira meðal karla en kvenna á árunum 2012-2021 fyrir utan 2017 (20% meðal karla en 26% hjá konum) og 2021 (15% hjá körlum og 18% hjá konum). Brottfallið hefur einnig verið meira meðal karla í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild fyrir utan árið 2012 þegar mun hærra hlutfall kvenna (60%) en karla (30%) hvarf frá námi í deildinni. Hvað varðar Raunvísindadeild þá er brottfallið svipað meðal kynjanna en með einhverjum sveiflum (Upplýsingar fengnar af innri vef Háskóla Íslands).

**Tafla 23. Brottfall karla og kvenna sem innritast í lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild og Raunvísindadeild við Háskóla Íslands á gefnu skólaári.**

	lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild		Rafmagns- og tölvuverkfræðideild		Raunvísindadeild	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
2012	26%	25%	30%	60%	34%	30%
2013	32%	23%	42%	29%	23%	28%
2014	25%	19%	38%	31%	20%	30%
2015	29%	23%	31%	26%	26%	23%
2016	31%	24%	38%	29%	21%	20%
2017	20%	26%	29%	19%	18%	24%
2018	27%	19%	27%	21%	24%	19%
2019	28%	14%	31%	25%	20%	23%
2020	20%	22%	29%	29%	18%	18%
2021	15%	18%	25%	18%	16%	9%

## 2.5 Samantekt

Ásamt öfluglu lagastarfi og jafnréttisáætlunum háskólanna hefur verið ráðist í fjölmörg átaks- og hvatningarverkefni með það að markmiði að stuðla að auknu jafnrétti í námi. Aðgerðir til að jafna námsval kynjanna hafa að einhverju leyti borið árangur. Hlutfall karla í leikskólakennaranámi hefur farið úr 0-5% í um 10% frá árinu 2016 til ársins 2020 og hlutfall kvenna í tölvunarfræði hefur farið úr 13% í 29% á árunum 2010-2011 til 2019-2020. Aftur á móti er mikilvægt að skoða vel hvað hefur virkað og hvernig það hefur verið gert en kynningarstarf og sýnileiki virðast skipta miklu máli til að stuðla að jafnara námsvali. Aukið hlutfall kvenna í tölvunarfræði má hugsanlega tengja að einhverju leyti við þau verkefni sem sett hafa verið á laggirnar til að laða að krakka í grunn- og framhaldsskólum í tæknigreinar og kynningarstarfinu sem því fylgir. Þessi verkefni eru fjölbreytt og krefjast þess flest að



nemendur fari t.d. í háskólana og kynni sér hvað felst í náminu. Hér mætti skoða hvort slíkt kynningarstarf nái til allra nemenda óháð kyni, uppruna og stéttarstöðu og hvort að allir nemendur hafi tök á því að mæta. Svo virðist sem verkefnið „Járnkarlar“ sé eina verkefnið þar sem gert er ráð fyrir kynningum í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum (þó ekki hafi fundist heimildir sem styðja að það hafi verið gert). Verkefnið „Járnkarlar“ gefur einnig tilefni til þess að huga vel að heildarmynd verkefna og mögulegum hughrifum sem þau skapa. Í þessu tilfelli gefur verkefnaheitið „Járnkarl“ ástæðu til að skoða hvort slík framsetning vinni raunverulega gegn neikvæðum staðalímyndum um kynhlutverk.

Hjúkrunarfræði virðist vera sú grein þar sem jafnréttisaðgerðir stjórnvalda og háskólanna hafi hingað til skilað hvað minnstum árangri. Bent hefur verið á takmarkaðan árangur átaksverkefna og mikilvægi þess að hugað sé að langtímaáhrifum þeirra verkefna sem sett eru af stað. Þetta endurspeglast í samnorræna verkefninu sem ætlað er að stuðla að fjölgun karla í hjúkrun (sjá kafla 2.3.2). Þar er lögð áhersla á að fara í gagngera endurskoðun á náminu og lagðar eru fram ítarlegar tillögur til að stuðla að fjölgun karla á þessu sviði. Samanborið við leikskólakennaranámið má velta fyrir sér hvort öflugt kynningarstarf sem unnið hefur verið til að fjölga körlum í leikskólum skilji þar að. Hugsanlegt er að árangur nýlegra aðgerða sem beinast að því að fjölga körlum í hjúkrun eigi eftir að skila sér síðar.

---

*Þá sýnir umfjöllunin að mannauður háskólamenntaðra virðist ekki vera nýttur til fulls innan stofnanna og fyrirtækja á Íslandi þar sem konur skila sér ekki í þessi störf til jafns við karla. Í ljósi þess að menntun er talin vera lykill að tækifærum og hreyfiafl samfélaga og velsældar er mikilvægt að huga að því hvernig má nýta mannauðinn betur og skapa tækifæri fyrir alla. Ef allir eiga að geta fundið sér menntun og starf við hæfi er nauðsynlegt að huga markvisst að því að jafna námsval kynjanna og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um kynhlutverk. Þar gegna stefnur, áætlanir og fjárhagslegur stuðningur yfirvalda mikilvægu hlutverki í að styðja við öll skólastigin í landinu.*

---

### 3. Aðgerðir sem hafa verið unnar erlendis



**Mynd 64. Leikskólabörn erlendis. Mynd/Pexels**

Í þessum hluta er gerð grein fyrir ýmsum aðgerðum sem miða að því að jafna kynjahlutfall í erlendum háskólum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum, ásamt aðgerðum sem leggja áherslu á að jafna tækifæri nemenda með erlendan bakgrunn. Áhersla er á að skoða átaks- og hvatningarverkefni sem og langtímaverkefni sem hafa verið sett af stað. Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman og skoðað hvað hefur stuðlað að árangri.<sup>34</sup>

#### 3.1 Unnið gegn staðalímyndum

Ýmis verkefnið hafa verið sett á laggirnar til að vinna gegn staðalímyndum. Hér verður gerð grein fyrir verkefnum sem leggja áherslu á heildstæða nálgun til að vinna gegn staðalímyndum á öllum skólastigum og verkefnum þar sem lögð er sérstök áhersla á að vinna gegn staðalímyndum í STEM greinum.

---

<sup>34</sup> Þess ber að geta að ýmis önnur verkefni hafa verið sett á laggirnar og umfjöllunin er því ekki tæmandi.

**Virðing fyrir öðrum kynjum.** Verkefnið *Gender Respect* var unnið í Suður-Yorkshire og stóð yfir á árunum 2013-2016. Markmið þess var að tryggja að konur og stúlkur séu lausar við hvers kyns kynbundið ofbeldi eða ógn af slíku ofbeldi. Jafnframt að börn og ungmenni (4-14 ára) skilji, dragi í efa og ögri kynjaójafnrétti, kynbundnum staðalímyndum og ofbeldi. Áhersla var á að skoða ríkjandi hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, fá stráka til að endurskilgreina karlmennsku og stelpur, gagnrýna samfélagsmiðla o.fl. Þá var lögð áhersla á að skilja kynjatengsl í sögulegu og hnattrænu samhengi, kanna valdatengsl, réttlæti, jafnrétti, frelsi og mannréttindi í kynbundnu samhengi og að gera ungu fólki kleift að grípa til aðgerða (Griffin, 2016).

Heimasíða var búin til í upphafi verkefnisins til að hægt væri að deila vinnunni til breiðari hóps. Hóað var saman kennurum úr leik-, grunn- og framhaldsskólum í Sheffield og Barnsley ásamt sjálfboðaliðum til að búa til námsefni sem átti að koma til móts við þarfir nemenda og skóla. Námsefnið var svo prófað og metið áður en það var sett á aðgengilegt form á heimasíðunni (sjá hér: <https://genderrespect2013.wordpress.com/>). Þar er m.a. að finna kennsluefni fyrir yngstu bekki grunnskóla um kynhlutverk og staðalímyndir í staðbundnu og alþjóðlegu samhengi (sjá: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/we-are-one-nov-2015-web.pdf>) og um kynhlutverk og starfsáhuga (sjá: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/gender-and-work-nov-2015.pdf>). Fyrir unglingana hefur t.d. verið gert námsefni um kynbundnar staðalímyndir um störf (sjá: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/genderstereotypesweb1.pdf>) og stelpur í vísindum (sjá: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/science-its-a-girl-thing.pdf>). Kennarar, sjálfboðaliðar og starfsmenn sem tóku þátt í verkefninu settu einnig inn blogg færslur á síðuna til að gefa upplýsingar um starf þeirra í skólum og um jafnréttismál og aðrar vangaveltu. Verkefnið var í umsjón stýrihóps sem skipaður var fólki með sérþekkingu og áhuga á kynbundnu ofbeldi, jafnrétti og menntun (Griffin, 2016).

Á fyrsta árinu voru ráðnir kennarar og boðið upp á þjálfun til að kynna verkefnið og fræðilegar undirstöður (kenningu um kynjajafnrétti í menntun). Kennarar fengu stuðning verkefnisstjóra og kannað var hvort ríkjandi menning í samfélaginu um kynhlutverk takmarki reynslu og það sem börn og ungmenni sækjast eftir (sjá hér: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/scoping-study-full.pdf> og hér: <https://genderrespect2013.files.wordpress.com/2014/06/summaryweb.pdf>). Áhersla var á

að skoða hvernig börn og ungmenni í verkefnaskólunum skynjuðu væntingar um þau og önnur börn um að vera stelpa eða strákur, þar með talið kynhlutverk um störf og það sem þau sækjast eftir. Einnig hvernig þau upplifa vináttu og sambönd milli stúlkna og drengja og hvort þau sjái einhverjar takmarkanir eða ósanngirni vegna kyns síns og hverjar þessar takmarkanir eru. Niðurstöður sýndu m.a. að meirihluti barnanna voru mjög meðvituð um kynhlutverk og kynjaðar væntingar, einkum í tengslum við íþróttir, störf og það sem þau sækjast eftir í lífinu. Lagt var til að fræða nemendur um kynbundnar staðalímyndir um störf, útvega fyrirmyndir og dæmi um konur og karla í störfum sem þykja óhefðbundin fyrir kyn þeirra og að bjóða upp á meiri starfsfræðslu til að tryggja að allir nemendur væru meðvitaðir um fjölbreyttar starfsgreinar og störf (Griffin og Hunt, 2014). Á öðru árinu komu inn þrjár nýir kennarar og byrjað var á vinnu með karlmennskuhugtakið. Á seinasta árinu var áhersla á að miðla verkefninu. Kennarar héldu áfram að hittast og ræða samþættingu þema, sköpun og hvernig nemendur geta gripið til aðgerða. Tvær nemendaráðstefnur voru haldnar fyrir grunn- og framhaldsskólanema þar sem nemendur tóku þátt í vinnuhópum um að auka meðvitund í þeirra eigin skóla. Einnig fengu þeir tækifæri til að ræða við aðra nemendur um hvað þeir höfðu gert og fá endurgjöf (Griffin, 2016).

Námsefnið sem var búið til í upphafi verkefnisins hefur verið nýtt af kennurum á árangursríkan hátt til að hvetja nemendur, stuðla að þátttöku þeirra og ýta undir sköpun nemenda. Þá hefur námsefnið einnig verið nýtt af kennurum utan verkefnisins. Verkefnið hefur hjálpað börnum og ungmennum að skilja, efast um og ögra kynjamisrétti og ofbeldi í nærumhverfi sínu og alþjóðlegu samhengi. Niðurstöður sýna að verkefnið hafði mest áhrif á kennarana og nemendur sem þeir unnu með en skólarnir þeirra urðu einnig fyrir áhrifum verkefnisins að einhverju leyti þó svo ekki hafi verið lögð áhersla á heildræn áhrif þess. Talið er að um 1350 nemendur hafi orðið fyrir beinum áhrif verkefnisins á einn eða annan hátt. Hjá sumum hafði verkefnið dýpri áhrif vegna þátttöku í kennslustundum en aðrir urðu fyrir áhrifum í gegnum stefnuþróun skólanna. Þá greindi kennarahópurinn frá því að um 100 kennarar í þáttökuskólunum hefðu orðið fyrir einhverjum áhrifum í gegnum samtöl, starfsmannafundi eða stefnuþróun og áætlanagerð (Griffin, 2016).

**Jafnréttisstaðall.** Verkefnið *Gender Equality Charter Marks* stóð yfir frá janúar 2017 til júlí 2019 og byggir á reynslu og árangri *Gender Respect Project*. Megin markmið þess var að skapa heildrænar breytingar í skólum fyrir 13-18 ára ungmenni og hafa áhrif á væntingar

ungs fólks um kynhlutverk og ögra kynbundnum staðalímyndum með því að búa til jafnréttisstaðal (e. *Gender Equality Charter Mark quality standard and accreditation tool*). Rannsóknir sýna að heildræn nálgun getur stuðlað að viðhorfsbreytingum, bættri hegðun og skólaumhverfi. Jafnréttisstaðlinum er ætlað að gera skólum kleift að mæla framfarir í að takast á við þau áhrif sem staðalímyndir hafa enn á náms- og starfsval nemenda og sem megin ástæðu kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis í skólum og í samfélaginu. Staðallinn var búinn til í Bretlandi, Ítalíu og Ungverjalandi og nýttur sem grunnur til að þróa jafnréttisstaðal sem hægt er að nota í fleiri Evrópulöndum (CEU, Central European University, e.d.).

Staðallinn var þróaður af vinnuhópum með kennurum, sérfræðingum í kynjafræði og menntun og rannsakendum í þáttökulöndunum. Þá var hann aðlagður að lagalegum kröfum og félags- og menntunarlegu samhengi í hverju landi. Eigindlegar rannsóknir voru nýttar til að kortleggja þekkingu, skilning og viðhorf nemenda og kennara til kynjajafnréttis fyrir og eftir innleiðing staðalsins (CEU, Central European University, e.d.). Löndin fengu styrk frá Evrópusambandinu til vinnunnar og frekari styrkur frá Erasmus Plus Funding stuðlaði að því að hægt var að búa til frumútgáfu staðalsins og styðja sex önnur lönd (Finnland, Austurríki, Slóvakíu, Pólland, Króatíu og Grikkland) til að aðlaga staðalinn að kröfum og samhengi hvers lands (DECSY, Development Education Centre South Yorkshire, e.d.). Jafnréttisstaðlarnir sem hafa verið þróaðir í löndunum níu er hægt að nota í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Lögð er áhersla á heildræna skólanálgun með þáttöku nemenda, kennara, skólastjórnenda, foreldra og samfélagsins í heild sinni (Gender Equality in Schools, e.d.).

Þess er vænst að verkefnið stuðli að aukinni þekkingu, skilningi og meðvitund um áhrif kynbundinna staðalímynda á náms- og starfsval ungs fólks. Þegar árs reynslutíma á jafnréttisstaðlinum er lokið er gert ráð fyrir að þáttökuskólar muni breyta og bæta stefnur og starfshætti er varðar kynjajafnrétti. Að breyta viðhorfum og hegðun er langtímaverkefni og því verður fylgst með og metið hvort skynjun nemenda á kynhlutverkum og skilningur þeirra á kynbundnum staðalímyndum breytist (CEU, Central European University, e.d.).

**Heildræn nálgun á öllum skólastigum.** Árið 2018 var sett af stað verkefnið *Gender Action* sem var þróað og stýrt af sérfræðingum frá Kings's College London, Institute of Physics, UCL

Institute of Education og Univeristy Council of Modern Languages í félagsskap við DECSY, GECM og European Union. Verkefninu er ætlað að breyta umhverfi leik-, grunn- og framhaldsskóla með því að leggja áherslu á að það sé ekki til staðar eðlislægur kynjamunur sem takmarki hagsmuni, getu eða metnað fólks. Verkefninu er ætlað að stuðla að og styðja við heilðræna nálgun skóla til að ögra ríkjandi staðalímyndum um kynin. Stutt er við kennara og skóla, iðkendur og leikskóla til að skapa jöfn kjör þar sem einstaklingar vinna saman að varanlegum menningarbreytingum. Áhersla er á að leik-, grunn- og framhaldsskólar hvetji ungt fólk til að vera einstaklingar og að þetta séu staðir þar sem nemendur hafa frjálst val, óháð kyngervi þeirra (genderaction, e.d.).

Rannsóknir hafa bent á að kynbundnar staðalímyndir og ómeðvituð skjekkja eru lykilþættir í því að takmarka val nemenda. Samþykki á staðalímyndum getur einnig stuðlað að menningu þar sem umburðarlyndi fyrir kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni nær fótfestu. Þá er bent á að staðalímyndir séu takmarkandi og endurspegli ekki alla heldur stuðli að einsleitri sýn á stúlkur og drengi og útiloki trans og kynsegin einstaklinga. Aftur á móti eru íhlutanir sem draga úr kynbundnum væntingum um hegðun og val líklegar til að bæta árangur drengja sem og þátttöku stúlkna. Með því að kljást við kynbundnar staðalímyndir í leik-, grunn og framhaldsskólum er staðalímyndum ögrað áður en þær festa sig í sessi og unnið er gegn neikvæðum áhrifum sem þær hafa á val barna og framtíð þeirra (genderaction, e.d.).

Ætlunin er að veita leik-, grunn- og framhaldsskólum í Bretlandi og á Írlandi sem vinna gegn áhrifum kynbundinna staðalímynda á náms- og starfsval nemenda viðurkenningu út frá fjórum þrepum: "stuðningsmaður" (e. *supporter*), "upphafsmaður/frumkvöðull" (e. *initiator*), "meistari" (e. *champion*) og "leiðarljós" (e. *beacon*). Fyrsta þrepið er eina stigið sem er gjaldfrjálst en þar skrá þátttakendur skólann og fylla út blað sem staðfestir stuðning skólustjórnanda á þátttöku þeirra. Fyrir þetta fá þátttakendur stuðningsviðurkenningu sem þeir geta notað á samfélagsmiðlum, á vefsíðu og í fréttabréfum (genderaction, e.d.).

Í öðru þrepinu er lögð áhersla á íhugun, mat og skipulagninu. Þrepið snýst um að meta núverandi stöðu, útlista forgangsröðun, taka upplýstar ákvarðanir, samráð milli aðila, setja sér raunhæf og framkvæmanleg markmið, íhuga hvernig á að mæla áhrif, að yfirstíga hindranir og festa niður tímaramma (genderaction, e.d.).

Þriðja þepið snýst um sex svið breytinga sem hafa verið þróuð með sérfræðingum í menntunar- og kynjafræðum. Fyrsta sviðið leggur áherslu á þátttöku og þekkingu allra á verkefninu. Annað sviðið dregur fram mikilvægi þess að rödd nemenda heyrst og að þau skilji og ögri kynjamisrétti og kynbundnum staðalímyndum. Þriðja sviðið leggur áherslu á að námskráin tryggi jöfn tækifæri og að nám sé óháð kynbundnum staðalímyndum. Fjórdá sviðið fjallar um að allir hafi hlutverk í að upplýsa nemendur um fjölbreytta valmöguleika án þess að draga fram kynjaðar væntingar. Fimmta sviðið leggur áherslu á mikilvægi samskipta innan og utan skóla, þar með talið nemendur, starfsfólk, foreldra/forráðamenn o.sfrv. Sjötta sviðið vekur athygli á því að mestu breytingarnar eigi sér stað ef allt skólasamfélagið vinnur saman. Að hafa foreldra/forráðamenn með í för frá byrjun getur hjálpað börnum og ungu fólki að ögra kynbundnu misrétti. Mikilvægt er að skólar einangrist ekki í vinnunni og lögð er áhersla á samtal og breytingu þvert yfir skóla (genderaction, e.d.).

Á fjórða þepinu komast skólar sem skara fram úr og styðjast við nýstárlegar aðferðir til að kljást við kynjamisrétti og óréttlæti. Hlutverk þeirra er að styðja aðra skóla og vera leiðarljós og sýna mælanleg áhrif (genderaction, e.d.).

**Konur í tölvunarfræði:** Árið 1995 voru flestir starfsmenn tölvunarfræðideildar Carnegie Mellon háskóla karlar. Deildin er hátt skrifuð og mikil samkeppni um að komast að í náminu en aðeins einn af hverju sex umsækjendum komast að. Árið 1995 voru konur aðeins 7% nýnema í grunnnámi í tölvunarfræði við skólann en í fjölda ára hafði hlutfall þeirra verið undir 10%. Þetta ár fengu tveir sérfræðingar verkefnastyrk til að rannsaka reynslu bæði kvenna og karla af tölvunarfræðinámi og til að hanna inngríp til að fjölga konum í náminu. Til að varpa ljósi á reynslu nemenda og skilning á sviðinu, áhuga og áhugaleysi voru tekin 230 viðtöl við nemendur, bæði konur og karla. Þar sem rannsakendur vildu skilja ákvörðum nemenda um að velja eða velja ekki tölvunarfræði tóku þau jafnframt viðtöl við bæði nemendur sem höfðu tölvunarfræði sem aðalgrein og sem höfðu það ekki. Af þessum 230 viðtölum voru 99 viðtöl við nemendur sem höfðu tölvunarfræði sem aðalgrein (þar af voru 51 kona og 48 karlar). Fylgst var með nemendum sem skráðu sig til náms árin 1995, 1996 og 1997. Þau sem skráðu sig árið 1995 var fylgst með í fjögur ár, en þrjú ár sem skráðu sig árið 1996 og tvö ár sem skráðu sig árið 1997. Með þessu gátu rannsakendur náð betur utan um upplifun nemenda af náminu. Einnig voru framkvæmdar þátttökuathuganir, lagðar fyrir spurningakannanir og óformleg viðtöl tekin við starfsfólk tölvunarfræðideildarinnar og

brautskráða nemendur. Haldnir voru umræðuhópar á netinu, dagbækur og rýnihópar (Fisher og Margolis, 2002).

Niðurstöður sýndu að hvatinn fyrir náminu var ólíkur hjá konum og körlum, konur höfðu minni reynslu af tölvuvinnslu en karlar, staðalímyndir um tölvunörda hafði meiri áhrif á viðhorf kvenna en karla og margar konur hættu í námi áður en þær komust á þriðja árið vegna þess að þær misstu áhugann. Í ljósi þessa lögðu rannsakendur áherslu á mikilvægi ákveðinna breytinga á menningu deildarinnar og námsskránni og að styðja við konur í tölvunarfræðinámi. Jafnframt að mikilvægt væri að brjóta niður staðalímyndina um karlkyns tölvunarfræðinemann og hakkarann og að kynna fyrir nemendum víðari sýn á náminu. Einnig sáu þau þörf á að tengja námið betur við raunverulegar og fjölbreyttar aðstæður og aðrar greinar sem og að ýta undir sjálfstraust kvenna sem höfðu minni reynslu af tölvuvinnslu. Góð samskipti við starfsfólk deildarinnar skipti þar miklu máli (Fisher og Margolis, 2002).

Þegar verkefnið hófst árið 1995 var hlutfall kvenna 7% en var komið í 42% árið 2000 sem var mun hærra en landsmeðaltalið á þeim tíma. Hluta af árangrinum má rekja til þess að konur voru hvattar til að sækja um, skrá sig og halda áfram og inntökustaðlar breyttust. Fyrri reynsla af tölvuvinnu var ekki lengur álitin forsenda árangurs og leitað var eftir fjölbreyttum eiginleikum og leiðtogaþæfileikum hjá nemendum sem sóttu um. Hlutfall kvenna sem lauk náminu jókst einnig og það dró úr brottfalli bæði karla og kvenna (Fisher og Margolis, 2002).

**Stelpur geta:** Verkefnið *NiñaSTEM Pueden* var sett af stað árið 2017 en það er sameiginlegt frumkvæði milli OECD og ríkisstjórnar Mexíkó. Verkefnið er einfalt og kostar lítið en hefur reynst árangursríkt til að vinna bug á neikvæðum staðalímyndum sem halda aftur af konum að sækja sér menntun í raunvísindum. Markmið verkefnisins er að fjölga stúlkum og ungum konum í STEM greinum og að ögra ríkjandi staðalímyndum um greinarnar. Lögð er áhersla á að sannfæra stúlkur að þær geti náð árangri í STEM greinum. Ólíkar raungreinar eru kynntar fyrir þátttakendum í verkefninu gegnum vinnustofur, ráðstefnu og stafrænt efni. Konur sem hafa náð árangri á þessu sviði gegna hlutverki leiðbeinenda fyrir stúlkur og hjálpa þeim að velja nám (OECD, 2021b). Verkefnisstjórar fengu 50 konur til að taka að sér slík hlutverk og þar á meðal Julieta Fierro, geimfara og rannsakanda, Dorothy Ruiz-Martinez, verkfræðing hjá NASA, Deborah Berebichez sem var fyrsta mexíkanska konan til að öðlast doktorsgráðu



frá Stanford háskóla. Þá gerði ríkissjónvarpið í Mexíkó kynningar til að hvetja stúlkur að sækja sér menntun í STEM greinum. Lögð er áhersla á að tengja betur við hvað hægt er að gera með menntunina. Í stað þess að spyrja hvort stelpurnar vilji verða verkfræðingar þá er spurt hvort þær vilji búa til vélmenni eða fara út í geim (Ramos, 2019).

Árið 2020 hafði verkefnið náð til 3200 stúlkna, 800 drengja, 270 kennara og 260 foreldra í tíu borgum í Mexíkó. Á fyrstu stigum COVID-19 studdu fyrirtæki framtakið með því að útvega stúlkum stafræn tæki og vettvang. Í ljósi þess hve vel verkefnið fór af stað var ákveðið að innleiða verkefnið að fullu í Mexíkó árið 2021. OECD og Mexíkó eru að skoða möguleikann á að víkka verkefnið til annarra landa í Suður-Ameríku eins og Síle, Kólumbíu, Perú og Kosta Ríka (Ramos, 2019).

**Talent Viewer.** VHTO (National Expert Organisation Girls/Women and Science/Technology) hefur unnið að því síðan 1983 að byggja upp þekkingu og reynslu á þátttöku stúlkna og kvenna á STEM sviðum og beita þekkingunni á sviðum eins og menntun. Próaðar hafa verið nálganir og verkfæri til að laða að fleiri konur í STEM greinar. VHTO byggist á þeirri hugmynd að fyrirmyndir séu mikilvægar til að brjóta niður kynbundnar staðalímyndir í STEM, til að styrrja sjálfsm myndir og til að öðlast tilfinningu um að tilheyra STEM sviðinu. Þar af leiðandi eru fengnar konur úr STEM greinum til liðs við hin ýmsu verkefni VHTO og er hlutverk þeirra m.a. að flytja fyrirlestra í grunnskólum (Jansen og Derksen, 2014).

VHTO og vísindasetrið NEMO í Amsterdam þróuðu og innleiddu verkefnið *Talent Viewer* í grunnskólum í Hollandi. Talent Viewer er skilgreint sem „pakki af persónulegum hæfileikum eða færni sem sem flýttir fyrir öflun sérþekkingar og bætir frammistöðu.“ Hæfileikar eru tengdir færni og eiginleikum einstaklinga og með því er reynt að skapa öruggt umhverfi fyrir alla nemendur. Verkefnið hófst í september 2011 og stóð fram í ágúst 2014 og miðaði að því að eyða staðalímyndum um STEM greinar og STEM hæfileika meðal 9-12 ára grunnskólabarna í Hollandi, foreldra þeirra og kennara. Markmið verkefnisins er að 1) veita breiðari og heildstæðari mynd af starfsgreinum á STEM sviði, 2) hvetja nemendur til að þróa persónulega færni sína frekar en það sem fellur að kynbundnum staðalímyndum, 3) gera nemendur, foreldra og kennara meðvitaða um kynbundnar staðalímyndir sínar um menntun og faggreinar á sviði STEM og 4) bjóða upp á fyrirmyndir. Verkefnið samanstóð af átta aðskildum kennslustundum sem hægt er að kenna sjálfstætt. Meira en 1700 grunnskólar


tóku þátt og fengu þeir tilbúna námskrá í verkefnamöppu sem inniheldur lýsingar á kennslustundum, vinnublöð og efni. Í verkefnamöppunni er listi yfir 42 mismunandi hæfileika eins og hæfileika tengda félags-sálfræðilegri færni (færni til samvinnu og að taka frumkvæði) og svokallaða STEM hæfileika eins og staðbundna hugsun, greiningarhæfileika og hæfni til að laga brotna hluti (Jansen og Derksen, 2014).

Nemendur fengu það hlutverk að búa til hæfileikakort fyrir nokkra aðra nemendur. Fyrir hvern meðlim í sínum hópi velja þeir hæfileika af hæfileikalistanum. Þeir skrifa útskýringu á þeim hæfileikum sem þeir hafa valið á spjald, afhenda hvor öðrum spilinn og fyrir hvern hópmeðlim ræða þeir hæfileikana á spilunum. Kennarinn gerir einnig hæfileikakort fyrir hvern nemanda í bekknum sínum og foreldrar eru beðnir um að gera slíkt hið sama fyrir börn sín. Nemendur og kennarar fengu kynningu á STEM starfsgreinum og nemendur reyndu að safna fjórum spilum sem einkenna eina starfsgrein. Fjórar tegundir korta eru: 1) starfslýsing, 2) hlutur sem þarf í starfinu 3) hæfileiki sem í starfinu og 4) faglegt markmið. Nemendur læra að þeir sem starfa í STEM greinum þurfa hæfileika ótengda STEM greinum eins og getuna til að vinna í hópum, hjálpa fólki, hanna og skapa. Lögð er áhersla á að þeir sem starfa á STEM sviði vinna ekki aðeins í iðngreinum heldur einnig á spítölum, í skólum, hjá stjórnvöldum o.s.frv. Slík þekking getur hjálpað nemendum, foreldrum þeirra og kennurum að sjá ný tækifæri í STEM námi (Jansen og Derksen, 2014).

Hlutverk foreldra var að ræða STEM hæfileikana við börnin og bekkirnir sem tóku þátt í verkefninu fengu einnig heimsókn frá konu sem starfar á vísinda- og tæknisviði. Það var svo í höndum kennara að meta verkefnið. Þeir voru jákvæðir gagnvart áhrifum Talent Viewer á að brjóta niður kynbundnar staðalímyndir tengdar STEM greinum. Þegar þeir voru beðnir um að meta hvort verkefnið stuðlaði að því að brjóta niður kynbundndar staðalímyndir á kvarðanum 1 (mjög lélegt) til 10 (mjög gott) gáfu 72% þeirra verkefninu 7 eða hærra. Kennarar voru einnig jákvæði gagnvart æfingunni með hæfileikakortin og gestafyrirlesturinn. Viðhorf nemenda til STEM greina var mælt áður en verkefnið hófst og eftir að því lauk og sýna niðurstöður að viðhorf þeirra tók breytingum á meðan verkefninu stóð. Ætlunin er að innleiða verkefnið í öllum skólum Hollands en árið 2014 var það nýtt í meira en 20% grunnskóla í Hollandi (Jansen og Derksen, 2014).

### 3.2 Fjölgun karla í leikskólakennaranámi

**Viðurkenningar.** Í Noregi hefur hlutfall karla í yngri barna kennslu aukist mikið en árið 1997 var sett af stað áttak til að fjölga körlum í leikskólum landsins og árið 1998 varð löglegt í Noregi að ráða karl í stað konu þegar hæfi umsækjenda var jöfn eða næstum jöfn. Á tímabilinu 2000-2010 var þróuð aðgerðaráætlun til að bregðast við aukinni þörf á starfsfólki í leikskólum. Þar var lögð fram áætlun um hvernig fjölga mætti körlum í leikskólum og var eitt af markmiðunum að draga úr kynjaskiptum vinnumarkaði. Sérstakar keppnir voru auglýstar þar sem leikskólar með að minnsta kosti 20% karla fengu viðurkenningu. Í herferðinni var einnig lögð áhersla á að ýta undir áhuga drengja á að sækja sér leikskólakennaramenntun og lögð áhersla á karla sem fyrirmyndir. Átakið hefur skilað sér í auknum fjölda karla í leikskólum Noregs sem hefur fimmfaldaðist frá árinu 1990, þegar þeir voru 1700, til ársins 2009 en þá voru þeir orðnir 8400. Síðan þá hefur fjöldi þeirra haldist í kringum 8000 (Nordic Information on Gender, 2019). Á mynd 65 má jafnframt sjá að fjöldi brautskráðra karla með BA gráðu í leikskólakennarafræðum hefur aukist til muna seinasta áratuginn, eða úr 9% 2010-2011 í 17% 2020-2021 (Statistic Norway, 2022).



**Mynd 65. Brautskráningar úr BA námi í leikskólakennarafræðum í Noregi 2010-2011 og 2020-2021.**

Bent er á að árangurinn í Noregi megi rekja til markvissrar viðleitni meðal yfirvalda á landsvísu til að stuðla að jafnara kynjahlutfalli starfsfólks í leikskólum (Nordic Information on Gender, 2019).

### 3.3 Kynjastig (e. *gender points*)

Í reglugerð um aðgang að háskólanámi í Noregi kemur fram að menntamálaráðuneytið megi í ákveðnum tilvikum veita því kyni sem hallar á eitt eða tvö auka stig við röðun umsókna (Government.no, 2011). Tilgangurinn er að reyna að fjölga konum í námsgreinum þar sem hallar á kyn þeirra. Kynjastig snúast um að senda þau skilaboð að það sé vilji til að hafa bæði konur og karla í námi (Gjengedal, 2019). Árið 2010 var ákveðið að konur fengju kynjastig í 139 námsleiðum, á meðan karlar fengu einungis kynjastig ef þeir voru í námi í dýralæknisfræði eða dýrahjúkrun (Ryste, 2010). Árið 2018 og 2019 bættust við sjö námsleiðir sem veita körlum auka stig við röðun umsókna (Reform, 2019). Meðal þeirra greina sem konur fengu kynjastig fyrir að skrá sig í er verkfræði en í kjölfar þessarar aðgerðar hefur hlutfall kvenna hækkað sem stunda nám á þessu sviði. Það hefur jafnframt komið fram að kynjastig fyrir karla í dýralæknisfræði hafa skilað hærra hlutfalli skráðra karla í námið. Aftur á móti vilja Norðmenn túlka árangurinn varlega þar til komin er meiri reynsla (Gjengedal, 2019).

### 3.4 Aðgerðir til að jafna tækifæri til náms

Fjöldmörg verkefnið hafa verið sett af stað með það markmið að stuðla að jöfnum tækifærum í námi. Hér verður fjallað um verkefni er leggja áherslu á samstarf milli skólastiga og sveigjanleika í námi og verkefni er lúta sérstaklega að efnahagslegri stöðu og uppruna nemenda.

#### 3.4.1 Sveigjanlegt námskerfi

Í finnska menntakerfinu er áhersla á jafnrétti, ókeypis menntun, aðgengi fyrir alla og símenntun og því hafa sveigjanlegar námsleiðir (e. *Flexible learning pathways*) verið hluti af stefnumótun í Finnlandi í meira en áratug. Ýmsar breytur skipta máli í þessu samhengi eins og aldur, efnahagur og uppruni. Til dæmis hefur eldri umsækjendum um nám fundist erfiðara að fá aðgang en þeim yngri. Þá eru nemendur úr efnameiri fjölskyldum líklegri til að velja bóknám en nemendur úr efnameinni fjölskyldum eru líklegri til að velja starfsnám. Hlutfall innflytjenda er mun lægra en hlutfall nemenda með engan erlendan bakgrunn,

svæðisbundinn aðgangur að virtum háskólum er misjafn og aðgengi fatlaðra getur verið takmarkað (Moitus, Weimer og Välimaa, 2020).

Síðan um aldamótin 2000 hefur verið unnið að því að stuðla að sveigjanlegu námskerfi með innleiðingu fjölbreyttra þátta. Þar má til dæmis nefna þriggja lotu gráðu (e. three-cycle degree), grunn-, meistara- og doktorsgráðu, uppsöfnunarkerfi (Accumulation System (ECTS)), skilgreiningar á hæfniviðmiðum og nemendamiðaðri kennslu og námsaðferðum. Þá ýta finnsk lög undir samvinnu milli framhalds- og háskólastigsins með því að leyfa framhaldsskólanemum að sækja ákveðin námskeið í háskólum. Fjármagn er einnig notað til að styðja betur við ferlið. Ásamt því að fá fjármagn fyrir brautskráða nemendur fá háskólar einnig fjármagn fyrir samstarf milli stofnanna og virkni nemenda (Moitus, Weimer og Välimaa, 2020). Á árunum 2017-2019 setti ríkisstjórn Finnlands af stað aðgerðaráætlun með það að markmiði að þróa háskólamenntun í landinu. Afrakstur þess eru 46 þróunarverkefni sem tengjast á einn eða annan hátt sveigjanlegum námsleiðum til háskólanáms (Moitus, Weimer og Välimaa, 2020). Eitt þessara verkefna er *TRY project*.

*TRY project*. Slakað hefur verið á aðgangskröfum í háskóla í Finnlandi (Ministry of Education and Culture, e.d.) en markmiðið er að þróa, prófa og koma á mismunandi leiðum til háskólanáms til viðbótar við inntökupróf og stúdentspróf. Á árunum 2018-2020 styrkti Mennta- og menningarmálaráðuneyti Finnlands (Ministry of Education and Culture of Finland) verkefnið *Alternative path to university* (TRY project, Toinen reitti yliopistoon á finnsku) en ellefu háskólar tóku þátt í verkefninu (Open University, 2021) og buðu upp á 34 námsgreinar á opinni námsleið (Moitus, Weimer og Välimaa, 2020). Engar aðgangskröfur voru í námskeiðin, þau voru tiltölulega ódýr og gefa nemendum tækifæri til að sameina nám við vinnu og aðrar skuldbindingar (OECD, 2021b). Stefnt var að því að endurskoða núverandi opnu háskólaleiðina þannig að aukinn fjöldi umsækjenda fengi inngöngu í háskólanám og að hægt væri að spá betur fyrir um inntökuskilyrði námsleiða. Þá var ætlunin að þróa námsleiðir fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og út frá þörfum atvinnulífsins. Auk þess átti að þróa leiðsagnar- og ráðgjafapjónustu fyrir þessar námsleiðir (Open University, 2021). Afrakstur verkefnisins er viðurkenning á góðum starfsvenjum í opnum námsleiðum og þróaðar hafa verið leiðbeiningar fyrir umsækjendur (Moitus, Weimer og Välimaa, 2020). Verkefnið stuðlaði að því að aukinn fjöldi nemenda skilaði sér í frekara nám (OECD, 2021b).

Opna námsleiðin hefur veitt nemendum sem annars hefðu kannski ekki sótt um nám í háskóla meiri sveigjanleika og annan kost en hefðbundin námsleið. Aftur á móti er þessi námsleið enn takmörkuð og ekki aðgengileg á öllum námssviðum og þá sérstaklega læknisfræði og kennaranámi (OECD, 2021b).

### 3.4.2 Samstarf milli skólastiga og meiri jöfnuður í menntun

Síðan 2010 hefur Duisburg-Essen háskóli tekið þátt í verkefninu *Chance hoch zwei* sem ætlað er að stuðla að meiri jöfnuði í menntun. Markmiðið er að veita ungu fólki sem kemur úr fjölskyldum þar sem engin reynsla er af háskólamenntun fjárhagslegan og félagslegan stuðning sem og að fjölga brautskráðum nemendum úr framhalds- og háskólum í þessum hópi. Verkefnið nær bæði til nemenda sem eru með innflytjendabakgrunn og þeirra sem hafa ekki slíkan bakgrunn. Leitast er eftir því að styðja nemendur á seinni árum þeirra í framhaldsskóla og þar til þau hafa lokið grunnnámi í háskóla (Universität Duisburg-Essen, e.d.).

Stuðningurinn er tvenns konar. Nemendur í framhaldsskóla geta fengið stuðning í formi mentora, í málstofum sem hæfa námsbraut þeirra og persónulegum þroska, með markþjálfun, þátttöku þeirra í háskóla- og kennsluviðburðum, viðbótarkennslu og einstaklingsráðgjöf vegna náms- og starfsvals. Leiðsögnin fer fram í litlum hópum af nemendum í Duisburg-Essen háskóla og þátttakendur fá einnig mánaðarlegn námsstyrk að upphæð 50 EUR. Ef þátttakendur ákveða að hefja nám í Duisburg-Essen háskóla eða Ruhr háskóla eftir að hafa lokið *Chanc hoch 2* í framhaldsskóla fá þau frekari stuðning í gegnum vinnustofur, prófundirbúning, persónulega ráðgjöf, einstaklingsráðgjöf og mánaðarlegan námsstyrk að upphæð 300 EUR (Universität Duisburg-Essen, e.d.).

Verkefnið hlaut Aurora Diversity Award árið 2017 sem viðurkenningu fyrir stuðning við einstaklinga sem koma úr fjölskyldum þar sem enginn reynsla er af háskólanámi (Universität Duisburg-Essen, 2017).

### 3.4.3 Efnahagsleg staða og uppruni barna og ungmenna

**Jákvæð mismunun.** Árið 2008 var sett á laggirnar stefna um að styðja fjárhagslega við grunnskóla í Helsinki sem eru með hærra hlutfall nemenda sem standa sig illa í námi. Með jákvæðri mismunun, sem hefur verið skilgreint sem „mismunun í hag hópum sem standa

höllum fæti“ (Málið.is, e.d.), átti að koma í veg fyrir félagslega útilokun (Silliman, 2017). Úrræðið byggir á menntunarstöðu og tekjustigi foreldra barna í þessum hópi og fjölda innflytjenda á svæðina (OECD, 2019). Fjármagnið fer fyrst og fremst í að ráða auka stuðning eins og aðstoðarfólk kennara og sálfræðinga. Rannsókn Silliman (2017) kannaði áhrif þessarar aðgerðar með því að skoða hvernig brottfall þróaðist á árunum 2000 til 2015 í skólum sem fengu fjárhagslegan stuðning og bera saman við skóla þar sem stuðningurinn var ekki til staðar. Niðurstöðurnar sýna að þessir viðbótarstyrkir höfðu jákvæð áhrif á námsmenn sem stóðu illa námslega. Hætta á brottfalli minnkaði um þrjú prósentustig fyrir námsmenn með engan erlendan bakgrunn og sex prósentustig fyrir innflytjendur. Áhrifin voru mest meðal drengja sem stóðu illa námslega og höfðu engan erlendan bakgrunn. Brottfall úr framhaldsskólum minnkaði um 30% hjá þessum hóp samanborið við 10% hjá drengjum með innflytjenda bakgrunn. Jafnframt minnkaði brottfall nemenda í hópi innflytjenda um fimmtung (Silliman, 2017), sem sýnir, að mati Silliman, að minniháttar fjárfesting eins og þessi getur haft mikil áhrif. Hann segir enn frekar að jákvæð mismunun eins og þessi sé áhrifarík leið til að berjast gegn félagslegri einangrun og til að aðstoða nemendur og þá sérstaklega innflytjendur til að aðlagast samfélaginu (VATT Institute for Economic Research, 2017).

Þess má geta að lagt er til að sérstakur ríkisstyrkur (styrkur til jákvæðrar mismununar sem er einnig kallaður jafnréttissjóður) fyrir leik- og grunnskóla verði skráður í lög um fjármögnun fræðslu- og menningarmála (Act on the Financing of Educational and Cultural Provision). Styrkurinn er miðaður að svæðum þar sem lágt hlutfall menntaðra íbúa er til staðar, mikið atvinnuleysi og hátt hlutfall af íbúum með erlendan bakgrunn. Markmiðið er að efla námsjafnrétti og draga úr misrétti í námi enda hefur fjárveiting í formi jákvæðrar mismununar í skólum jákvæð áhrif á námsframvindu nemenda. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi í byrjun árs 2023 (European Commission, e.d.).

**Jöfn tækifæri fyrir drengi og unga karla sem eru dökkir á hörund:** Árið 2014 var sett af stað átakið *My Brother's Keeper* í Bandaríkjunum undir ríkisstjórn Obama. Markmið átaksins var bregðast við viðvarandi skorti á tækifærum drengja og ungra karla sem eru dökkir á hörund og tryggja að þeir geti nýtt möguleika sína til fulls frá því þeir eru á leikskólaaldri og eru komnir út á vinnumarkaðinn. Um sex mánuðum eftir að átakinu var komið á fók setti Obama af stað samfélagslegu áskorunina *My Brother's Keeper Community Challenge* til að fá borgir,

bæi, þjóðflokka og sýslur til að setja af stað sínar eigin aðgerðaráætlanir. Um 250 samfélög í öllum ríkjum Bandaríkjanna hafa brugðist við áskoruninni og miklir fjármunir hafa safnast til að styðja við átakið. Í kjölfarið hefur verið unnið í innleiðingu stefnumótunar, styrkjaáætlanna og leiðbeininga til að tryggja að hvert barn hafi skýra leið til árangurs frá vöggu til háskólanáms og starfsferils. Stefnur eru aðgengilegar sem og starfshættir og verkefnið er skipulagt í kringum sex lykiláfanga í lífinu sem sýnt hefur verið fram á að spái fyrir um jákvæðar niðurstöður síðar á ævinni. Fyrsti áfanginn á að stuðla að því að börn séu tilbúinn til að læra þegar þau byrja í skóla. Í því felst að tryggja jöfn tækifæri barna með ólíkan bakgrunn til að dafna og að sjá til þess að þau séu vitsmunalega, líkamlega, félagslega og tilfinningalega undirbúin undir það að byrja í skóla. Annar áfanginn á að tryggja að drengir hafi náð lestrarviðmiðum í þriðja bekk. Sumarið 2015 var lagt af stað með herferð til að auka vitund fólks á mikilvægi lesturs og hvetja fjölskyldur, kennara og samfélög til að gera lestur að virkum þætti í lífi barns. Þriðji áfangi á að tryggja að þegar drengir útskrifast úr menntaskóla séu þeir tilbúin fyrir nám á háskólastigi og starfsferil. Fjórdi áfanginn á að stuðla að því að drengir ljúki framhaldsskólanámi eða þjálfun, fimmti áfanginn að þeir komist út á vinnumarkaðinn með góðum árangri og seinasta áfanganum er ætlað að draga úr ofbeldi og veita ungmennum sem taka þátt annað tækifæri (The White House, 2016).

Þá er það í höndum samfélaganna sjálfra að skrá jákvæðar breytingar og framfarir. Átakið heldur áfram með opinberum samstarfsaðilum og einkaaðilum með það að markmiði að draga úr hindrunum og auka tækifæri fyrir stráka og stelpur, unga karla og konur óháð bakgrunni eða aðstæðum þeirra (The White House, 2016).

**Aukin tækifæri fyrir flóttafólk<sup>35</sup> og hælisleitendur:** Árið 2016 var verkefninu

*Right2Education* hrint af stað í Amsterdam í samstarfi við stjórnarsýsluna í borginni.

Right2Education er samfélag sem leggur áherslu á jöfn tækifæri fyrir alla og að þættir eins og uppruni, kynþáttur, þjóðerni, bakgrunnur, kyngervi og kynhneigð eigi ekki að takmarka möguleika fólks á menntun. Samfélagið býður flóttafólki og hælisleitendum aðgengi að menntun í Amsterdam University College (AUC) þar sem þeir geta lært hollensku og ensku. Í

---

<sup>35</sup> Á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Ísland (e.d.) er flóttamaður skilgreindur sem „sá sem er utan við heimaland sitt og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum, eða stjórnmalaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands.“



AUC eru þeir ekki lengur flóttafólk heldur gestanemendur sem fá vottorð sem staðfestir hæfni þeirra ef þeir standast lokapróf (Right2Education, e.d.).

Þetta framtak snýst um að það sé ekki nóg að vera vitni að því sem kallast „flóttamannavandinn“ heldur þurfi að taka þátt, taka afstöðu og leggja sitt af mörkum í leit að jafnrétti og réttlæti. Right2Education eru óhagnaðar drifin samtök rekin af sjálfbóðaliðum og er kennslan sem boðið er upp á í höndum nemenda við AUC og kennara. Sem hluta af menntuninni er lögð áhersla á að bjóða upp á skipulagða félagslega viðburði eins og t.d. skauta og kvikmyndakvöld. Framtakið snýst um að byggja upp samfélag sem byggir á sameiginlegu umhverfi (Right2Education, e.d.).

Í fyrstu voru gestanemendur með stöðu flóttafólks en ákveðið var að víkka út valið á nemendum sem geta tekið þátt í náminu og allir sem hafa flóttamannabakgrunn geta sótt námið. Með þessu er reynt að tryggja að námskeiðin séu í boði fyrir alla sem þurfa á þeim að halda. Í nokkur ár hafa einhverjir gestanemendur verið formlega innlimaðir í AUC sem nemendur. Þetta eru gestanemar með góða enskukunnáttu sem geta þar af leiðandi sótt um í hefðbundnu umsóknarferli sem mögulegir AUC nemendur þurfa að fylgja. Með þessu verða gestanemendurnir einnig hæfir fyrir námsstyrki (Right2Education, e.d.).

Síðan verkefnið fór af stað í janúar 2016 hafa yfir 500 gestanemendur sótt menntun í AUC. Markmiðið er að bjóða upp á Right2Education í öðrum háskólum í Hollandi og mynda samstarf við aðra skóla (Right2Education, e.d.). Verkefnið fékk jafnréttisverðlaun Aurora árið 2017 (Amsterdam University College, 2019).

**Aukið aðgengi að tungumálanámi:** Haustið 2014 hófst samstarfsverkefni *Mammaforum* og nemenda og starfsfólks við deild sænsku sem annað tungumál í Gautaborgarháskóla um sænskukennslu fyrir nýlega aðfluttar konur til Svíþjóðar. Mammaforum er samkomustaður fyrir barnshafandi konur, nýbakaðar foreldra og börn þeirra í Bergsjön sem er úthverfi í Gautaborg. Markmið samstarfsverkefnisins er að veita fólki sem af ýmsum ástæðum getur ekki tekið þátt í hefðbundnum kennsluformum í sænsku aðgang að grunnnámi í tungumálum (Carlund og Tingsell, 2018; Göteborgs universitet, 2018). Einnig að innflytjendur læri sænsku á sama tíma og nemendur í deild sænsku sem annað tungumál æfi sig við kennslu (Carlund og Tingsell, 2018).

Hugmyndin að verkefninu kviknaði út frá þeim árangri sem starfsnám hefur haft í öðrum námsgreinum eins og lögfræði og læknisfræði. Reynslan af því sýnir að starfsnámið undirbýr nemendur bæði fyrir framtíðarstarf og nýtist þeim námslega. Málvísindafólk við Gautaborgarháskóla var sannfært um að þekking þeirra gæti nýst mörgum en að fjarlægðin milli rannsókna og kennslu innflytjenda væri mikil. Þeim var ljóst að koma mætti þekkingu þeirra betur til skila sem væri þeim til hagsbóta sem þurfa að læra sænsku til að komast út á vinnumarkaðinn og fá tækifæri til að tilheyra nýju samfélagi (Carlund og Tingsell, 2018).

Nemendur sem kenna í verkefninu eru í umsjón kennara við deildina sem hafa eftirlit og veita nauðsynlega þjálfun. Til að ná til fólksins var meðal annars leitað til Rauða krossins, á fæðingarheimili og stofnunarinnar sem rekur Mammaforum. Þeir nemendur sem höfðu áhuga á að taka þátt í verkefninu kenndu á Mammaforum tvisvar í viku og tóku þátt í að búa til kennsluáðferðir sem henta þátttakendum og aðstæðum þeirra. En aðstæður til kennslu voru stundum snúnar þar sem húsnæðið var ekki nógu stórt og konurnar áttu stundum erfitt með að stunda námið vegna t.d. veikinda barna sinna. Þá þurftu börnin pláss í kennslustundum og athygli og námsgeta kvennanna var misjöfn. Á meðan sumar þeirra voru hámenntaðar og töluðu ensku þá höfðu aðrar litla menntun og lesskilningur þeirra var takmarkaður (Carlund og Tingsell, 2018).

Með tímanum jókst þörfin fyrir fastari formi á rekstrinum og Mammaforum treysti á að þeim yrðu útvegaðir kennarar og í kjölfarið var gerð námskeiðsáætlun. Verkefnið hefur reynst kennaranemum bæði dýrmæt reynsla fyrir áframhaldandi störf og styrkt þá faglega séð (Carlund og Tingsell, 2018). Mammaforum verkefnið fékk jafnréttisverðlaun Aurora árið 2018 (Göteborgs universitet, 2018).

### 3.5 Samantekt og greining á því hvað hefur borið árangur

Eins og komið hefur fram hefur ýmislegt verið gert til að jafna kynjahlutfall í námi og störfum í löndunum í kringum okkur. Þau dæmi sem fjallað hefur verið um draga fram mikilvægi kynningarstarfs og sýnileika kynjanna í ólíkum störfum og menntun til að stuðla að jafnara námsvali kynjanna (sjá umfjöllun um Stelpur geta í kafla 3.1). Með slíkri nálgun er til að mynda unnið gegn staðalímyndum í STEM greinum og körlum fjölgað í leikskólum. Einnig

reyndist það mikilvægt að brjóta niður staðalímyndir, breyta ríkjandi menningu og kynna víðari sýn á tölvunarfræðinámi í Carnegie Mellon háskóla til að laða að fleiri konur í námið (sjá umfjöllun um Konur í tölvunarfræði í kafla 3.1). Umfjöllunin varpar ljósi á hvernig verkefni eins og *Gender Respect* þar sem lögð er áhersla á heildstæða nálgun til að vinna gegn staðalímyndum á öllum skólastigum hefur hjálpað börnum og ungmönnum að skilja, efast um og ögra kynjamsrétti og ofbeldi í nærumhverfi sínu og alþjóðlegu samhengi (sjá umfjöllun í kafla 3.1).

Þá hefur opin námsleið (sjá umfjöllun um *Try project* í kafla 3.4.1) með aðgengi að fjölmörgum ódýrum námskeiðum og engum aðgangskröfum gefist vel í Finnlandi. Þessi óhefðbundna námsleið og sveigjanleiki virðist laða að nemendum sem annars hefðu kannski ekki sótt um nám í háskóla. Jafnframt hefur aukinn fjöldi nemenda sem sótti námskeiðin skilaði sér í frekara nám.

Félagslegur, námslegur og fjárhagslegur stuðningur getur reynst efnaminni nemendum mikilvægur til að geta stundað nám. Félagsslegur stuðningur er jafnframt mikilvægur til að byggja upp samfélag þar sem flóttamenn og innflytjendur eru hluti af sameiginlegu umhverfi (sjá *Right2Education* og *Mammaforum* í kafla 3.4.3). Enn fremur er nauðsynlegt að hafa í huga að innflytjendur hafa ef til vill ekki sama stuðning og úrræði og aðrir eins og aðgengi að barnagæslu. Þar af leiðandi getur þurft að finna leiðir til að aðlaga námskeið að aðstæðum þeirra. Vert er að minnast á áhrif jákvæðrar mismununar (sjá kafla 3.4.3) á stöðu ungmenna í grunnskólum í Helsinki en úrræðið byggir á menntunarstöðu og tekjustigi foreldra þessara barna og fjölda innflytjenda á svæðina. Niðurstöðurnar sýna að þessir viðbótarstyrkir höfðu jákvæð áhrif á námsmenn sem stóðu illa námslega og drógu úr hættu á brottfalli bæði fyrir námsmenn með engan erlendan bakgrunn og fyrir innflytjendur. Áhrifin voru aftur á móti mest meðal drengja sem stóðu illa námslega og höfðu engan erlendan bakgrunn. Jákvæð mismunun eins og þessi virðist þannig vera áhrifarík leið til að berjast gegn félagslegri einangrun og aðstoða nemendum og þá sérstaklega innflytjendur til að aðlagast samfélaginu. Þá hefur verkefnið *Chance hoch zwei* (sjá kafla 3.4.2) stuðlað að meiri jöfnuði í menntun með því að styðja fjárhagslega og félagslega við ungmenni til að ljúka námi í framhaldsskóla og grunnnámi í háskóla. Umfjöllunin dregur fram mikilvægi þess að að leita leiða til að ná til nemenda sem koma úr fjölskyldum þar sem engin reynsla er af háskólamenntun og þá bæði nemenda sem eru með innflytjendabakgrunn og þeirra sem hafa ekki slíkan bakgrunn.

---

*Að lokum má benda á mikilvægi þess að fylgja verkefnum eftir sem sett eru á laggirnar því eins og kemur fram þá skiptir þrautseigja og markviss viðleitni miklu máli til að stuðla að frekari árangri. Niðurstöðurnar draga jafnframt fram mikilvægi þess að yfirvöld eða fyrirtæki styðji við verkefni sem sett eru af stað, meðal annars til að fjármagna kynningarstarf.*

---

## 4. Ítarlegar tillögur að aðgerðum og úrbótum á grundvelli samantektar

Hér verða kynntar tillögur að aðgerðum og úrbótum sem byggja á niðurstöðum samantektarinnar, fræðilegri umfjöllun og alþjóðlegum aðgerðum. Markmið tillaganna er að stuðla að heildrænum árangri í að vinna gegn kynbundnum staðalímyndum um nám og störf og jafna kynjahlutfall í háskólanámi og einstökum greinum með áherslu á fjölmennar greinar þar sem kynjahlutfall er mjög ójafnt. Jafnframt er lagt til að bæta stöðu nemenda með hliðsjón af uppruna þeirra og stéttarstöðu. Eins og komið hefur fram í skýrslunni er kynbundið námsval og brotthvarf drengja úr námi vandi sem þarf að skoða í samhengi við grunn- og framhaldsskólana. Nauðsynlegt er að taka tillit til þess í aðgerðum sem eiga að vinna gegn kynbundnum staðalímyndum um nám og störf og jafna kynjahlutfall í háskólanámi og einstökum greinum. Þar af leiðandi eru lagðar fram tillögur til aðgerða sem ná inn á öll skólastigin, þ.e. leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigið. Nýta þarf hið öfluga rannsóknarstarf og sérfræðiþekkingu sem er að finna innan háskólanna og háskólarnir þurfa að eiga frumkvæði að markvissu samtali við stjórnvöld, sveitarfélög, leik-, grunn- og framhaldsskóla um aðgerðir og úrbætur. Mikilvægt er að samfélagið sé tilbúið til að tryggja nauðsynleg úrræði eins og fjármagn fyrir frekari aðgerðir á þessu sviði.

**Kynjafræðimenntun.** Kynbundið náms- og starfsval hefur viðhaldist þrátt fyrir hinar fjölmörgu aðgerðir sem hefur verið ráðist í (sjá kafla 2). Konur eru í meirihluta þeirra sem útskrifast úr námi á framhalds- og háskólastigi en tækfæri þeirra til forystustarfa í atvinnulífinu eru takmörkuð. Þá er kynbundið ofbeldi og áreitni og kynferðisleg áreitni alvarlegt vandamál í samfélaginu. Í ljósi þessa er full ástæða til að **setja af stað aðgerðir til tryggja að kennaranemar, starfandi kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk í leik-, grunn og framhaldsskólum hafi aðgang að menntun í kynjafræðum. Jafnframt að huga að því að kynjafræði verði hluti af menntun leik-, grunn- og framhaldsskólanema.** Eins og komið hefur fram eru staðalímyndir takmarkandi og endurspeгла ekki alla. Þær stuðla að einsleitri sýn á stúlkur og drengi og útiloka t.d. trans og kynsegin nemendur (genderaction, e.d.), fatlaða nemendur og nemendur með erlendan bakgrunn. Þekking á samfélagslegum væntingum um kynhlutverk og á kynbundnum staðalímyndum og áhrifum þeirra á náms- og starfsval og tækifæri einstaklinga er þýðingarmikill þáttur í átt að jafnara samfélagi.

- Unnið hefur verið að því að hvetja háskóla til að innleiða kynjafræði í grunnám kennaranema í samstarfi við RannKyn, rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun við Háskóla Íslands (Þórdís Hadda Yngvadóttir, 2020). Tryggja þarf að innleiðingarferlið eigi sér stað og hvatt er til samstarfs við námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands. Einnig er lagt til að Menntavísindasvið HÍ, eins og gefast tækifæri til, hvetji nemendur af öllum kynjum og með ólíkan bakgrunn til að helga sig kennslu í kynjafræði á leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu.
- Starfandi kennurum hefur staðið til boða að sækja námskeið í kynjafræði (Þórdís Hadda Yngvadóttir, 2020). Hvatt er til að háskólarnir tryggi aðgang þessara kennara og annarra starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem ekki hafa þekkingu á jafnréttisfræði, að námi í kynjafræði. Sérstaklega er bent á diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði. Lagt er til að Háskóli Íslands (þ.e. Menntavísindasvið HÍ og námsbraut í kynjafræði) hvetji leik-, grunn- og framhaldsskóla í landinu til að 1) bjóða starfsfólki sem ekki hefur þekkingu á kynjafræði að sækja námskeið í HÍ og 2) setja sér markmið um að fjölga kennurum með slíka þekkingu. Til viðbótar er lagt til að Háskóli Íslands (Menntavísindasvið HÍ og námsbraut í kynjafræði) hvetji opinbera aðila (ríkisstjórn og sveitarfélög) til að auðvelda einstaka skólum til að taka frumkvæði í því að auka við þekkingu starfsfólks. Meðal annars með því að skoða hvort að hægt sé að útbúa aðgerð þessu tengt í næstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar í jafnréttismálum sem og samvinnu við stéttarfélög.
- Tryggja þarf að leiðbeinendur í leik-, grunn-, og framhaldsskólum fái fræðslu um jafnréttisfræði. Hvatt er til samstarfs milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og námsbrautar í kynjafræði við Háskóla Íslands til að skipuleggja slíka fræðslu fyrir leiðbeinendur. Hægt væri t.d. að nýta hugmynd Mammaforum verkefnisins (sjá kafla 3.4.3) og fara af stað með tilraunaverkefni þar sem kennaranemar taka að sér kennslu í jafnréttisfræðum. Það væri jafnframt kjörinn vettvantur til að þjálfa kennaranema í að kenna kynjafræði í skólum.
- Með því að efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins er grunnurinn lagður að því að þekking á jafnréttismálum sé til staðar innan skólanna til að skapa tækifæri fyrir alla eins og kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), Aðalnámskrá grunnskóla

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2013) og Aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012a). Til að nemendur hljóti kynjafræðimenntun við hæfi er jafnframt lagt til að háskólarnir hvetji stjórnvöld til að tryggja að kynjafræði verði hluti af menntun leik-, grunn- og framhaldsskólanema á Íslandi.

### **Unnið gegn kynbundnum staðalímyndum á öllum sviðum og á öllum skólastigum.**

Umfjöllunin ber þess merki að væntingar um kynhlutverk og kynbundnar staðalímyndir um störf hafi mikil áhrif á náms- og starfsval kynjanna. Þrátt fyrir opinberar aðgerðir og fjölmörg átaks- og hvatningarverkefni hefur takmarkaður árangur náðst í að jafna hlutfall kynjanna í leikskólakennaranámi, hjúkrunarfræði og í STEM greinum. Þá hefur kynbundið ofbeldi verið hluti af háskólasamfélaginu líkt og endurspegladist í #Metoo umræðunni árið 2017 (Birgir Olgeirsson og Tryggvi Páll Tryggvason, 2017) og neikvæð sýn á konur og þætti tengda kvenleika hefur einnig verið greind (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, 2011).

- Til að jafna kynjahlutföll í háskólanámi er mikilvægt að aðgerðir nái til allra skólastiga enda hefur komið skýrt fram að hugmyndir um kynhlutverk verða til löngu áður en fólk fer í háskólanám. Háskólarnir eru því hvattir til að fara í samtal við skólasamfélagið allt, stjórnvöld og sveitarfélög og skoða það að taka upp **heildstæða nálgun** sem nær til nemenda, kennara, stjórnenda og foreldra. Lagt er til að skólarnir reyni að finna leiðir til að hafa áhrif á væntingar um kynhlutverk og vinna gegn kynbundnum staðalímyndum á öllum sviðum og á öllum skólastigum að fyrirmynd verkefnanna Gender Respect og Gender Equality Charter Marks (GECM) (sjá kafla 3.1). Með slíkri vinnu væri hægt að takast á við kynbundnar staðalímyndir um náms- og starfsval og draga úr líkum á því að menning þar sem ríkir umburðarlyndi fyrir kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni nái fótfestu (sjá genderaction, e.d.; Griffin, 2016; CEU, Central European University, e.d.).
- Hægt væri að fara af stað með **tilraunaverkefni** í t.d. nokkrum leik-, grunn- og/eða framhaldsskólum að fyrirmynd Gender Respect og GECM en mikilvægt er að stjórnvöld tryggi fjármagn í slíkt verkefni.
- Tryggja þarf **stuðning og fræðslu** um kynja- og jafnréttisfræði til að stuðla að öflugri framþróun og jákvæðum árangri slíks verkefnis.

Hérna verða einnig lagðar fram tillögur til úrbóta tengdar einstökum greinum þar sem kynjahlutfall er mjög ójafnt.

**Vinna sérstaklega gegn kynbundnum staðalímyndum í hjúkrun.** Það hefur gengið hvað erfiðlegast að jafna kynjahlutfall nemenda í hjúkrun. Eins og gögnin sýna þá sækir hjúkrunarfræðin nýliðun nær eingöngu til kvenna á meðan hefðbundin karlastörf ná í meira mæli til beggja kynja. Nauðsynlegt er að bregðast við og vinna gegn kynbundnum staðalímyndum í hjúkrun til að tryggja að allir geti valið nám og störf við hæfi.

- Lagt er til að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fari af stað með **kynningarstarf** á hjúkrunarfræðináminu, t.d. í formi vefsíða og ímyndarherferðar innan grunn- og framhaldsskóla. Líkt og komið hefur fram er sýnileiki og kynningarstarf mikilvægur þáttur í að vinna gegn hugmyndum um kynhlutverk og kynbundnum staðalímyndum um nám og störf (sjá t.d. umfjöllun um verkefni *NiñaSTEM Pueden* og *Talent Viewer* í kafla 3.1). Þetta mætti t.d. gera með því að fá brautskráða hjúkrunarfræðinga og nemendur af öllum kynjum í hjúkrunarfræðinámi til að fara inn í grunn- og framhaldsskóla og kynna hjúkrunarfræðinámið.
- Hvatt er til að háskólarnir styðjist við nálgun Carnegie Mellon háskóla (sjá kafla 3.1) og rannsaki menninguna í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildinni og hvort það þurfi að breyta henni á einhvern hátt til að laða að nemendur af öllum kynjum. Jafnframt hvernig hægt er að styðja við karla í náminu, ýta undir sjálfstraust þeirra og að brjóta niður staðalímyndina um kvenkyns hjúkrunar- og ljósmóðurfræðinemann. Hægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir eins og þátttökuathuganir, spurningakannanir og óformleg viðtöl við starfsfólk deildanna sem og við brautskráða nemendur.
- Í ljósi þess hve takmarkaður árangur hefur verið af átaksverkefnum sem ráðist hefur verið í hingað til (sjá kafla 2.3.2) er lagt til að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fari í samfellt átak til næstu 20 ára til að jafna kynjahlutfall í hjúkrun og stuðla að árangri til lengri tíma.

**Vinna sérstaklega gegn kynbundnum staðalímyndum um leikskólakennaranámið.** Eins komið hefur fram hefur hlutur karla í leikskólakennaranámi aukist lítillega undanfarin ár sem má líklega að einhverju leyti rekja til átaks- og hvatningarverkefna og kynningarstarfs. En gera þarf enn betur og finna leiðir til að fjölga körlum í leikskólum.



- Lagt er til að háskólarnir fari af stað með **kynningarstarf** á leikskólakennaranáminu sem lið í því að vinna gegn hugmyndum um kynhlutverk og kynbundnum staðalímyndum um nám og störf (sjá t.d. umfjöllun um verkefni *NiñaSTEM Pueden* og Talent Viewer í kafla 3.1). Þetta mætti t.d. gera með því að fá brautskráða leikskólakennara sem og fólk af öllum kynjum í leikskólakennaranámi til að fara inn í grunn- og framhaldsskóla og kynna leikskólakennaranámið.
- Hvatt er til að háskólarnir styðjist við nálgun Carnegie Mellon háskóla (sjá kafla 3.1) og skoði menninguna í leikskólakennaranáminu og hvort það þurfi að breyta henni á einhvern hátt til að laða að nemendur af öllum kynjum. Jafnframt hvernig hægt er að styðja við karla í náminu, ýta undir sjálfstraust þeirra og að brjóta niður staðalímyndina um konur í leikskólakennslu. Hægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir eins og þátttökuathuganir, spurningakannanir og óformleg viðtöl við starfsfólk deildanna sem og við brautskráða nemendur.
- Í ljósi þess hve takmarkaður árangur hefur verið af átaksverkefnum sem ráðist hefur verið í hingað til (sjá kafla 2.3.2) er lagt til að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fari í samfelld áttak til næstu 20 ára til að jafna kynjahlutfall leikskólakennara og stuðla að árangri til lengri tíma.

**Vinna sérstaklega gegn kynbundnum staðalímyndum í STEM greinum.** Opinberar stefnur og fjölmörg átaks- og hvatningarverkefnum á STEM sviðum hafa vissulega stuðlað að auknu hlutfalli kvenna á þessum sviðum eins og gögnin sýna. Aftur á móti hallar en á konur og það er áskorun fyrir Ísland að bæta þátttöku kvenna og innritun í STEM greinar sem eru taldar mikilvægar fyrir vinnumarkaðinn (World Economic Forum, 2021). Þá er einnig mikilvægt fyrir skólana að skoða vel til hverra átaks- og hvatningarverkefnin ná. Þar sem ungmenni þurfa til að mynda að sækja viðburði í háskólana er óvíst að þau nái til allra eða að allir hafi tækifæri til að mæta. Hér þarf til dæmis að hafa í huga nemendur með erlendan bakgrunn, nemendur sem koma úr efnaminni fjölskyldum og fatlaða nemendur. Til að tryggja að átaks- og hvatningarverkefni nái til allra nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi er bent á tvær aðgerðir:

- Lagt til að háskólasamfélagið eigi frumkvæði að því að fara af stað með **kynningarstarf** á STEM greinum til að vinna gegn hugmyndum um kynhlutverk og

staðalímyndum um nám og störf (sjá t.d. umfjöllun um verkefni *NiñaSTEM Pueden* og Talent Viewer í kafla 3.1). Þetta mætti t.d. gera með því að fá brautskráða einstaklinga úr STEM greinum sem og fólk af öllum kynjum í námi á sviðinu til að fara inn í grunn- og framhaldsskóla og kynna STEM greinar.

- Lagt er til að háskólar styðjist við nálgun Carnegie Mellon háskóla (sjá kafla 3.1) og **rannsaki reynslu kvenna og karla af námi í STEM greinum og menningu deildanna**. Hægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir eins og þátttökuathuganir, spurningakannanir og óformleg viðtöl við starfsfólk deildanna sem og við brautskráða nemendur. Í ljósi umræðunnar um kynbundið ofbeldi í háskólum (Birgir Olgeirsson og Tryggvi Páll Tryggvason, 2017) og neikvæðrar sýnar á konur og þætti tengda kvenleika í STEM samfélaginu (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, 2011) væri einnig hægt að safna gögnum til að **varpa skýru ljósi á umfang kynbundins ofbeldis í STEM greinum**.

**Sveigjanlegt námskerfi.** Brottfall nemenda úr háskólanámi er töluvert og meira meðal fólks með erlendan bakgrunn en þeirra sem hafa ekki erlendan bakgrunn. Þá eru vísbendingar um að menntun foreldra og fjárhagsleg staða hafi áhrif á brottfall nemenda bæði í framhalds- og háskólum. Stuðla þarf að fjölbreyttari leiðum til háskólanáms og meiri sveigjanleika í námi til að styðja betur við nemendur sem standa hallari fæti í menntakerfinu.

- Háskólar eru hvattir til að skoða hvort **opnar leiðir til háskólanáms** í anda *TRY project* (sjá kafla 3.4.1) henti breiðum hópi nemenda sem annars sæki kannski ekki um nám í háskóla, t.d. efnaminni nemenda, nemenda með erlendan bakgrunn, fatlaðra nemenda og karla. Eins og kom fram í kafla 1.2 bjóða Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst upp á opið háskólanám / Símenntun þar sem fólk getur skráð sig í stök námskeið eða á námsbrautir til að efla þekkingu sína. Nemendur þurfa sjálfir að greiða fyrir námið sem það sækir sem getur hlaupið á tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. Þó svo einhverjir geti ef til vill sótt um styrki fyrir námið er ekki víst að allir hafi tækifæri til þess. Ódýr námskeið með engum inntökuskilyrðum þar sem gefst tækifæri til að sameina nám við vinnu og aðrar skuldbindingar líkt og boðið er upp á í *TRY project* gæti verið fyrsta skref fólks í átt að frekara námi og stuðlað að því að aukinn fjöldi nemenda skili sér í háskólanám. Ein

hugmynd væri að setja af stað tilraunaverkefni sem gæti jafnframt verið samstarfsverkefni tveggja eða fleiri háskóla.

**Stuðningur við efnaminni nemendur og samstarf milli skólastiga.** Eins og komið hefur fram sýna niðurstöður að menntun foreldra og fjárhagsleg staða hefur áhrif á brottfall nemenda bæði í framhalds- og háskólum. Minni líkur eru á brotthvarfi framhaldsskólanemenda því hærri sem menntun foreldra þeirra er og meiri líkur eru á námstöfum nemenda því minni sem menntun foreldra er. Jafnframt eru auknar líkur á brotthvarfi nemenda meðal þeirra sem eru í neðri hluta tekjudreifingar og einkum meðal þeirra sem eru í neðsta hlutanum (Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Þá er brottfallið hærra meðal háskólanemenda sem eiga foreldra sem hafa ekki lokið framhaldsskólanámi og meiri líkur eru á því að nemendur ljúki námi ef fjárhagsstaða þeirra og foreldra þeirra er góð (Nandeshwar, Menzies og Nelson, 2011). Þetta dregur fram mikilvægi þess að stuðla að meiri jöfnuði í menntun líkt og gert er í Chance hoch zwei verkefninu (sjá kafla 3.4.2) í Duisburg-Essen háskóla í Þýskalandi. Háskóli Íslands nýtir verkefnið nú þegar sem fyrirmynd eins og fram kemur í umræðunni um verkefnið Sprett (sjá kafla 2.3.2). Þar er lögð áhersla á að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar og auka fjölbreytni í nemendahópi Háskóla Íslands með því að styðja og undirbúa efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Chance hoch zwei verkefnið í Duisburg-Essen háskóla nær aftur á móti bæði til nemenda sem eru með innflytjendabakgrunn og þeirra sem hafa ekki slíkan bakgrunn og koma úr fjölskyldum þar sem engin reynsla er af háskólamenntun. Eftirfarandi aðgerð er lögð fram:

- **Meiri jöfnuður í menntun.** Háskólarnir eru hvattir til að ná til nemenda úr efnaminni fjölskyldum þar sem engin reynsla er af háskólamenntun að fyrirmynd Chance hoch zwei verkefnisins. Þannig getur háskólasamfélagið lagt sitt af mörkum til að draga úr líkum á brotthvarfi nemenda úr þessum hóp og stuðlað að jafnari tækifærum til menntunar. Slík aðgerð gæti aukið fjölbreytni í nemendahópnum og stutt við og undirbúið efnilega nemendur til háskólanáms sem koma úr efnaminni fjölskyldum.

**Stuðningur við nemendur með erlendan bakgrunn.** Líkt og komið hefur fram hefur fólk með erlendan bakgrunn á Íslandi fjölgað jafnt og þétt seinustu áratugi (Hagstofa Íslands, 2022e). Þá stendur heimurinn frammi fyrir nýrri stöðu með auknum fjölda flóttafólks en

fjöldi þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur fjölgað mikið m.a. vegna stríðsins í Úkraínu (sjá t.d. Útlendingastofnun, e.d.). Nýnemum í framhaldsskólum landsins sem hafa erlendan bakgrunn hefur fjölgað mikið seinustu árin (Hagstofa Íslands, 2022a) og hefur brotthvarf verið mun meira meðal nemenda með erlendan bakgrunn en meðal nemenda með engan erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2022a). Ein helsta orsök brotthvarfs úr framhaldsskólum er slakur námsárangur (Rumberger, 2011; Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022) og standa innflytjendur verr en nemendur sem hafa engan erlendan bakgrunn þegar kemur að lesskilningi (Menntamálastofnun, 2019). Í háskólunum hefur brotthvarf nemenda með erlendan bakgrunn einnig verið mun meira en meðal háskólanema með engan erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2019c). Stjórnvöld hafa brugðist við líkt og endurspeglast í stefnum í menntamálum á leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020a; Þingskjal nr. 1111/2020-2021; Þingskjal nr. 310/2020-2021) og Háskóli Íslands hefur farið af stað með verkefnið Sprett (sjá kafla 2.3.2). Í ljósi þess að einstaklingum með erlendan bakgrunn fer fjölgandi hér á landi er nauðsynlegt er að samfélagið bregðist enn frekar við og þarna eru háskólarnir hvattir til að grípa til aðgerða.

- **Stuðningur við nemendur með innflytjendabakgrunn og samstarf milli skólastiga.** Lagt er til að allt háskólasamfélagið hugi að því að styðja og undirbúa efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms að fyrirmynd Sprettis og Chance hoch zwei (sjá kafla 3.4.2). Með því geta fleiri háskólar en HÍ tekið þátt í því að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar og auka fjölbreytni í nemendahópum skólanna.
- **Aðgengi að grunnnámi í tungumálum.** Háskóli Íslands (og aðrir háskólar eins og gefst tækifæri til) er hvattur til að skoða hvort sænska verkefnið Mammaforum (sjá kafla 3.4.3) geti nýst sem fyrirmynd til að veita fólki sem af ýmsum ástæðum getur ekki tekið þátt í hefðbundnum kennsluformum á íslensku aðgang að grunnnámi í tungumálum. Sambærilegt verkefni gæti stuðlað að því að innflytjendur læri íslensku á sama tíma og kennaranemar í starfsnámi æfi sig í kennslu. Slíkt verkefni gæti aukið tækifæri innflytjenda í íslensku samfélagi og skapað dýrmæta reynslu fyrir kennaranema og stutt þá faglega.
- **Aðgengi að menntun í háskólunum fyrir flóttafólk og hælisleitendur.** Í ljósi breyttrar stöðu í samfélaginu og aukins fjölda flóttafólks og hælisleitenda er lagt til að

háskólarnir bregðist við með aðgerðum í anda verkefnisins Right2Education sem hrint var af stað árið 2016 í Amsterdam University College (sjá kafla 3.4.3) (Right2Education, e.d.). Háskólarnir eru hvattir til að nýta tækifærið, taka afstöðu og að bjóða flóttafólki og hælisleitendum aðgengi að menntun í háskólunum. Þannig geta skólarnir tekið þátt í því að skapa samfélag sem leggur áherslu á jöfn tækifæri fyrir alla og séð til þess að þættir eins uppruni, kynþáttur, þjóðerni, bakgrunnur, kyngervi, kynhneigð og kynvitund takmarki ekki möguleika fólks á menntun.

**Skráning og miðlun upplýsinga um nemendur með erlendan bakgrunn.** Lagt er til að háskólarnir fylgist með þróuninni á stöðu nemenda með erlendan bakgrunn. Til þess þarf að bæta skráningu og aðgengi að upplýsingum um nemendur með erlendan bakgrunn hjá öllum háskólunum, s.s. tölulegar upplýsingar um skráða nemendur eftir bakgrunni, sviði náms og kyni.

## Heimildaskrá

- Acker, J. (2006). Inequality regimes. Gender, class, and race in organizations. *Gender & Society*, 20(4), 441–464. <https://doi.org/10.1177/0891243206289499>
- Aguilar, S. J. og Baek, C. (2020). Sexual harassment in academe is underreported, especially by students in the life and physical sciences. *PLoS ONE*, 15(3), <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0230312>
- Alþingi. (e.d.). *Alþingismenn. Þingmenn og embætti*. Sótt af <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismenn/>
- Amsterdam University College. (2019). *Right2Education named second runner-up for Aurora Diversity and Equality Award*. Sótt af <https://www.auc.nl/shared-content/news/news/2019/11/right2education-named-second-runner-up-in-aurora-awards.html?cb>
- Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir. (2010). Þróun menntunar leikskólakennara. Í Ásmundur Örnólfsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir og Ingibjörg Kristleifsdóttir (Ritstjórar). *Spor í sögu stéttar. Félag leikskólakennara 60 ára* (bls. 13-15). Reykjavík: Skrudda ehf.
- Andri Rafn Ottesen og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2019). Eftirsóttasti minnihlutahópurinn? Fyrstu mánuðir fjögurra karla í grunnskólakennslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://ojs.hi.is/netla/article/view/2968/pdf>
- Auður Helgadóttir. (2021). *Ada: Hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni*. Sótt af <https://studentabladid.is/efni/2021/3/21/ada-hagsmunaflag-kvenna-upplýsingatækni>
- Bäckman, O. (2017). High school dropout, resource attainment, and criminal convictions. *Journal of research in crime and delinquency*, 54(5), 715–749. <https://doi.org/10.1177/0022427817697441>
- Bettinger, E. P. og Long, B. T. (2005). Do Faculty Serve as Role Models? The Impact of Instructor Gender on Female Students. *The American Economic Review*, 95(2), 152–157.

- Bian, L., Leslie, S.-J. og Cimpian, A. (2017). Gender stereotypes about intellectual ability emerge early and influence children's interests. *Science*, 355(6323), 389–391.
- Birgir Olgeirsson og Tryggvi Páll Tryggvason. (2017). Í skugga valdsins: Vísindakonur deila 106 sögum af áreitni og ofbeldi. *Visir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2017171139825/i-skugga-valdsins-visindakonur-deila-106-sogum-af-areitni-og-ofbeldi>
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. (1916). Alþýðu-barnafræðsla. *Kvennablaðið*, 22(7), 54–56. Sótt af <https://timarit.is/page/2224101#page/n5/mode/2up>
- Bryndís Kristjánsdóttir. (2002). Dagur hjúkrunarfræðideildar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 78(5), 324–325.
- Campbell, C. (2015). The socioeconomic consequences of dropping out of high school: Evidence from an analysis of siblings. *Social Science Research*, 51, 108–118. <http://dx.doi.org/10.1016/j.ssresearch.2014.12.011> 0049-089X/ 2015
- Carlund, C. og Tingsell, S. (2018). Studenter möter Mammaforum – ett undervisningsprojekt i lärarutbildningen. Í S. Johansson (Ritstj.), *Nyanländas språkinläring. Fem delstudier om nyanländas lärande i olika kontexter* (pp. 1-12). Göteborg: Institutionen för svenska språket vid Göteborgs universitet.
- Carroll, E., McCoy, S. og Mihut, G. (2022). Exploring cumulative disadvantages in early school leaving and planned post-school pathways among those identified with special educational needs in Irish primary schools. *British Educational Journal*, 48(6), 1065 – 1082. <https://doi.org/10.1002/berj.3815>
- CEU, Central European University, e.d.). *Developin whole school gender equality charter marks in order to overcome gender stereotyping in education across Europe (GECM)*. Sótt af <https://gender.ceu.edu/projects/developing-whole-school-gender-equality-charter-marks-order-overcome-gender-stereotyping>
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Crane, P. R., Swaringen, K. S., Rivas-Koehl, M. M., Foster, A. M. Le, T. H., Weiser, D. A. og Talley, A. E. (2022). Come out, get out: Relations among sexual minority identification,

